


**SIGRÚN MARÍA KRISTINSDÓTTIR**

*Fer á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna*

• á ferðinni • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

**GYLFI ÆGISSON**

*Þurfti að svæfa Sólmund Hólm*

Þrír kettir nefndir í höfuðið á ævisöguritara.

FÓLK 46







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

2. desember 2009 — 285. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Erótískt vetrarljóð**

Gerður Kristný orti ljóð um jólasveininn Ketkrók.

FÓLK 46



**Tiger sagður glaumgosi**

Blettur er fallinn á nánast flekklaust líf Tiger Woods besta kylfings í heimi.

FÓLK 34

**Upphafsár umbreytinga**

„Uppgjör, endurreisn og uppstokkun eru lykilorðin", skrifar Jóhanna Sigurðardóttir.

UMRÆÐA 20



**Áfram hjá Kiel**

Alfreð Gíslason hefur framlengt við Kiel og vonast til að vera þar til sextugs.

ÍÞRÓTTIR 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**Stormur NV-til í** kvöld. Í dag verða norðaustan 10-18 m/s, en hvessir NV- síðdegis. Víða snjókoma eða él en yfirleitt úrkomulítið SV-lands. Frost 0-5 stig, en rétt yfir frostmarki við S- og SA-ströndina.

VEÐUR 4

# Strandar á ríki og borg

**Lífeyrissjóðirnir eru tilbúnir með fjármagn í Suðurlandsveg og samgöngumiðstöð. Málin eru í biðstöðu vegna viðræðna um lóðaskipti ríkis og borgar og deilna stjórnarflokka um vegtoll á Suðurlandsvegi.**

**FRAMKVÆMDIR** Lífeyrissjóðirnir eru í startholum með fjármagn fyrir samgöngumiðstöð í Vatnsmýrinni og tvöföldun Suðurlandsvegar. Óleyst mál innan stjórnar og á milli stjórnar og borgar standa í vegi fyrir framkvæmdum.

Í stöðugleikasáttmálanum, sem undirritaður var í júní, er kveðið á um að ríkisstjórnin leiti til lífeyrissjóðanna til fjármögnunar stórframkvæmda. Þegar hefur verið samið um Landspítalann, en það er tugmilljarða króna verkefni.

Óljóst er hvað verður um samgöngumiðstöð, en eins og Fréttablaðið greindi frá hafa Kristján Möller samgönguráðherra og Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs Reykjavíkurborgar, ámálgað aflagningu þess verkefnis og byggingu lítillar flugstöðvar í staðinn. Ekki hefur þó verið látið af hugmyndum um miðstöðina.

Í fjármálaráðuneytinu hefur starfshópur verið í gangi um málið og er enn unnið að því þar. Þá eru í gangi viðræður á milli ríkis og borgar um makaskipti, þar sem lóðin sem nú er ætluð fyrir samgöngumiðstöð þykir ekki lengur henta. Þeim viðræðum er ekki lokið, en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að málið sé komið á nokkurn rekspöl.

Lífeyrissjóðirnir eru einnig reiðubúnir til að fjármagna tvöföldun Suðurlandsvegar. Óvíst er hvenær af þeirri framkvæmd verður. Þar greinir stjórnarflokkana á um vegtoll, en Vinstri grænir hafa hingað til lagst gegn honum. Á meðan það er óleyst verður ekki af framkvæmdum.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir hugmyndir um þessar framkvæmdir liggja fyrir. „Það eru einkum þessi tvö mál sem hafa verið uppi á borðinu. Þau eru í vinnslu hjá stjórnvöldum. Það stendur ekkert upp á okkur, við erum tilbúnir að setjast niður og semja, en stjórnvöld verða að klára sinn hluta."

Arnar segir viðskiptamódel fyrir samgöngumiðstöð liggja fyrir. Lífeyrissjóðirnir hafi enga skoðun á staðsetningu hennar, en séu tilbúnir með fjármagn. Þá þurfi ríkisstjórn að taka pólitíska ákvörðun um veggjald.

**- kóp**



**Á HÁLUM ÍS** Þessir ungu menntskælingar lögðu sig alla fram við knattiðkun á ísilagðri Tjörninni í gær. Þeir létu frostið ekki aftra sér frá því að spila í stuttbuxum og stuttermabol enda verður mönnum oft heitt í hamsi á vellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Hansson í útrás:

## Frímann semur við danska stöð

**FÓLK** Sjónvarpsþáttaröð um Frímann Gunnarsson hefur verið seld til danska ríkissjónvarpsins og verður væntanlega sýnd á DR 2 þegar fram líða stundir. Þetta staðfestir skapari Frímanns, Gunnar Hansson.



GUNNAR HANSSON

Sjónvarpsþættirnir fjalla um húmor á Norðurlöndunum og meðal þeirra sem koma fram eru Klovn-stjarnan Frank Hvam og Jón Gnarr.

Gunnar heimsótti einmitt Hvam á Jótlandi fyrir skemmstu þar sem þeir héldu undirbúningsfund fyrir þáttinn og fóru síðan á pöbbarölt.

„Við vildum ná honum á sviði með áhorfendum í sal og fórum að sjá alveg frábæra uppistandssýningu í Hortense á Jótlandi," segir Gunnar. „Við vorum svona aðeins að þreifa á hvor öðrum. Því þótt þetta sé alveg fyrirfram ákveðið þá er þetta líka spuni og við vorum svona aðeins að fikra okkur áfram."

**- fgg/****sjá síðu 46**




Uppsafnaður halli hækkar hagræðingarkröfu LHS um þrjú prósent á næsta ári:

## Borgar stórfé í dráttarvexti

**HEILBRIGÐISMÁL** Landspítalinn mun þurfa að greiða háar upphæðir í dráttarvexti á næsta ári, að mati Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans. Spítalinn greiðir 220 milljónir í dráttarvexti á þessu ári, aðallega af skuldum við birgja. Þær skuldir LSH hafa hækkað um tólf hundruð milljónir á þessu ári og telur Björn að stofnunin hefji næsta starfsár sitt með 2,8 milljarða króna skuldaklafa.

Hagræðingarkrafa á Landspítalann í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2010 hefur því hækkað um þrjú prósent. Hún er sex prósent í frumvarpinu, eða 1.965 milljónir, en spítalinn þarf að jafna uppsafnaðan halla ársins 2009 til viðbótar, alls 3,2 milljarða.

Gengisfall krónunnar, eða kostnaður við gengið umfram forsendur fjárlaga, er ástæða skuldasöfnunar LSH. Gengið kostaði LSH 2,1 milljarð árið 2008 og 900 milljónir til viðbótar í ár.

**- shá /** **sjá síðu 6.**






**SPURNING DAGSINS**



*Halldór, er þá ekki nóg að gera í frystihúsunum?*

„Að minnsta kosti í Stjórnarráðinu, sem er orðið stærsta frystihús landsins og virðist ekki ætla að linna látum fyrr en allt er frosið niður á botn.“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðar, segir ríkisstjórnina hafa fryst atvinnulífið.

Konan sem stakk fimm ára barn í Keflavík verður fjórar vikur enn í varðhaldi:

# Ákærð fyrir manndrápstilraun

**DÓMSMÁL** Ákæra hefur verið gefin út á hendur Selmu Guðnadóttur, 22 ára konu, sem stakk fimm ára barn í brjóstið í Keflavík í lok september síðastliðinn. Selma er ákærð fyrir tilraun til manndráps.

Selma bankaði upp á á heimili stúlkunnar og stakk hana í brjóstið með hníf þegar hún kom til dyra. Stúlkan hlaut áverka á þind og lifur og náði sárið inn undir neðri holæð neðan við hjarta hennar.

Selma var handtekin samdægurs. Hnífur, sem talið er að hún hafi notað við verknaðinn, fannst í ruslatunnu við heimili hennar. Hún játaði verknaðinn og var í kjölfarið gert að sæta geðrannsókn.

Þess er krafist að Selma verði dæmd til refsingar, en til vara að hún verði vistuð á viðeigandi stofnun.

Selma hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan hún var handtekin og var það í gær framlengt um fjórar vikur.

Ástæður árásarinnar eru ekki ljósar, en vitað er að foreldrar stúlkunnar höfðu kært Selmu fyrir eignaspjöll skömmu fyrir árásina. Hún hafði þá unnið skemmdir á mótorhjóli í eigu föðurins. - sh



**Á VETTVANGI** Lögregla hafði mikinn viðbúnað við húsið þegar fréttir bárust af ódæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skýrsla rannsóknarnefndar:

## Leynd á gögnum í áttatíu ár

**VIÐSKIPTI Allt að 80 ára leynd mun hvíla á viðkvæmum upplýsingum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur haft til meðferðar í tengslum við skýrslu um bankahrunið. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.**

**Um er ræða upplýsingar sem snerta launakjör einstaklinga og rekstur fyrirtækja. Í samtali við Stöð 2 sagði forseti Alþingis að þetta muni ekki rýra gildi skýrslunnar.**

**Rannsóknarnefnd Alþingis tók formlega til starfa um síðustu áramót en nefndinni er ætlað að rannsaka aðdraganda og orsakir bankahrunsins.**

Samstaða í borgarstjórn:

## Tillaga um flugvöll felld

**REYKJAVÍK Enginn borgarfulltrúi, fyrir utan Ólaf F. Magnússon á F-lista, vill að hafin verði vinna við nýtt skipulag Vatnsmýrarinnar, sem geri ráð fyrir því að flugvöllur verði þar áfram.**



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

**Tillaga Ólafs í þessa veru var felld í borgarstjórn í gær með fjórtán atkvæðum gegn einu.**

**Ólafur vill meðal annars að ný flugstöð verði reist í stað núverandi flugstöðvar, Umferðarmiðstöðin verði áfram á sínum stað og að fallið verði frá byggingu samgöngumiðstöðvar hjá Loftleiðum. Um þessi atriði hafa þó fulltrúar Sjálfstæðisflokks verið áhugasamir síðustu vikur.** - kóp

Sakaður um tvær árásir:

## Davíð Smári ákærður á ný

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur gefið út ákæru á hendur Davíð Smára Helenarsyni fyrir tvær líkamsárásir og eignaspjöll.

Davíð er gefið að sök að hafa slegið mann með krepptum hnefa í höfuðið á Hressingarskálanum í október í fyrra og jafnframt að hafa slegið framkvæmdastjóra skemmtistaðarins Strawberries í gagnaugað og brotið í honum andlitsbein. Þá er hann sakaður um að hafa brotið rúðu í eldhúsglugga heimahúss í mars.

Davíð hlaut sjö mánaða fangelsisdóm í desember í fyrra fyrir tvær líkamsárásir, annars vegar á dómara í utandeildarleik í fótbolta og hins vegar á knattspyrnumanninn Hannes Þ. Sigurðsson.

# Sýknuð af mansali en dæmd fyrir hórmang

**Catalina Ncogo var í gær dæmd í tveggja og hálfs árs fangelsi fyrir fíkniefnainnflutning og að gera út vændiskonur. Hún var sýknuð af ákæru um mansal.**

**DÓMSMÁL** Catalina Mikue Ncogo var í gær dæmd í tveggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir hórmang og innflutning á fíkniefnum. Catalina var hins vegar sýknuð af ákæru um mansal.

Catalina er ríflega þrítugur íslenskur ríkisborgari, ættuð frá Miðbaugs-Gíneu. Mansalsákæran, sú fyrsta á Íslandi, laut að því að hún hefði í fyrra blekkt samlöndu sína til landsins með loforði um frí og síðan haldið henni í kynlífsánauð mánuðum saman, svipt hana fötum og skilríkjum og síðan sett körlum aðgang að henni og hótað henni lífláti og líkamsmeiðingum ef hún væri með uppsteyt.

Catalina var hins vegar sýknuð af þessum ákærulið. Ekki þóttu nægar sannanir fyrir því að Catalina hefði hótað konunni og þannig haldið henni í gíslingu. Þar stóð orð gegn orði. Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp þess efnis að slíkar hótanir þurfi ekki að liggja fyrir til að um mansal teljist að ræða. Nóg sé að ljóst þyki að brotamaðurinn hafi nýtt sér bágar aðstæður þolandans.

Í þessu tilviki þótti framburður meints þolanda einnig ótrúverðugur og mótsagnakenndur. Kom meðal annars í ljós við aðalmeðferð málsins að konan hefði stundað vændi bæði áður en hún kom til landsins og eftir að hún losnaði úr meintri prísund Catalinu.

Catalina var hins vegar sakfelld af öðrum ákæruliðnum, sem laut að því að hún hefði haft viðurværi sitt af vændi annarra kvenna. Slíkur dómur hefur áður fallið á Íslandi.

Þrjár nafngreindar konur sökuðu hana um að hafa gert sig út, en í ákæru var einnig talað um aðrar ónafngreindar konur. Þótti dómnum sannað, í ljósi ýmissa fyrirliggjandi gagna, að vændisstarfsemin hafi verið umfangsmikil og að vændiskonurnar sem Catalina græddi á hefðu verið fjölmargar.

Catalina var einnig dæmd fyrir að skipuleggja innflutning á samtals um 400 grömmum af kókaíni, sem þrjú belgísk burðardýr smygluðu innvortis til landsins.

Þá var Finnur Bergmundsson, Íslendingur á fimmtugsaldri, dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að liðsinna Catalinu við vændisstarfsemina, meðal annars með því að taka myndir fyrir auglýsingavef.

Dómnum verður áfrýjað, að sögn lögmanns Catalinu, Sveins Andra Sveinssonar.

Catalina hefur sætt farbanni að undanförnu og var það í gær framlengt þar til áfrýjunarfrestur rennur út.

stigur@frettabladid.is



**ÓÁNÆGÐ MEÐ DÓMINN** Catalina er ósátt við dóminn og hefur ákveðið að áfrýja honum. Hún hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjóður lífeyrissjóðanna:

## Stofnfundi frestað í viku

**FJÁRFESTINGAR** Stofnun fjárfestingarsjóðs lífeyrissjóðanna hefur verið frestað um eina viku og verður stofnfundur haldinn þriðjudaginn 8. desember. Ástæða frestunar er að ekki hafa allir lífeyrissjóðir svarað því hvort þeir hyggist vera með í sjóðnum og hve háa upphæð þeir leggi til hans.



ARNAR SIGURMUNDSSON

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að hlutverk sjóðsins verði að fjárfesta í starfandi fyrirtækjum. Fyrst og fremst verður horft til hlutabréfakaupa í fyrirtækjum sem eru gjaldeyrissparandi og gjaldeyrisskapandi. Það verði þó sérfræðinga sjóðsins að ákvarða fjárfestingar. - kóp

Gagnrýna ríkisstjórnina:

## Ungliðar á móti orlofsskerðingu

**STJÓRNMÁL Ungliðahreyfingar Samfylkingar og Vinstri grænna eru andvígar boðuðum breytingum á fæðingarorlofi í þá veru að foreldrum verði gert að geyma einn mánuð orlofsins þar til barnið er tveggja eða þriggja ára.**

**Báðar hreyfingar sendu frá sér yfirlýsingu um málið í gær. Í þeim báðum er gagnrýnt að breytingarnar muni koma verst við einstæðar mæður, auk þess sem það sé andstætt tilmælum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar um sex mánaða brjóstagjöf að einstæð móðir geti ekki tekið samfellt sex mánaða orlof. Leita beri sparnaðarleiða annars staðar.** - sh






Trúnaðarmenn Landspítala á fundi með stéttarfélögum:

# Vaktir sagðar alltof fámennar

**HEILBRIGÐISMÁL** Vaktir á Landspítala – háskólasjúkrahúsi eru sagðar allt of fámennar, vinnuálagið hafi aukist mikið og millistjórnendum hafi á ákveðnum sviðum fjölgað meðan starfsmönnum á gólfinu hafi fækkað.

Þetta var meðal þess sem fram kom á fundi SFR-stéttarfélags, Starfsmannafélags Reykjavíkur, Sjúkraliðafélags Íslands og Eflingar á sameiginlegum fundi með trúnaðarmönnum félaganna á Landspítalanum í fyrradag. Þeir sögðu að í starfsumhverfi félagsmanna þessara félaga hafi orðið miklar breytingar að undanförnu og frekari breytingar séu boðaðar.

Markmiðið með fundinum var að fá upplýsingar beint frá trúnaðarmönnum um hvernig ástandið væri í þeirra vinnuumhverfi og hvað þeir sæju gerast í nánustu framtíð, að því er fram kemur í frétt frá BSRB. Trúnaðarmenn sögðu frá því að miklar skipulagsbreytingar hefðu átt sér stað víða á spítalanum.

Stéttarfélögin munu fylgjast vel með þróuninni á spítalanum og halda áfram samráðs- og samstarfsvettvangi félaganna, að því er fram kemur, því nauðsynlegt sé að leggja áherslu á að verja starfsumhverfi félagsmanna þessara félaga eins og kostur sé. - jss



**LANDSPÍTALI** Millistjórnendum hefur á ákveðnum sviðum fjölgað meðan starfsmönnum á gólfinu hefur fækkað, að sögn trúnaðarmanna.


NÝJAR VÖRUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI!
Sýnishorn af vörunum okkar
OKKAR FRAMLAG GEGN KREPPU
Dömuúlpa 7.990
Dömukápa 7.990
Dömupeysa 3.990
Barnaúlpa 7.490
Barnapeysa 2.990
Dömupeysa 7.990
Herrapeysa 7.990
Undirfatasett 3.990
Barnapeysa 5.490
Barna-flíssett 3.490
Herraúlpa 3 í 1 12.990
Herraskyrta 2.990
Fóðraðar regnbuxur 5.990
Barna regnbuxur 1.490
Barnagalli 5.990
Mikið úrval af smávöru
Regatta
GREAT OUTDOORS
Dömuúlpa 14.990
Barnaúlpa 8.490
Barnaúlpa 12.990
Dömuúlpa 17.990
Barnapeysa 7.990
Barnaúlpa 11.990
Dömuúlpa 12.990
Herraúlpa 17.990
Snjóbuxur 8.990
Barnasnjóbuxur 7.990
DARE 2b
Dúnúlpa 24.990
Dömu microflís 7.990
CRAGHOPPERS
Hjá okkur má skila og skipta
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

**GENGIÐ 01.12.2009**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 121,54 | 122,12 |
| Sterlingspund | 201,31 | 202,29 |
| Evra | 183,19 | 184,21 |
| Dönsk króna | 24,613 | 24,757 |
| Norsk króna | 21,560 | 21,686 |
| Sænsk króna | 17,557 | 17,659 |
| Japanskt jen | 1,3999 | 1,4081 |
| SDR | 195,79 | 196,95 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
235,2255

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Auðlind Náttúrusjóður heldur höfði þrátt fyrir kreppuna:

# Hektarinn á 20.000 krónur

**UMHVERFISMÁL** Einstaklingar eða fyrirtæki ættu að geta endurheimt einn hektara af framræstu votlendi í náttúru Íslands með því að leggja fram eitthvað á milli tuttugu til fjörutíu þúsund krónur í náttúrusjóðinn Auðlind.

Sjóðurinn var stofnaður fyrir ári og hélt upp á afmælið í gær. Lengi hafði staðið til að stofna sjóðinn og þegar loks var slegið til skall á kreppa, segir Salvör Jónsdóttir, formaður Auðlindar.

„Á tímabili komu upp vangaveltur um hvort rétt væri að gera þetta við þessar aðstæður en við ákváðum að fara af stað og nýta tímann til að byggja upp starfsemina,“ segir hún.

Að mörgu þurfi að huga. Það liggi til dæmis ekki endilega í augum uppi hvernig eigi að verðlauna fólk fyrir að stuðla að uppgangi arnarstofnsins.

Tilgangur Auðlindar er að „vernda þjóðararfinn sem felst í náttúru Íslands og stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúrunnar“, segir í tilkynningu. Þetta verður meðal annars gert með því að styrkja einstök verkefni næsta sumar.



**VIGDÍS FINNBOGADÓTTIR** Verndari Auðlindar hvatti fólk til árvekni í náttúruverndarmálum og flutti ljóð eftir Þorstein heitinn Gylfason. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vaxi sjóðnum fiskur um hrygg gæti hann líka keypt jarðir, sett á þær náttúruverndarskilyrði og svo selt þær aftur, en fyrirmynd er fyrir slíku erlendis frá, segir Salvör. **- kóþ**

Innrás með hulin andlit:

## Börðu með billjardkjuðum

**DÓMSMÁL Fjórir rúmlega tvítugir menn hafa verið ákærðir fyrir húsbrot og sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Þeim er gefið að sök að hafa að kvöldi laugardagsins 25. október í fyrra ruðst í heimildarleysi inn í íbúðarhús við Hverfisgötu 88 í Reykjavík. Þeir veittust að þremur mönnum sem voru þar innan dyra, skipuðu þeim að leggjast í gólfið, spörkuðu í þá, kýldu þá og slógu með billjardkjuðum ítrekað í höfuð þeirra og víðs vegar um líkama. Eitt fórnarlambanna krefst 400 þúsund króna í skaðabætur. Mennirnir eru allir af erlendum uppruna. - jss**

Ragnheiður Elín Árnadóttir:

## Vill vita allt um fundi ráðherra

**ALÞINGI** Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sjálfstæðisflokki, hefur krafið forsætis-, fjármála- og utanríkisráðherra um allar upplýsingar um fundi, samtöl og símtöl sem þeir, eða aðilar á þeirra vegum, hafa átt við erlenda aðila um Icesave-málið.



**RAGNHEIÐUR ELÍN ÁRNADÓTTIR**

Hún vill líka vita hvort og þá hvernig utanríkisþjónustunni hefur verið beitt til kynningar á málstað Íslendinga í Icesave. Ragnheiður Elín hefur ítrekað kallað eftir upplýsingum sem þessum á þingfundum en ekki fengið. Hefur hún því lagt fram formlegar fyrirspurnir. **- bþs**

**ALÞINGI**

### Jónas Þór í landsdóm

Alþingi kaus í gær Jónas Þór Guðmundsson lögfræðing sem varamann í landsdóm í stað Unnar Brár Konráðsdóttur alþingismanns. Jónas Þór var tilnefndur af Sjálfstæðisflokknum.

**MANNRÉTTINDAMÁL**

### Aðgerðir fyrir einstaklinga

Alison Hill, sérfræðingur frá höfuðstöðvum mannréttindasamtakanna Amnesty International, mun halda fyrirlestur í húsnæði Íslandsdeildar samtakanna í dag kl. 20. Þar mun hún fjalla um rannsóknir og aðgerðir Amnesty í þágu einstaklinga sem sæta mannréttindabrotum.

**DÓMSTÓLAR**

### Nautalundir og kynlífsegg

Kona á fertugsaldri hefur verið dæmd í níutíu daga fangelsi fyrir að stela tveimur nautalundum úr Hagkaupum og kynlífseggi úr versluninni Adam og Evu. Með þessu rauf hún skilorð.

# Obama boðar stríðslok innan þriggja ára

**Barack Obama stefnir að því að stríðinu í Afganistan verði lokið eftir þrjú ár. Hann kynnti þjóð sinni í gærkvöldi áætlun sína um mikla fjölgun hermanna í landinu, einungis níu dögum áður en hann tekur við friðarverðlaunum Nóbels.**

**WASHINGTON, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti stefnir að því að stríðinu í Afganistan verði lokið eftir þrjú ár. Fjölgun bandarískra hermanna í landinu um 30 til 35 þúsund á næstu sex mánuðum er liður í þeirri áætlun að gera endanlega út af við Al-Kaída-samtökin á skömmum tíma og koma á stöðugleika í landinu.



**BARACK OBAMA**

Forsetinn kynnti þjóð sinni í gærkvöldi fyrirætlanir sínar varðandi stríðið í ræðu sem sjónvarpað var á miðnætti að íslenskum tíma. Ræðan hafði ekki verið flutt þegar Fréttablaðið fór í prentun, en ýmsu af innihaldi hennar hafði verið lekið í fjölmiðla af embættismönnum úr Hvíta húsinu.

Meðal þess var að til stæði að hefja brottflutning herliðsins frá Afganistan í júlí árið 2011. Engin tiltekin dagsetning hefði hins vegar verið ákveðin fyrir stríðslok, þótt því eigi að vera lokið eftir þrjú ár.

Ákvörðunin hefur komið nokkuð á óvart. Annars vegar vegna þess hversu djarft það er af forsetanum að tilkynna um svo mikla fjölgun hermanna níu dögum áður en hann tekur við friðarverðlaunum Nóbels, og hins vegar vegna þess að talsmenn forsetans hafa til þessa sagt að minnst 12 til 18 mánuði taki að senda þennan liðsauka út. Nú skyndilega sé hins vegar stefnt að því að gera það á sex mánuðum.



**HEFUR KOSTAÐ MÖRG MANNSLÍF** Fjöldi hermanna hefur fallið í stríðinu og hafa síðustu mánuði verið einkar mannskæðir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þetta er í annað sinn frá valdatöku Obama sem hermönnum í Afganistan er fjölgað, og heyja nú um 70 þúsund bandarískir hermenn stríðið sem tekið hefur átta ár.

Fullyrt var í gær að Obama myndi í ræðunni einnig óska eftir auknum liðstyrk frá öðrum þjóðum Atlantshafsbandalagsins, alls fimm til tíu þúsund hermönnum, en 30 þúsund hermenn annarra þjóða eru þar nú þegar.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að Þjóðverjar væru ekki tilbúnir til að auka við 4.000 manna herafla sinn í landinu að svo stöddu.

Meðal þess sem Obama leggur mesta áherslu á í áætlun sinni er að fjölga afgönskum hermönnum og lögreglumönnum og flýta þjálfun þeirra. Þeim er ætlað að halda uppi lögum og reglum í landinu eftir að erlendir herir hverfa á brott. Nú er stefnt að því að 134 þúsund Afganar verði í herliði landsins og um 97 þúsund í lögregluliðinu, þótt þær tölur kunni að hækka.

Yfirmaður í afganska varnarmálaráðuneytinu sagði í gær að það takmark væri þó ekki nóg. Heraflinn þyrfti að vera minnst 240 þúsund manns.

stigur@frettabladid.is

Tveir ungir menn ákærðir:

## Misþyrmdu pari

**DÓMSMÁL** Tveir ungir menn, annar nítján ára og hinn tvítugur, hafa verið ákærðir fyrir grófa líkamsárás.

Þeim er gefið að sök að hafa í sumar sparkað margoft í höfuð og líkama liggjandi manns fyrir utan Sjallann á Akureyri. Síðan réðist með spörkum að unnustu mannsins þegar hún lagðist ofan á hann til að skýla honum fyrir spörkum árásarmannanna. Bæði fórnarlömbin hlutu verulega áverka. Þau gera bótakröfur á hendur mönnunum upp á samtals rúma milljón króna. Þá er yngri maðurinn einnig ákærður fyrir að slá mann í andlitið. Bótakrafa í því máli er á annað hundrað þúsund krónur. **- jss**



**SKAGASTRÖND** Jákvæð eiginfjárstaða bitnar á Skagstrendingum.

Óánægja á Skagaströnd:

## Ekkert aukalegt jöfnunargjald

**SVEITARSTJÓRNIR Skagaströnd fær ekki krónu af þúsund milljóna króna aukaframlagi úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga og sveitarstjórnin mótmælir aðferðafræðinni sem notuð var við úthlutunina.**

**„Sveitarstjórn mótmælir því að þeir sem hafa reynt að standa með ábyrgum hætti að rekstri sínum í erfiðu umhverfi þurfi að takast á við þá niðurstöðu sem felst í úthlutun aukaframlagsins,“ segir sveitarstjórnin. Skagaströnd fékk hins vegar 7,2 milljónir af 1.241 milljón króna sem eytt var í tekjujöfnunarframlag. - gar**




**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**LEIÐINDAVEÐUR**
Það hlýnar heldur á landinu í dag, víðast vægt frost en frostlaust við suðurströndina. Talsverð úrkoma verður víða um land í dag, einkum norðaustanlands, og veður mun versna norðvestanlands síðdegis en búist er við stormi þar í kvöld.



**Á MORGUN**
Strekkingur NV- og V-til, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 19° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 3° |
| Billund | 3° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 4° |
| Gautaborg | 4° |
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Las Palmas | 22° |
| London | 11° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 12° |
| Orlando | 28° |
| Ósló | -2° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁎ arionbanki.is

# Nýtt *upphaf* með breyttu eignarhaldi

Nú hefur verið tilkynnt að kröfuhafar Kaupþings hafi eignast 87% hlut í Arion banka. 13% verða áfram í eigu ríkisins. Ákvörðun kröfuhafa sýnir að þeir meta rekstur bankans traustan og hafa trú á framtíð hans og íslensks efnahagslífs.

Samkomulag um eignarhald bankans felur í sér að kröfuhafar leggja fram 66 milljarða kr. eigið fé í stað ríkisins. Þetta skilar sér í minni lánsfjárþörf íslenska ríkisins og þar með lægri álögum á landsmenn.

Í krafti tengsla við erlenda kröfuhafa getur Arion banki aukið tiltrú erlendra aðila á íslenskan fjármálamarkað og verið í forystu við uppbyggingu efnahagslífsins.

Arion banki heyrir áfram að öllu leyti undir íslensk lög og íslenskar eftirlitsstofnanir.

Arion banki stendur á traustum grunni, hefur á að skipa hæfu starfsfólki með mikla þekkingu og er velgengni bankans samofin hagsmunum kröfuhafa.

Það er markmið okkar hjá Arion banka að byggja upp öflugan banka, vinna með og fyrir fólkið í landinu. Með nýju eignarhaldi getum við beitt okkur af fullum krafti að endurreisn og uppbyggingu íslensks efnahagslífs. Með fagmennsku, framsækni, ábyrgð og umhyggju að leiðarljósi setjum við viðskiptavini okkar í fyrsta sæti.

Nánari upplýsingar má finna á vef bankans: ***arionbanki.is***

*Nýtt eignarhald*




*Í stuttu máli:*

- Kröfuhafar eignast 87% í Arion banka
- Kröfuhafar leggja fram 66 milljarða króna
- Breytt eignarhald styrkir bankann
- Hagsmunir bankans og kröfuhafa fara saman
- Bankinn stendur á traustum grunni

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 48331

**KJÖRKASSINN**



*Er kjör nýs oddvita Framsóknar í Reykjavík merki um nýja tíma í stjórnmálum?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,5 |
| Nei | 64,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú draga úr Icesave-kröfunum ef þú værir í sporum Breta og Hollendinga?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

vísir

21 frambjóðandi til Alþingis hefur ekki skilað fjárhagsuppgjöri:

# Óvíst hvenær fólk verður kært

**STJÓRNMÁL** Hjá Ríkisendurskoðun hefur ekki verið ákveðið hvenær þeir frambjóðendur til síðustu alþingiskosninga, sem trassa að skila inn lögbundnum fjárhagsupplýsingum vegna framboðsins, verða kærðir til lögreglu. Samkvæmt lögum um fjármál stjórnmálasamtaka gætu frambjóðendurnir átt allt að sex ára fangelsi yfir höfði sér. En þetta er í fyrsta skipti sem upplýsinganna er krafist.

„Við sendum frambjóðendunum hvatningu innan tíðar og sjáum svo til hvað gerist,“ segir Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun.

Nú á 21 frambjóðandi af 371 eftir að skila inn upplýsingum til Ríkisendurskoðunar.



**EFTIRSÓTTUR VINNUSTAÐUR** Frambjóðendur í síðustu alþingiskosningum höfðu frest til 25. október til að skila inn fjárhagslegum upplýsingum vegna framboðsins. Þá áttu tæplega hundrað af 371 eftir að skila inn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þrír úr Frjálslynda flokknum eiga eftir að skila, þeir Guðjón Arnar Kristjánsson, Guðni Halldórsson og Sigurður Ó. Hallgrímsson.

Úr Samfylkingu Pétur Tyrfingsson.

Sjö úr Sjálfstæðisflokki: Árni Árnason, Árni Johnsen, Bergþór Ólason, Haukur Þór Hauksson, Kjartan Þ. Ólafsson, Sigurlaug Hanna Leifsdóttir og Þórður Guðjónsson.

Flestir skussarnir eru úr VG, tíu talsins: Heimir Björn Janusarson, Hörður Þórisson, Jósep B. Helgason, Paul Nikolov, Sigurður Ingvi Björnsson, Sigurjón Einarsson, Trausti Aðalsteinsson, Úlfur Björnsson, Þorsteinn Bergsson og Þorvaldur Þorvaldsson. - kóþ

Karlmaður á fimmtugsaldri:

# Sveik út vörur fyrir milljónir

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið dæmdur í tíu mánaða fangelsi, þar af sjö á skilorði, fyrir að svíkja út varning úr verslunum fyrir á fimmtu milljón króna. Maðurinn sveik út vörur með því að framvísa beiðnum um úttektir á vöru, sem hann hafði falsað.

Þannig náði hann að svíkja út vörur að verðmæti alls 4.825.966 milljónir króna sem skuldfærðar voru á viðskiptareikning fyrirtækjanna. Hann reyndi einnig að svíkja út vörur að verðmæti 1.895.000 krónur með framvísun falsaðs skjals. Einkum var um að ræða tölvur, sjónvörp og slíkt. - jss






# Dráttarvextir næsta árs yfir 400 milljónir

**Landspítalinn getur ekki gert upp við birgja eftir að laun hafa verið greidd. Uppsafnaður halli er áætlaður 2,8 milljarðar. Ef forsendur breytast ekki mun Landspítalinn því greiða yfir 400 milljónir í dráttarvexti árið 2010.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Allt útlit er fyrir að Landspítalinn hefji næsta starfsár sitt með neikvæðan höfuðstól sem nemur 2,8 milljörðum króna. Þetta þýðir mikinn fórnarkostnað. Bara dráttarvextir af ógreiddum skuldum gæti numið nokkur hundruð milljónum.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, útskýrir að um uppsafnaðan halla sé að ræða, aðallega skuldir við birgja. Bara gengistapið hafi verið 2,1 milljarður árið 2008 en milljarður hafi komið inn í rekst-urinn með fjáraukalögum á móti. „Þegar allt er talið enduðum við svo síðasta ár með 1,620 milljónir í mínus. Við höfum þurft að borga háa dráttarvexti. Eftir launagreiðslur höfum við ekki getað gert upp við birgjana sem selja okkur lyf og aðrar rekstrarvörur. Í ár stefnir í að mínusinn verði tólf hundruð milljónir til viðbótar. Uppsafnaður halli verður því 2,8 milljarðar króna eins og þetta lítur út núna.“

Gengistap Landspítalans er 900 milljónir króna í ár til viðbótar við 2,1 milljarð í fyrra. Því væri rekstur spítalans á pari ef ekki kæmi til fórnarkostnaður veikrar krónu. Björn segir að fjárhagsáætlanagerð verði að skoðast í þessu ljósi.

Björn treystir sér ekki til að meta hversu háa upphæð spítalinn þarf að greiða vegna uppsafnaðra skulda á næsta ári. Til þess séu óvissuþættir of margir. Hins vegar greiðir spítalinn um 220 milljónir á þessu ári í dráttarvexti. Fljótt reiknað gæti sú upphæð nálgast 400 milljónir að óbreyttum forsendum. „Það verður há upphæð en þangað til á síðasta ári fékk stofnunin jafnan afslátt af dráttarvöxtum frá birgjum. En staða fyrirtækjanna er með þeim hætti núna að um það er ekki að ræða lengur.“



**ERFITT ÁR** Björn Zoëga, starfandi forstjóri LSH, og Hulda Gunnlaugsdóttir, sem er í árs leyfi, héldu starfsmannafund vegna niðurskurðar í apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Eftir launagreiðslur höfum við ekki getað gert upp við birgjana sem selja okkur lyf og aðrar rekstrarvörur.
>
> **BJÖRN ZOËGA** FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

Vegna þess hversu mikil áhrif gengissveiflur hafa haft á rekstur spítalans ákvað heilbrigðisráðuneytið, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, að spítalanum bæri ekki að jafna uppsafnaðan halla ársins í ár. Hins vegar metur Björn stöðuna fyrir næsta ár með þeim hætti að hagræðingarkrafan á spítalann hafi hækkað úr sex prósentum samkvæmt fjárlagafrumvarpinu í níu prósent. Þar vísar hann til 1.965 milljóna kröfu fjárlaga ásamt tólf hundruð milljóna halla ársins í ár. Björn telur það raunhæft markmið að ná hagræðingu sem nemur 3,2 milljörðum. „En það er alveg ljóst að það kemur niður á þjónustu, það sjá það allir.“

svavar@frettabladid.is






Tólf hafa greinst með HIV á Íslandi það sem af er árinu:

# Smitaðir Íslendingar sprautufíklar

**HEILBRIGÐISMÁL** Tólf manns hafa greinst með HIV það sem af er árinu. Af þeim eru fjórir karlmenn og átta konur. Enginn hefur greinst með alnæmi, lokastig sjúkdómsins.

Af þeim sem greinst hafa á árinu eru fjórir Íslendingar, allt konur á aldrinum 17 til 48 ára. Þær hafa allar sögu um fíkniefnaneyslu með sprautunotkun í æð. Hin átta sem greinst hafa með HIV-smit eru af erlendu bergi brotin og telj-ast hafa smitast með kynmökum. Enginn samkynhneigður hefur greinst með smit á árinu.

Sóttvarnalæknir segir það sérstakt áhyggjuefni að þeir Íslendingar sem greinst hafa á árinu neyti fíkniefna með því að sprauta sig í æð. Fram til þessa hafi slík fíkniefnaneysla oftast ekki verið áberandi smitleið fyrir HIV en rétt þyki að vara við henni.

Samkvæmt upplýsingum Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, hefur dregið úr nýju smiti af völdum HIV um sautján prósent á heimsvísu á undanförnum átta árum. Árangurinn má þakka greiðari aðgangi að meðferð, umönnun og forvörnum gegn HIV. - jss



**SPRAUTUFÍKLAR** Sóttvarnalæknir varar við HIV-smiti af völdum fíkniefnaneyslu í æð.



HOUSE
2
C.S.I. MIAMI
4
30 ROCK
6
NURSE JACKIE
8
LIPSTICK JUNGLE
10
KITCHEN NIGHTMARES
12
UNITED STATES OF TARA
14
LOST IN TRANS-LATION
16
THE AVIATOR
18
FINDING NEVERLAND
20
LOVE ACTUALLY
22
TOP GEAR
24
Jólavinir þínir í ár
Glæsilegasta jóladagskrá SkjásEins frá upphafi.
Vertu með okkur um jólin!
Pantaðu áskrift að SkjáEinum
• Á vefsíðunni www.skjarinn.is
• Í síma 800 7000 eða 1414
• Í verslunum Símans eða Vodafone
SKJÁREINN
Næstum því ókeypis

FRÁBÆRLEGA UNNIN ÆVISAGA




Ævisaga Runólfs Sveinssonar sandgræðslustjóra og Valgerðar Halldórsdóttur eftir Friðrik G. Olgeirsson.

Glæsileg bók um merka frumkvöðla.

SKRUDDA
Eyjarslóð 9 – 101 Reykjavík
s. 552 8866 – skrudda@skrudda.is
www.skrudda.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Segir helstu fyrirheit leikskólaráðs svikin

**Fulltrúi foreldra segir að þau þrjú fyrirheit sem formaður leikskólaráðs gaf foreldrum í maí hafi nú öll verið svikin. Þá átti að verja grunnþjónustu, störf og gjaldskrár. „Ég stend fast á því að við höfum varið þessa þætti," segir formaður.**

**MENNTUN** Formaður leikskólaráðs sagði í bréfi í maí að hann hefði, í samræmi við aðgerðaáætlun borgarinnar, lagt megináherslu á að standa vörð um grunnþjónustu, störf og gjaldskrár, í áætlunum um niðurskurð hjá leikskólum.

„Þetta hefur allt verið svikið," segir Edda Björk Þórðardóttir, úr starfshópi foreldra sem mótmælir niðurskurði á leikskólum.

Í bréfi formannsins, Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur, voru helstu fyrirhugaðar hagræðingaraðgerðir reifaðar. Þær voru til dæmis ódýrari innkaup og ræstingar.

Síðan hafa foreldrar komist að því að engin opinber skilgreining sé til á grunnþjónustu. Það hefur núverandi formaður leikskólaráðs staðfest hér í blaðinu.

Svo hefur stöðugildum verið fækkað og gjaldskrá hækkuð fyrir vistun umfram átta tíma, segir Edda Björk. Ekki sé hægt að standa vörð um innihaldslaust hugtak: „Það var ekkert hæft í þeirri fullyrðingu," segir hún. Í næsta atriði, um að verja störfin, hafi víst verið skorið niður:

„Aðstoðarleikskólastjórum á tveggja til þriggja deilda leikskólum, sem gæti verið um helmingur skólanna, hefur verið sagt upp. Stöðugildum deildar-, verkefna- og sérkennslustjóra hefur víða verið sagt upp. Hver á að sinna þeirra hlutverki?" spyr Edda Björk.

Gjaldskráin, síðasta atriðið, var hækkuð 1. ágúst, þegar leikskólaráð samþykkti að „lækka framlag leikskólasviðs Reykjavíkurborgar vegna vistunar barna umfram átta klukkustundir á dag" eins og segir í fundargerð. Hækkunin var samþykkt í sama mánuði og bréfið fór til foreldra.

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem nú er í fæðingarorlofi frá starfi formanns ráðsins, segist hafa staðið við sitt.

„Ég stend fast á því að ég hafi staðið við þetta. Við höfum farið yfir það í borgarstjórn að átta tímarnir séu grunnþjónustan og þess vegna er gjaldskrármálið utan þess," segir hún.

Um störfin segir Þorbjörg: „Það voru of margir á hverjum leikskóla komnir í stjórnunarstöðu. Það er ekki verið að segja þeim upp heldur hefur starfsheitum verið sagt upp. Þetta hefur ekkert verið svikið."

klemens@frettabladid.is

## ENDURSKOÐA ÁÆTLUNINA

Fundi foreldra og fulltrúa leikskólaráðs og leikskólasviðs borgarinnar, sem átti að vera í dag, 2. desember, hefur verið frestað fram í næstu viku, eða þar til fjárhagsáætlun hefur verið rædd í borgarráði.

Þetta mun gert í ljósi þess að rekstur borgarinnar á árinu hafi komið betur út en ráð var gert fyrir. Verið sé að endurskoða fjárhagsáætlunina.


ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR
EDDA BJÖRK ÞÓRÐARDÓTTIR




# SEX SJÓNVÖRP TIL JÓLA

## GLÆSILEG JÓLATILBOÐ Á HÁGÆÐA SJÓNVÖRPUM

Panasonic

*Verð: 249.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 189.995 kr.**

AFSLÁTTUR 60.000

## 42" Panasonic Plasma HD Ready TH-P42X10

*Einstakt jólatilboð á glæsilegu HD Ready plasma sjónvarpi með 1024x768 punkta upplausn, 100Hz Double Scan, SD minniskortalesara og 3 x HDMI tengi.*

LG

*Verð: 229.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 199.995 kr.**

AFSLÁTTUR 30.000

### 42" LG Full HD LCD 42LF2500

*Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080 punkta upplausn og Dual XD Engine sem gefur myndinni meiri skerpu og dýpri liti.*

PALLADINE

*Verð: 299.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 249.995 kr.**

AFSLÁTTUR 50.000

### Palladine 47" LCD EPT4751MD

*Glæsilegt Full HD LCD tæki með 1920x1080 punkta upplausn og íslensku valmyndarkerfi.*

LG

*Verð: 249.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 209.995 kr.**

AFSLÁTTUR 40.000

### 42" LG Plasma HD Ready 42PQ3500

*HD Ready plasma sjónvarp með 1024x768 punkta upplausn, 600Hz og stafrænum móttakara. 1 ms viðbragðstími, USB tengi með Mp3, JPEG og DivX stuðningi. 3 x HDMI.*

Panasonic

*Verð: 299.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 249.995 kr.**

AFSLÁTTUR 50.000

### 37" Panasonic Full HD LCD TX-L37G10E

*LCD sjónvarp frá Panasonic með frábærum myndgæðum. 1920x1080 punkta upplausn, 100Hz tækni og V-Real Pro 4 myndúrvinnsla.*

Panasonic

*Verð: 549.995 kr. stgr.*

**JÓLATILBOÐ 449.995 kr.**

AFSLÁTTUR 100.000

### 50" Panasonic Plasma Full HD TX-P50G10E

*Eitt öflugasta tækið frá Panasonic með hvorki meira né minna en 600 riðum sem skila enn mýkri og betri mynd. Frábært tæki á frábæru verði.*

Hátækni

**Opið:** virka daga 9.30–18 | Laugardaga 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 92093

# Mikilvægum þætti endurreisnar að ljúka

**Kröfuhafar eignast 87 prósent í Arion banka og ríkið 13 prósent samkvæmt samkomulagi sem kynnt var í gær. Ríkið fær endurgreidda 66 milljarða af 72 milljarða framlagi í eigið fé bankans. Bankinn fær víkjandi lán frá ríkinu.**

**VIÐSKIPTI** „Ég fagna þessari niðurstöðu og tel mikilvægt að málið sé komið í höfn,“ sagði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra þegar í gær var kynnt samkomulag ríkisins og skilanefndar Kaupþing um framtíðareignarhald á Arion banka (sem áður nefndist Nýja-Kaupþing). „Samkomulagið er hagstætt fyrir báða aðila,“ bætti hann við.

Samkvæmt samkomulaginu eignast kröfuhafar Kaupþings 87 prósenta hlutafjár í Arion banka, en ríkið 13 prósent. Þá leggur skilanefndin fram 66 milljarða króna í stað ríkisins og endirgreiðir þá upphæð af þeim 72 milljörðum króna sem ríkið hafði lagt bankanum til í eigið fé. Fram kom í máli Steingríms á fundinum í gær að með þessu samkomulagi væri ljóst að ríkið sparaði sér mikla fjárbindingu og kostnað með því að hafa nú náð samkomulagi um framtíðareignarhald tveggja af þremur stærstu viðskiptabönkunum. „Þetta er mikilvægur þáttur í endurreisninni sem hér á sér stað,“ sagði Steingrímur og upplýsti um leið að viðræður um Landsbankann stæðu nú yfir í Lundúnum. Hann sagði ráð fyrir því gert að endurskipulagning bankanna verði um garð gengin fyrir áramót.



**Í ARION BANKA** Steinar Þór Guðgeirsson, formaður skilanefndar Kaupþings banka, og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynntu samkomulag ríkisins og skilanefndarinnar um framtíðareignarhald á Arion banka á blaðamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í sameiginlegri tilkynningu kemur fram að skilanefnd Kaupþings telji að virkt eignarhald í Arion banka muni hámarka verðmæti þeirra eigna sem fluttar voru á milli bankanna í október 2008.

Skilanefnd Kaupþings skipar fjóra stjórnarmenn í nýja stjórn Arion banka og ríkið einn, en bankinn verður sjálfstætt starfandi dótturfélag Kaupþings. Hlutafé er rúmlega 72 milljarðar króna og eiginfjárþáttur A er 12 prósent, samkvæmt tilkynningu. Í samkomulaginu við ríkið felst einnig að ríkið leggi Arion banka til víkjandi lán í erlendri mynt sem hækki eiginfjárgrunn hans í 16 prósent.

Skilanefndin og ríkið skrifuðu í byrjun september undir samninga sem fólu í sér tvo möguleika fyrir skilanefnina, annars vegar að fara þá leið sem nú hefur verið farin og hins vegar að taka ekki þátt í fjármögnun bankans, en eiga þess í stað virkan kauprétt að hlutafé á árunum 2011 til 2015.

Samkomulag skilanefndarinnar og ríkisins er háð samþykki Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins. Ný stjórn bankans verður skipuð þegar samþykki þeirra liggur fyrir. **olikr@frettabladid.is**

## AUGLÝSA EFTIR NÝJUM BANKASTJÓRA

Arion banki auglýsir á næstu dögum stöðu bankastjóra lausa til umsóknar. Bankinn er fyrstur stóru viðskiptabankanna til að gera það. „Ráðningarsamningur Finns Sveinbjörnssonar bankastjóra er tímabundinn og rennur út næstkomandi áramót.



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON**

Skilanefnd Kaupþings banka og Bankasýsla ríkisins hafa verið meðvituð um þetta í samningaviðræðum undangenginna mánaða,“ segir í tilkynningu bankans. Finnur tilkynnti stjórn Arion banka og skilanefndinni að hann sæktist ekki eftir starfinu að loknum ráðningartímanum. Í tilkynningu bankans er eftir honum haft að alla tíð hafi legið fyrir að verkefnið væri tímabundið og nú þegar „langþráð niðurstaða“ væri fengin um framtíðareignarhald bankans væri eðlilegt að nýr bankastjóri yrði ráðinn. Í spjalli við blaðið upplýsti Finnur að óráðið væri hvað við tæki hjá honum eftir áramót. **-óká**

## HAFA HUG Á SPARISJÓÐUM

Ríkið kann að óska eftir að kaupa sparisjóði í eigu Arion banka, falli slík kaup að endurskipulagningu sparisjóðakerfis landsins. Þetta kom fram í máli Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra þegar í gær var kynnt samkomulag við skilanefnd Kaupþings um eignarhald á Arion banka. Steingrímur segir að hugmyndir í þessa veru hafi verið ræddar við skilanefndina og bankann, en ef af þeim yrði þá færu þau kaup fram á viðskiptalegum grunni. „En það liggur fyrir áhugi ríkisins að eiga á þessu kost,“ sagði Steingrímur. **- óká**





SIEMENS

Heimilistæki, stór og smá, ljós og símar í miklu úrvali.

Líttu inn og gerðu góð kaup. Við tökum vel á móti þér.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Hvernig fæ ég tölvupóstinn í farsímann minn?

– Örnámskeið fyrir starfsfólk fyrirtækja 2. desember –

Fyrirtækjaþjónusta Hátækni býður upp á röð örnámskeiða í vetur. Fyrsta námskeiðið – *Tölvupóstur í farsímann* – verður haldið í verslun Hátækni **miðvikudaginn 2. desember kl. 12**. Kennd verður uppsetning á tölvupósti í helstu gerðum Nokia og HTC farsíma. Farið verður m.a. yfir Microsoft Exchange, Lotus Notes og POP netþjóna.

Skráning á www.hataekni.is/ornamskeid.
Takmarkaður fjöldi þátttakenda.
Námskeiðið er ókeypis.




PIPAR\TBWA • SÍA • 91757

Hátækni

Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími: 522 3000 | www.hataekni.is



Jóhann Ólafsson & Co




SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

- 80% orkusparnaður
- 6-20x lengri líftími
- Umhverfisvænar
- Fjölbreytt úrval



SJÁÐU HEIMINN Í NÝJU LJÓSI OSRAM






Veturinn er kominn til að vera!

Frábært úrval af dekkjum, dekkjahótel og betri þjónusta

Þú færð skjóta og góða hjólbarðaþjónustu hjá N1. Við bjóðum upp á eitt mesta úrval landsins af hjólbörðum og geymum sumardekkin á dekkjahóteli fyrir þá sem vilja.
**Renndu við hjá okkur þegar þér hentar, við tökum vel á móti þér!**

**Hjólbarðaþjónusta N1 er á eftirtöldum stöðum:**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Bíldshöfða 2 | Reykjavík | sími 440 1318 | Langatanga 1a | Mosfellsbæ | sími 440 1378 |
| Réttarhálsi 2 | Reykjavík | sími 440 1326 | Reykjavíkurvegi 56 | Hafnarfirði | sími 440 1374 |
| Fellsmúla 24 | Reykjavík | sími 440 1322 | Dalbraut 14 | Akranesi | sími 440 1394 |
| Ægisíðu 102 | Reykjavík | sími 440 1320 | Grænásbraut 552 | Reykjanesbæ | sími 440 1372 |



MICHELIN COOPERTIRES

WWW.N1.IS

# Til hamingju, Helgi!






**Jöklar á Íslandi** er mikið rit byggt á áratugarannsóknum Helga Björnssonar og samstarfsmanna hans við Háskóla Íslands og víðar. Bókin lýsir jöklum þessa lands og sambúð þjóðarinnar við þá frá upphafi byggðar til okkar daga, hvernig jöklar hafa mótað landið og eytt. Bókin rekur sögu þekkingaröflunar og skilnings á jöklum frá því fyrst var farið að rannsaka þá fram til nútímarannsókna. Rakin eru spor löngu horfinna jökulbreiða, hulunni svipt af landinu undir jöklum Íslands og greint frá líklegri framtíð þeirra.

Bókin er búin fjölbreytilegu myndefni, ljósmyndum, skýringarmyndum, landakortum, gervihnattamyndum og þrívíðum kortum af landslagi undir jöklum.

**Sjón er sögu ríkari.**

opna

Bókaútgáfan Opna - Skipholti 50b - 105 Reykjavík - sími 578 9080 - www.opna.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA


**ELSTAR** Kínversku tvíburasysturnar Cao Daqiao og Cao Xiaoqiao eru sagðar elstu tvíburar í heimi, fæddar árið 1905 og því 104 ára gamlar. NORDICPHOTOS/AFP

Hjónin Tarek og Michaele Salahi sem mættu í boð í Hvíta húsinu:

# Segjast ekki hafa verið boðflennur

**BANDARÍKIN** Hjónin sem skutu upp kollinum í kvöldverðarboði í Hvíta húsinu í síðustu viku sögðust í sjónvarpsviðtali alls ekki hafa verið boðflennur. Tarek Salahi og kona hans, Michaele, heilsuðu þar upp á Barack Obama forseta, Joe Biden varaforseta og fleiri háttsetta menn og konur í ríkisstjórninni.

Í þættinum Today Show á NBC-sjónvarpsstöðinni sögðu hjónin að eftirmál heimsóknar þeirra í Hvíta húsið væri það skelfilegasta sem fyrir þau hefði komið. Þau fullyrtu að þau hefðu alls ekki verið boðflennur.

Þau sögðu enn fremur að þau hefðu veitt lífvarðasveit Hvíta hússins allar þær upplýsingar sem beðið hefði verið um og að sannleikurinn myndi brátt koma í ljós.

Robert Gibbs, blaðafulltrúi Hvíta hússins, sagði aftur á móti í samtali við CNN-fréttastofuna að Salahi-hjónin hefðu ekki verið á gestalistanum. „Ef þú ert ekki á gestalista en mætir samt í samkvæmi, þá ertu boðflenna samkvæmt mínum bókum,“ sagði Gibbs.

Hugsanlega hafa Salahi-hjónin nú tekið þennan pól í hæðina þar sem líklegt er að þau verði kærð fyrir athæfið, sem getur bæði kostað þau umtalsverðar fjárhæðir og jafnvel fangelsi. - ót


**TAREK OG MICHAELE SALAHI** Hjónin mættu óboðin í hóf í Hvíta húsinu og birtu myndir af því á samskiptavefnum Facebook.

Engin desemberuppbót:

# Atvinnulausir fá ekki uppbót

**VINNUMARKAÐUR Atvinnulausir fá enga desemberuppbót úr atvinnuleysistryggingasjóði í ár frekar en fyrri ár. Þetta áréttar Vinnumálastofnun á vefsíðu sinni vegna fyrirspurna sem borist hafa stofnuninni. Greiðslur verða því með hefðbundnu sniði þessi mánaðamót.**

**Vinnumálastofnun greiddi í gær út 1,84 milljarða króna í atvinnuleysistryggingar fyrir nóvember til um 14.100 einstaklinga. Fyrir októbermánuð voru alls greiddir út 1,82 milljarðar, en þá til ögn fleiri einstaklinga, eða 14.231.**
- sh


## Gróðurljós

Díóðu gróðurljós sem henta í plönturækt innanhús.
90W ljós sem lýsir t.d. 16 m2 í 2 metra hæð.
Mjög ódýrt í rekstri og er hentugt fyrir öll vaxtastig plöntunnar.
Stærð 27 x 6 cm.
Líftími ljóss allt að 50.000 klst.



Matjurtir
Krydd
Blóm
Salat
o.fl.

Verð 39.900

ENSO Faxafen 10 s: 517 3800







Velferðarsjóður barna:

# Þorbjörn fékk 3,5 milljónir

**SAMFÉLAG** Velferðarsjóður barna afhenti Þorbirni Jenssyni, forstöðumanni Fjölsmiðjunnar, verðlaunagrip og 3,5 milljóna króna ávísun í gær.


**ÞORBJÖRN JENSSON**

Þetta voru verðlaun fyrir „ómetanlegt starf í þágu barna“, eins og segir í tilkynningu frá sjóðnum.

Í Fjölsmiðjunni er ungt fólk þjálfað fyrir almennan vinnumarkað og hafa um fjögur hundruð nemendur notið góðs af.

Íslensk erfðagreining stofnaði Velferðarsjóðinn árið 2000 og hafa um 600 milljónir farið til ýmissa verkefna síðan. Sjóðurinn úthlutar 160 milljónum í ár. - kóþ

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Þorskur og ýsa hækkar

Á fundi úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum þorski, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seldur til skyldra aðila, um fimm prósent. Þá var ákveðið að hækka verð á slægðri og óslægðri ýsu um tíu prósent. Verð á karfa var hækkað um fimm prósent. Verð þetta gildir frá 1. desember 2009.


**Á RÁÐSTEFNU Í HR** Tryggvi Björgvinsson, formaður FSFÍ, og Eric F. Salzman, stofnandi og stjórnarmaður hjá Creative Commons. Stefnt er að því að fyrstu „almennu hugverkaréttarleyfin“ verði gefin út í byrjun næsta sumars. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýjung í höfundarrétti

**Gefa á út fyrstu íslensku „Creative Commons“-hugverkaleyfin í byrjun næsta sumars. Slík leyfi eru notuð víða um heim og auðvelda stafræna miðlun.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** Lagadeild Háskólans í Reykjavík, Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) og Creative Commons-samtökin hafa gert með sér samstarfssamning um þýðingu og aðlögun „almenns hugverkaréttar“ á Íslandi. Tryggvi Björgvinsson, formaður FSFÍ, kynnti samstarfið á ráðstefnu sem félagið hélt í gær í Háskólanum í Reykjavík.

Almennur hugverkaréttur er þýðing á enska hugtakinu Creative Commons, en það er höfundarréttarleyfi þar sem rétthafi heimilar afnot með eða án ákveðinna skilyrða. Meðal þeirra sem innleitt hafa og nota í miklu mæli slík höfundarréttarleyfi eru vefsíður á borð við WikiPedia-alfræðivefinn og ljósmyndavefurinn Flickr.

Meðal frummælenda á ráðstefnu FSFÍ í gær var Eric F. Saltzman, einn upphafsmanna og stjórnarmaður í Creative Commons-samtökunum sem starfa víða um heim. Hann segir stafræna miðlun hafa kallað á nýja nálgun í höfundarréttarmálum og umgjörð til þess að virða mætti höfundarrétt. Með sameiginlegum, eða almennum hugverkarétti, opnuðust víðfeðmir möguleikar á samstarfi og þróun hugmynda og verkefna sem ekki hafi verið til staðar áður. Alfræðivefurinn WikiPedia segir hann að sé skínandi dæmi.

Með Creative Commons-leyfum eru heimiluð afnot efnis um leið og uppfyllt eru þau skilyrði sem kveðið er á um í viðkomandi leyfi, svo sem varðandi nafngreiningu, dreifingu, eða hvort nota megi verk í hagnaðarskyni, eða í afleidd verk.

Fram kom í máli Tryggva að 52 lönd hafi nú þýtt og aðlagað Creative Commons-hugverkaleyfi að lagaumhverfi sínu, þar á meðal séu mörg Evrópulönd og Norðurlöndin öll, utan Íslands. Átta lönd hafi hins vegar nýlega hafið aðlögunarstarfið. „Og í dag bætist Ísland í þeirra hóp,“ sagði Tryggvi í gær, en hann tekur að sér hlutverk opinbers verkefnisstjóra Creative Commons á Íslandi. Hann gerir ráð fyrir að innleiðing hér taki um hálft ár. „Og er þá undanskilin öll undirbúningsvinna sem þegar hefur farið fram.“

Verkefnið segir Tryggvi að sé einnig unnið í samstarfi við menntamálaráðuneytið, en lagadeild Háskólans í Reykjavík sé lagalegur bakhjarl verkefnisins meðan FSFÍ sjái um kynningarmál og haldi utan um framvindu mála.

olikr@frettabladid.is






Maður tapar skaðabótamáli gegn tryggingafélagi:

# Snjóflóðinu að kenna

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur hefur sýknað bíleiganda og Sjóvá-Almennar af skaðabótakröfu manns sem slasaðist á fótum í Súðavíkurhlíð í apríl 2006.

Slysið varð með þeim hætti að maðurinn stóð á miðjum vegi milli björgunarbíls og bíls sem hvorki komst lönd né strönd vegna þess að snjóflóð lokaði veginum. Þá féll annað snjóflóð og ruddi bílnum sem nær var hlíðinni þvert yfir veginn og að hinum bílnum, svo maðurinn klemmdist á milli. Maðurinn fór í mál með þeim rökum að bíllinn sem skreið af stað, og bílstjóri hans, hafi átt sök á því hvernig fór fyrir honum. Á þetta féllst dómurinn ekki, heldur taldi snjóflóðinu um að kenna. - sh




Þegar um er að ræða þitt eigið fjárhagslegt öryggi á efri árum verður eitt sífellt mikilvægara! Að viðbótarlífeyrir þinn sé 100% öruggur til þess að þú getir notið eftirlaunaaldursins – óháð því hvaða aldri þú nærð.

Þetta öryggi hefur Versicherungskammer Bayern boðið viðskiptavinum sínum í 125 ár. Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna sem 50 milljónir ánægðra viðskiptavina trúa fyrir fjármunum sínum.

Nánari upplýsingar um 100% öruggan viðbótarlífeyri er að finna á **www.sparnadur.is** eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum.

Við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025 en einnig geturðu sent okkur tölvupóst á sparnadur@sparnadur.is.

SPARNAÐUR
www.sparnadur.is

**Bayern Líf.**

VER SICHER UNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe

Holtasmári 1 Kópavogur | Kaupvangsstræti 1 Akureyri | Sími: 577 2025 | sparnadur@sparnadur.is www.sparnadur.is



FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!
Klakaserían vinsæla
verð frá 2.980kr
Inniseríur: 10, 20, 35
50 og 100 ljósa
20% afsláttur
Peruprófari
990kr
Öll aðventuljós
20% afsláttur
Ida skrautkúluljós
1.990kr
Ljósleiðarajólasveinn
980kr
GARÐHEIMAR
Íslensk jólakerti
50% afsláttur
Disney jólapappír
195kr
Jólasveinn fyrir sprittkerti
990kr
Jólastjarna
pottur fylgir
890kr
Hvítur sprittkertastjaki
395kr
Engill með skál fyrir sprittkerti
490kr
Sýprus
pottur fylgir
790kr
Jólasnjókúla
490kr
Jólaserviettur
490kr
Snjókall sem hoppar
1.250kr
Öll dýrabæli
30% afsláttur
Allt gæludýrafóður
15% afsláttur
10 rósa bunt
1.480kr
7 rósa bunt
1.000kr
Kanna á fæti
fyrir sprittkerti
1.490kr
Súkkulaði-
fondusett
3.180kr

# FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!



**Amerísku jólatrén**

**20% afsláttur**





**Öll Weber grill og aukahlutir:**

**20% afsláttur**

# 10 ÁRA!





**í dag kl. 16.30** KARLAKÓR REYKJAVÍKUR » *kemur öllum í hátíðarskap!*

Við höldum upp á afmælið með góðum
» afmælistilboðum » lukkuleikjum
» kynningum » sýnikennslum
» og ýmsum glaðningi
fyrir líkama og sál að hætti Garðheima!

**fimmtudagur kl. 17.00**
**Lærið að gera hurðakransa**
*sýnikennsla á morgun*

**föstudagur kl. 17.00**
**Jólaskreytingar í gleri**
*sýnikennsla á föstudag*

**alla afmælisvikuna!**
**Teiknimyndasamkeppni fyrir börnin**
*hver fær verðlaun?*

**HEITT KAKÓ**
Heitt kakó og piparkökur alla vikuna!

GARÐHEIMAR

OPIÐ TIL KL.
**22:00**
TIL JÓLA

*Samstarfsaðilar á 10 ára afmæli Garðheima:*
**Ölgerðin – Heilsa – Nói Sirius – Mjólkursamsalan - Emmess – Te&Kaffi**

„ORÐRÉTT“

*Ekki þennan niðurskurð alltaf hreint*

**„Það má ekki endalaust skera niður í útgjöldum, þú færð engar tekjur inn þannig. Það er ekki leiðin til að vinna sig út úr kreppunni.“**

FINNBOGI SVEINBJÖRNSSON, FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGS VESTFJARÐA, KANN LAUSNINA. Fréttablaðið 1. desember

*Viti menn!*

**„[G]erðar voru rannsóknir í Bandaríkjunum á áttunda áratugnum þar sem sýnt var fram á að tengsl eru á milli heilsusamlegs lífsstíls og heilbrigðis.“**

RÚNAR VILHJÁLMSSON FÉLAGSFRÆÐIPRÓFESSOR RANNSAKAR HEILBRIGÐI. Fréttablaðið 1. desember

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SVEINN GUÐMUNDSSON YFIRLÆKNIR Í BLÓÐBANKANUM

## *Safna blóði fyrir jólaannríkið*



„Hjá okkur í Blóðbankanum er á þessum tíma árs helst að frétta að við erum að undirbúa og tryggja að við eigum nægilegt magn af blóðhlutum fyrir þennan árstíma,“ segir Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir í Blóðbankanum. „Á þessum árstíma blasir við okkur að hjá þjóðinni er oft mikið annríki og við keppum við alls konar áreiti. Við getum ekki keppt um athyglina með sama hætti og verslunarkeðjur gera með kostaboðum. Við bjóðum það sama og áður, gott hjartaþel og gott kaffi og með því.“

Sveinn segir að yfir hátíðirnar verði mörgum hugsað til ástvina og jafnvel ástvina sem þeir hafi misst. Blóðbankinn fái fjölda bljóðgjafa á þessum árstíma. „Þar er oft fólk sem þekkir hvað blóðgjöf getur verið mikils virði, jafnvel lífgjöf. Þá má líka minna á að á sjúkrahúsunum liggja margir sjúklingar veikir yfir jól og áramót og þurfa á blóði og blóðhlutum að halda. Þess vegna er þetta alltaf annatími hjá okkur í Blóðbankanum. Við höfum siglt góða siglingu í gegnum þessa fyrstu hrinu inflúensunnar og höfum getað aflað nægilegs magns blóðgjafa og því ekki lent í vandræðum líkt og mörg nágrannalönd okkar.“

Starfsfólk bankans vill hins vegar fara inn í hátíðirnar með góðar birgðir. „Stórubrandajól eru ekki góð blóðbankajól því þá eru svo margir frídagar. Okkur hugnast betur margir virkir dagar milli jóla og nýárs þar sem við getum safnað blóði og farið líka örugg inn í áramótin.“

### FRÓÐLEIKUR
**FYRSTU OLÍUSKIPIN**

■ Það eru ekki margir sem vita að bræður Alfreðs Nobel, sem Nóbelsverðlaunin eru kennd við, þeir Ludvig og Robert, stofnuðu og ráku eitt stærsta olíufélag 19. aldar. Félag þeirra hét Branobel og var stofnað í Bakú í Aserbaídsjan árið 1876. Ludvig var frumherji í þróun olíuflutninga á sjó. Hann flutti fyrst olíu á prömmum en sneri sér fljótlega að þróun olíuskipa. Fyrsta olíuskip Nobelbræðra hét Zoroaster. Skrifað var undir smíðasamning í janúar 1878 og fyrsta ferð skipsins með olíu var síðar það ár frá Bakú til Astrakhan. Hönnun skipsins vakti athygli og mörg voru byggð eftir sömu teikningu, en Ludvig neitaði ávallt að tryggja sér einkaleyfið.

# Skaðleg efni í rafsígarettum

Lyfjastofnun hefur sent frá sér viðvörun þar sem varað er við kaupum á rafsígarettum á netinu. Jafnframt að innflutningur og dreifing þeirra hér á landi sé brot á lyfjalögum.

Vegna umfjöllunar í fjölmiðlum að undanförnu um rafsígarettur vekur Lyfjastofnun athygli á því að rafsígarettur, sem innihalda nikótín, séu flokkaðar sem lyf hér á landi. Innflutningur og dreifing slíkra vara án markaðsleyfis sé því brot á lyfjalögum.

Stofnunin ítrekar að bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið, FDA, hafi rannsakað elektrónískar sígarettur eða rafsígaretturnar og í ljós hafi komið að þær innihéldu, auk nikótíns ýmis skaðleg og jafnvel krabbameinsvaldandi efni svo sem ýmis nítrósamínsambönd og díetýlen glýkól. Hafi FDA sent frá sér viðvörun vegna notkunar rafsígarettna.

Þá varar Lyfjastofnun fólk almennt við kaupum á lyfjum á netinu. Slík verslun með lyf sé óheimil samkvæmt íslenskum lögum. Auk þess er bent á að rannsóknir hafi sýnt að yfir 60 prósent lyfseðilsskyldra lyfja sem seld eru á netinu séu fölsuð og yfir 90 prósent netapóteka starfi ólöglega. - jss



**RAFSÍGARETTTUR** Innflutningur og dreifing á rafsígarettum án markaðsleyfis hér er brot á lyfjalögum.



**LÚPÍNAN** Á þeim 60 árum sem lúpínan hefur verið notuð til landgræðslu hefur hún dreift sér víða um landið og þykir mörgum nóg um. Engar reglur hafa verið um notkun hennar en nýr starfshópur á að semja slíkar reglur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 47244

*Hafðu samband*
sími 444 7000 ⁘ arionbanki.is

*Vefslóð bankans*
er arionbanki.is

Arion banki

# Blásið í herlúðra gegn lúpínunni

**Fáar jurtir hérlendis eru umdeildari en lúpínan. Hún hefur verið notuð með góðum árangri í uppgræðslu en hefur nú dreift sér víðar en menn reiknuðu með. Starfshópur hefur verið skipaður um þessa umdeildu plöntu.**

Umhverfisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, hefur falið Landgræðslunni og Náttúrufræðistofnun Íslands að bera ábyrgð á starfshópi sem ætlað er að kortleggja lúpínuna og koma með tillögur um hvernig hægt er að takmarka hana við ákveðin svæði. Horft verður til þess að halda plöntunni fyrir neðan 500 metra hæðarlínu. Þá verða settar reglur um notkun hennar, en engar slíkar eru í gildi.

Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, leiðir hópinn, ásamt Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra. Jón Gunnar segir að lúpínan sé góð til síns brúks; hún geti verið mjög öflugt og gott landgræðslutæki. Fram hjá göllum hennar verði hins vegar ekki horft.

„Þetta er mjög ágeng tegund og drepur annan gróður undan sér og er þannig ógn við lífríki. Á allra síðustu árum hefur orðið sprenging í útbreiðslu hennar á Íslandi. Hún er víða það mikil ógn að grípa verður til mjög skjótra aðgerða ef ekki á illa að fara.“

Jón Gunnar segir að mörg svæði á Íslandi séu þannig að lúpínan eigi þangað ekkert erindi. Nefna megi miðhálendið, skemmtilega falleg og verðmæt gróðurlendi á Vestfjörðum og birkiskóga. Þá eigi hún ekki heima í viðkvæmum mólendum.

Hlutverk starfshópsins er fjórþætt að sögn Jóns Gunnars. Í fyrsta lagi eigi að fjarlægja lúpínuna þar sem hún kemur til með að valda skaða, í öðru lagi að reyna að hafa stjórn á henni þar sem hún er og það verður erfitt að eiga við hana, í þriðja lagi að koma í veg fyrir að hún berist á ákveðna staði og í fjórða lagi að setja einhverjar reglur um meðferð hennar og þá sérstaklega sem landgræðsluplöntu.

Jón Gunnar fagnar skipan starfshópsins; í fyrsta skipti sé verið að taka á vandamálinu með skipulögðum hætti. Hann segir menn munu vinna hratt og verða tilbúnir með ákveðin verkefni strax á næsta ári.

En er hann bjartsýnn á árangur? „Ja, ég segi nú bara Guð blessi okkur ef þetta tekst ekki, svona til lengri tíma litið.“

kolbeinn@frettabladid.is

### NÝ Í NÁTTÚRUNNI

Hákon Bjarnason skógræktarstjóri flutti alaskalúpínuna til landsins árið 1945 til landgræðslu. Hún hafði þó þekkst sem skrautjurt í görðum frá því á 19. öld.

Lúpínan breiðist hratt út og Jón Gunnar nefnir svæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins sem dæmi. Þar sem áður hafi verið mikil berjalönd finnist nú aðeins lúpínubreiður. Af því skapist einnig mikill eldmatur, því hún verði að mikilli sinu.



JÓN GUNNAR OTTÓSSON



**FRÁ STÖÐVARFIRÐI** Bókasöfn í Fjarðabyggð verða nýtt til að bæta þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjarðabyggð hagræðir:

# Bókasöfn nýtt í bættri þjónustu

**STJÓRNSÝSLA** Frá næstu áramótum verða almenningsbókasöfnin í Fjarðabyggð þjónustugáttir fyrir íbúa á hverjum stað. Í bókasöfnum á Stöðvarfirði, Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði og Norðfirði liggja frammi eyðublöð þar sem tekið er við umsóknum um þjónustu sveitarfélagsins. Jafnframt verður þar aðgangur að tölvu og aðstoð og ráðgjöf um starfsemi Fjarðabyggðar.

Endurskoðun á þjónustu sveitarfélagsins beinist annars vegar að því að nýta aðstöðu í bókasöfnum Fjarðabyggðar til að jafnræðis sé gætt í þéttbýliskjörnunum og hins vegar að því að auka skilvirkni og hagkvæmni í rekstri sveitarfélagsins. - shá

Fundur á Hótel Nordica:

# Fjallað um tækifæri í íslenskum sjávarútvegi

**FUNDUR** Opinn fundur um tækifæri í íslenskum sjávarútvegi verður haldinn á Hótel Nordica við Suðurlandsbraut klukkan 8.30 í fyrramálið.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**

Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, og Sveinn Margeirsson, sviðsstjóri hjá Matís, munu halda erindi á fundinum.

Markmið fundarins er að varpa ljósi á tækifæri og möguleika á betri nýtingu og auknum verðmætum í sjávarútvegi.

„Getur verið að við séum að missa af tækifærum með því að flytja oft á tíðum út lítið unnið hráefni, getum við nýtt okkar vel menntaða fólk betur í þróun og markaðssetningu, getum við notað betur tækifærin sem felast í uppruna hráefnisins?“ segir í tilkynningu vegna fundarins.

Að fundinum standa Matís, AVS sjóðurinn og Samtök fiskvinnslustöðva. - th







**FRÉTTASKÝRING:** Meðferð Alþingis á niðurstöðum Rannsóknarnefndar um bankahrunið

# Leiti sannleikans

Markmið starfa Rannsóknarnefndar Alþingis er skýrt: að leita sannleikans um aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna á síðasta ári og tengdra atburða. Þá á nefndin að leggja mat á hvort um mistök eða vanrækslu hafi verið að ræða við framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi og eftirlit með henni, og hverjir kunni að bera ábyrgð á því.

Nefndin hefur haft mjög rúmar lagaheimildir til að rækja störf sín. Að lögum er beinlínis öllum skylt að verða við kröfu nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Á það jafnframt við um upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu samkvæmt reglum um starfsemi fjármálafyrirtækja, sérstökum reglum um utanríkismál, öryggi ríkisins eða fundargerðir ríkisstjórnar og ráðherrafunda og fundargerðir nefnda Alþingis.

Skýrsla rannsóknarnefndarinnar, sem skila á Alþingi fyrir lok janúar, verður þá þegar gerð opinber.

# Nefndin ræðir við hundruð manna

Rannsóknarnefndin efndi til blaðamannafundar um miðjan október og kynnti lauslega störf sín fram að þeim tíma. Fram kom að hún hefði þá tekið formlegar skýrslur af 105 einstaklingum en ekki fékkst uppgefið um hvaða einstaklinga var að ræða. Jafnframt hafði nefndin rætt við yfir 300 manns á fundum og í viðtölum til að afla nánari skýringa og upplýsinga.

Fréttablaðið greindi frá því að lengsta skýrslutakan tók 24 klukkustundir og dreifðist á þrjá vinnudaga.

Enn átti nefndin þá eftir að kalla inn nokkuð marga, var haft eftir Sigríði Benediktsdóttur nefndarmanni.

# Siðferðishópurinn

Sérstök rannsókn hefur farið fram á hvort skýringar á falli bankanna og tengdum efnahagsáföllum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði.

Hefur hún farið fram samhliða störfum Rannsóknarnefndar þingsins og byggir á sömu lögum.

Forsætisnefnd Alþingis skipaði vinnuhóp um þá rannsókn líkt og sjálfa Rannsóknarnefndina. Í vinnuhópnum eru Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki, Salvör Nordal, forstöðumaður Siðfræðistofnunar, og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisráðs.





**RANNSÓKNARNEFNDIN** Í henni sitja Sigríður Benediktsdóttir, doktor í hagfræði við Yale-háskóla í Bandaríkjunum, Páll Hreinsson hæstaréttardómari og Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis. Skýrsla hennar verður tilbúin fyrir 1. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Stjórnmálaflokkarnir stjórna framhaldinu

**Stjórnmálaflokkarnir eiga að tilnefna fulltrúa í níu manna þingmannanefnd sem fjalla á um skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis og móta viðbrögð þingsins við niðurstöðunum.**

Forsætisnefnd Alþingis hefur samið og lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um Rannsóknarnefnd Alþingis sem rannsakar aðdraganda og orsakir falls bankanna fyrir rúmu ári.

Í því eru fyrirmæli um hvernig Alþingi ber að fara með skýrslu nefndarinnar en þau byggja á samkomulagi formanna þingflokka og forsætisnefndar þar um.

Þá er í frumvarpinu fjallað um varðveislu og aðgang að rafrænum gagnagrunnum sem orðið hafa til í vinnu rannsóknarnefndarinnar og kveðið á um friðhelgi fólks sem unnið hefur að rannsókninni.

Í gildandi lögum um rannsóknina er gert ráð fyrir að forseti Alþingis og formenn þingflokkanna fjalli um skýrslu nefndarinnar og geri tillögu um meðferð Alþingis á niðurstöðunum. Að athuguðu máli hefur forsætisnefnd nú ákveðið að sérstakri níu þingmanna nefnd verði falið að fjalla um skýrsluna og móta viðbrögð Alþingis við niðurstöðum hennar. Ekki er talið heppilegt að einhver fastanefndanna annist málið og með kosningu sérstakrar nefndar „gefst flokkunum jafnframt færi á því að velja sérstaklega þá fulltrúa sem verður trúað fyrir þessu mikilvæga verkefni“ eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins var samstaða innan forsætisnefndar um þessa tilhögun. Var hún kynnt þingflokkum áður en frumvarpið var lagt fram.

Í greinargerðinni segir að það verði í verkahring nefndarinnar að fjalla um hvernig draga megi almenna lærdóma af efnahagsáföllum. Það kemur líka í hlut hennar að móta afstöðu til ábyrgðar í málinu að því marki sem það er hlutverk þingsins. Þá má ætla að þingmannanefndin fylgi eftir ábendingum rannsóknarnefndarinnar um breytingar á lögum og reglum sem miða að því að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi sem urðu hér síðasta haust endurtaki sig.

Við það er miðað að þingmannanefndin geri grein fyrir athugun sinni í skýrslu sem lögð verður fyrir þingið og getur hún gert tillögur til þingsályktunar. Nefndin mun fá heimild til að láta rannsaka einstaka þætti málsins nánar telji hún þörf á frekari upplýsingum. Ekki er ráðgert að hún annist sjálf slíka framhaldsrannsókn heldur feli hana sérfróðum aðilum. Komi til þess fær þingmannanefndin skýrslu með niðurstöðunum og ákveður sjálf hvernig meðferð hennar skuli hagað.

Ekki eru tímamörk á meðferð þingmannanefndarinnar en henni gert að hraða störfum sínum eftir fremsta megni.

Í frumvarpi forsætisnefndar er jafnframt fjallað um meðferð þeirra umfangsmiklu gagnagrunna sem Rannsóknarnefndin hefur undir höndum og byggjast á upplýsingakerfum frá bönkunum og öðrum. Í þeim eru fjárhagsupplýsingar af ýmsu tagi um viðskipti fjármálastofnana sem taldar eru hafa mikla fræðilega þýðingu. Nefnir nefndin sem dæmi að þeir kunni að nýtast við rannsóknir á hvernig bankastarfsemi bregst við sveiflum á fjármálamörkuðum og hvað beri að forðast í því efni. Gagnagrunnarnir verða varðveittir í Þjóðskjalasafninu og fá fræðimenn aðgang að þeim að uppfylltum skilyrðum um trúnað og vernd persónuupplýsinga og upplýsinga sem varða mikilvæga fjárhags- og viðskiptahagsmuni fyrirtækja í rekstri.


Okkar rannsóknir
– allra hagur

matís

Vannýtt tækifæri
í íslenskum sjávarútvegi?

**Á morgun, fimmtudaginn 3. des. frá kl. 8:30-9:30 á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2,** bjóða Matís, AVS sjóðurinn og Samtök fiskvinnslustöðva til opins fundar.


**Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja**
*Tækifæri í íslenskum sjávarútvegi*


**Sveinn Margeirssons, sviðsstjóri hjá Matís**
*Tvöföldum verðmætin*

Að loknum erindum gefst tími fyrir spurningar og svör.

Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, stjórnar fundi.

SBA 12/2009
AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi
matís www.matis.is
SF


Alþingi býst við dómsmálum vegna skýrslunnar:

# Nefndarfólk varið fyrir málsóknum

Forsætisnefnd Alþingis telur ekki útilokað að þeir sem fjallað verður um í skýrslu Rannsóknarnefndar þingsins muni telja að ummæli eða upplýsingar sem birtast í henni vegi að réttindum þeirra, svo sem friðhelgi einkalífs. Í því ljósi leggur nefndin til að því fólki sem unnið hefur að rannsókninni verði veitt ákveðin vernd gegn slíkum málsóknum. Nær ákvæðið til nefndarmanna, sérstaks vinnuhóps um siðferði og þeirra sem hugsanlega verður falin framhaldsrannsókn að ákvörðun sérstakrar þingmannanefndar.

Í greinargerð með frumvarpinu segir að hlutverk nefndarinnar sé að varpa ljósi á ástæður bankahrunsins og segja til um hverjir kunni að bera ábyrgð á því. Voru henni veittar lagaheimildir til að afla upplýsinga sem eiga almennt að fara leynt út af reglum um þagnarskyldu. Jafnframt fékk nefndin heimild til að greina frá slíkum upplýsingum í skýrslu sinni til Alþingis ef það er nauðsynlegt til að rökstyðja niðurstöður hennar og almannahagsmunir eru taldir vega þyngra en hagsmunir því viðkomandi.

Forsætisnefnd telur mikilvægt að rannsóknarnefndarmenn geti tekið afstöðu til þess hvað eigi að birta í skýrslunni án þess að þurfa að leiða hugann að því hvort þeir kunni persónulega að þurfa að taka til varna í dómsmálum út af því sem fram kemur. Tiltekið er að slík málsókn mundi leiða til fjárútláta nefndarmanna sem gætu orðið verulega íþyngjandi. Ekki geti talist sanngjarnt að þeir verði þvingaðir til að grípa til varna fyrir það lögmælta verkefni sem þeim var trúað fyrir af Alþingi og hugsanlega bera af því fjárhagslegt tjón.

Í frumvarpinu er tekið fram að íslenska ríkið beri ábyrgð á athöfnum þessa fólks eftir almennum reglum hvort sem mál er höfðað fyrir innlendum eða erlendum dómstóli. Mun ríkið því standa straum af kostnaði sem kann að hljótast af málarekstri, hvort sem hann verður fyrir innlendum eða erlendum dómstóli.

Bent er á fordæmi þess að fólki njóti friðhelgi fyrir dómstólum. Nærtækust er friðhelgi þingmanna út af því sem þeir hafa sagt á Alþingi. Þá er ekki hægt að sækja kröfur í tilefni af álitum umboðsmanns Alþingis og málsókn gegn dómurum er útilokuð.




FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# „ASSVÍTI FÍN“ „FLOTT“
# „ÁHRIFAMIKIL“
## „SKEMMTILEG“
# „HEILLANDI“




*„**Heillandi** bók“* ★★★★
*– Kolbeinn Óttarsson Proppé, Fréttablaðinu*

*„**Assvíti fín** skáldsaga ... bók sem hreinlega **lyktar af sögu.**“* ★★★½
*– Ólafur Guðsteinn Kristjánsson, Morgunblaðinu*

*„Lætur vart nokkurn, sem hana les, ósnortinn.“*
*– Ólafur Arnarson, Pressunni*




*„**Stór** bók um **mikil örlög** ... **skemmtileg** aflestrar og höfundur **heldur manni við efnið** allan tímann.“*
*– Auður Aðalsteinsdóttir, Víðsjá*

*„**Áhrifamikil** örlagasaga og **flottur** og **þroskaður** skáldskapur. Hún lýsir þroska ungrar konu sem kemur breytt og **sterk** út úr nær óbærilegum aðstæðum á **sannfærandi** hátt.“* ★★★½
*– Jón Yngvi Jóhannsson, Pressunni*




*Kolbrún S. Ingólfsdóttir bregður hér lifandi ljósi á kvenskörunga fyrri tíðar í **áhugaverðri** bók sem á **brýnt erindi** við konur á öllum aldri.*

DYNAMO REYKJAVÍK




*„Þetta er **forvitnileg** frásögn og **persónuleg**, því ferðin hjálpaði höfundinum að skilja hver hann er, og fyrir hvað hann lifir. Og þá er ekki til lítils unnið ... **Býsna vel gert.**“* ★★★
*– Einar Falur Ingólfsson, Morgunblaðinu*




*„Sannarlega **ágætis byrjun** og það er erfitt að forðast frasann að hér hafi bæst við **nýr tónn** í íslenska spennusagnaflóru.“*
*– Úlfhildur Dagsdóttir, bokmenntir.is*

*„[Ragnar Jónasson] sýnir að hann **kann að flétta söguþráð** og byggja sögu, og því er full ástæða til að gefa honum gaum í framtíðinni.“*
*– Hrafn Jökulsson, Viðskiptablaðinu*

VERÖLD
Bræðraborgarstíg 9

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Kröfuhafar taka við stjórn Arion banka.

## Viðskiptalegar forsendur

JÓN KALDAL SKRIFAR

Sú niðurstaða að kröfuhafar eignist 87 prósent hlutafjár í Arion banka er ánægjuleg.

Íslenski hluti gamla Kaupþings er þar með kominn að langstærstum hluta í eigu kröfuhafa bankans, eins og gildir einnig um íslenska hluta gamla Glitnis, Íslandsbanka, sem kröfuhafar hafa samið um að eignast í 95 prósenta hlut.

Ríkið er því í þann mund að losna við ábyrgðina á þessum tveimur bönkum, sem það axlaði síðasta haust, þegar það tók yfir rekstur stóru bankanna með neyðarlögunum. Eftir sem áður situr ríkið uppi með svarta Péturinn í stokknum, Landsbankann með Icesave innanborðs, um ófyrirséða framtíð. En það er önnur og sorglegri saga.

Örlög hinna bankanna vekja vonir um að hér sé loks að skapast skilyrði til að afgreiða ýmis mikilvæg mál.

Hafi einhver talið að ríkið væri rétti aðilinn til að reka banka, þá ætti reynslan undanfarna mánuði að vera upplýsandi kennslustund um annað.

Stjórnendur bankanna hafa hikstað frammi fyrir ýmsum snúnum úrlausnarmálum. Þar á meðal eru ákvarðanir um afskriftir skulda, mögulegar yfirtökur og endursölu á skuldsettum en góðum félögum, eða hvort eigi að senda þau í gjaldþrot sem ekki eru lífvænleg.

Þetta hik bankastjórnendanna er skiljanlegt. Þeir hafa hvorki haft bakland né skýra pólitíska leiðsögn um hvernig á að halda á málum. Hættan í þessari stöðu er að allsherjar doði leggist yfir athafnalífið, líkt og gerðist í Japan á hinum svokallaða týnda áratug í kjölfar kreppunnar þar fyrir um tuttugu árum.

Íslenskt athafnalíf hefur verið í raunverulegri hættu með að verða sömu örlögum að bráð.

Rekstur banka á að byggjast á viðskiptalegum forsendum. Þegar ríkið á í hlut er hins vegar hættan á að forsendurnar verði pólitískar, eins og við Íslendingar höfum beiska reynslu af frá fyrri tíð.

Aðkoma kröfuhafa að rekstri Arion banka og Íslandsbanka dregur úr þessari hættu. Það skiptir einnig verulegu máli að útlend fjármálafyrirtæki eru fyrirferðarmikil í báðum tilvikum.

Þessir erlendu aðilar eiga mikilla hagsmuna að gæta að hagkerfi landsins taki sem fyrst við sér því þar með eykst verðmæti þeirra í bönkunum.

Innkoma útlendinganna ætti að sama skapi að efla traust á íslensku bönkunum. Þeir eru ekki hluti af okkar þéttriðna samfélagi, ættmenna, vina og fjandmanna. Fyrir þeim vakir að ná sem mestum heimtum af eignum sínum hér á landi.

Í því ljósi og engu öðru mun þurfa að skoða þær ákvarðanir sem verða teknar innan bankanna. Það verður hressandi nýbreytni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ LÍNUÝSA FISKIBOLLUR
PLOKKFISKUR ÝSA Í RASPI
OG STÚTFULLT BORÐ AF NÝJUM FISKI OG FISKRÉTTUM

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 990

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Vel af sér vikið

Það er hart í ári á Íslandi, hafi það farið framhjá einhverjum, og hefur verið frá því að bankakerfið hrundi fyrir rúmu ári. Fyrirtækin og heimilin lepja dauðann úr skel, eins og stjórnarandstaðan hefur verið ólöt að benda á. Það kemur því óneitanlega ánægjulega á óvart að þrátt fyrir þessa erfiðu tíma tókst frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins að nurla saman 45 milljónum króna í styrki frá einstaklingum og fyrirtækjum fyrir prófkjör flokksins í vor. Það er vel af sér vikið á tímum þar sem enginn má sjá af krónu.



### Fjarverandi

Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi ætlaði að leggja fram tillögu á fundi borgarstjórnar í gær um að Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri segði af sér fyrir spillingu. Tillögunni var aftur á móti ekki hleypt á dagskrá fundarins. Ólafur gat ekki mótmælt því þar sem hann var ekki á fundinum. Sjálfsagt hefur hann haft gildar og góðar ástæður fyrir fjarveru sinni, en hefði ekki verið ráð fyrir Ólaf að bíða með jafn afdrifaríka tillögu þar til hann gæti fylgt henni sjálfur eftir af festu?



### Ekkert svar

Stefán Jón Hafstein Malavíkrati sendi Katrínu Júlíusdóttur, flokkssystur sinni og iðnaðarráðherra, tóninn í opnu bréfi í Fréttablaðinu. Tilefnið var fyrirhugað álver í Helguvík. Stefán Jón lagði þrjár spurningar fyrir Katrínu: Hvaða virkjanir ættu að sjá álverinu fyrir orku?; hversu mikið afl yrði eftir á suðvesturhorninu fyrir aðra stóriðju?; og hversu mörg fjöregg Katrín teldi rétt að hafa á einni körfu. Enn hefur ekki heyrst bofs frá Katrínu út af þessari grein. Sennilega vill hún undirbúa svarið vel.

bergsteinn@frettabladid.is

## Upphafsár umbreytinga

Verkefni stjórnmálaflokka er að hafa heildarsýn á viðfangsefni þjóðmálanna og búa samfélaginu þau ytri skilyrði að gildismat Íslendinga geti notið sín. Þar hafa okkur verið mislagðar hendur og oft ber meira á átökum um leiðir að markmiðum og hagsmunatogstreitu einstakra hópa en umhyggju fyrir heildarhag og hagsmunum þjóðarinnar í heild.

Í þeirri glímu sem nú stendur við afleiðingar banka- og gjaldeyrishruns verða átök og fréttafár um einstök mál eins og Icesave þess valdandi að heildarsýnin verður á stundum óljós. Í mínum huga er hún þó afar skýr og ekki verður frá henni hvikað.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**UMRÆÐA** | Sókn til betra samfélags

**Heildarsýn**

Í fyrsta lagi snýst baráttan um að ná tökum á stjórn efnahags- og ríkisfjármála, og skipuleggja endurreisn atvinnulífsins og heimilanna í landinu eftir hrunið. Uppgjörið við hrunið er ófrávíkjanlegur hluti af þeirri baráttu.

Í öðru lagi eru stjórnarflokkarnir að taka ákvarðanir um lagasetningu og breytingu á stofnunum þjóðfélagsins til þess að stemma stigu við því að svipaðir atburðir geti gerst í okkar efnahagskerfi á næstu áratugum.

Í þriðja lagi erum við með umbótum í lýðræðismálum, betri og gengsærri stjórnarháttum, endurskipulagi stjórnkerfis og stefnumótun á mörgum sviðum að búa í haginn fyrir sókn til betra samfélags sem m.a. tekur mið af meginhugmyndum norræna velferðarríkisins í bestu merkingu þess orðs.

Hver einasta ákvörðun sem tekin er um þessar mundir og á næstu misserum verður að ganga upp í þessari þríliðu. Uppgjör, endurreisn og uppstokkun eru lykilorðin.

**Rétti tíminn til breytinga núna**

Því viðhorfi er oft hreyft að krepputímar séu ekki rétti tíminn til þess að hefja sókn til betra samfélags. Því mótmæli ég kröftuglega. Botninn er góður til viðspyrnu og nú er hugurinn opinn fyrir því að finna nýjar leiðir út úr vandanum og beita nýjum aðferðum við úrlausn mála. Hin íslensku gildi, eins og þau koma m.a. fram á Þjóðfundinum í Laugardalshöll, eru öll á þann veg að þau beina augum okkar að norrænu velferðarsamfélögunum og því jafnvægi sem þar er leitast við að ná milli markaðsafla og pólitískrar stýringar í þágu jafnréttis, réttlætis og og jöfnuðar. Árið 2009 er því ekki síður tími breytinga en tími kreppu.

**Nýjar leiðir varðaðar**

Við erum að varða nýjar leiðir með margvíslegum undirbúningi og ákvörðunum sem lúta að siðbót í opinberri stjórnsýslu, stjórnlagaþingi og þjóðaratkvæðagreiðslum svo fátt eitt sé nefnt. Enda þótt þröngt sé í búi og skera þurfi niður er unnið að því að mennta-, heilbrigðis- og velferðarþjónusta verði sá grunnur sem styrktur verður til frambúðar. Og við teljum að það sé til heilla fyrir almannahag að freista þess að semja við Evrópusambandið um aðildarsamning sem tekur fullt tillit til lífshagsmuna okkar í sjávarútvegi og landbúnaði. Okkar er að semja en þjóðin ræður aðildinni sjálf í kosningum. Það er sú leið sem Alþingi hefur valið.

**Stefnubreyting og staðfesta**

Við erum að beita okkur fyrir stefnubreytingu í skattamálum, stefnubreytingu í jafnréttismálum, stefnubreytingu í umhverfismálum, stefnubreytingu í sjávarútvegsmálum, stefnubreytingu í málum stjórnkerfis, réttarkerfis, stjórnsýslu og lýðræðis, stefnubreytingu í skipulagi fjármálastofnana, stefnubreytingu í samstarfi ríkis og sveitarfélaga og stefnubreytingu í Evrópumálum. Það er því afar mikilvægt að núverandi ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hafi til að bera það úthald, þrautseigju og stefnufestu sem þarf til þess að kom þessum breytingum í örugga höfn. Ég hef fulla trú á því að sú verði reyndin.

Ég spái því að þegar tímar líða þá verði ársins 2009 ekki eingöngu minnst sem árs kreppu, hruns og erfiðleika á Íslandi. Ég spái því að 2009 verði sérstaklega minnst sem upphafsárs mikilla umbreytinga. 2009 verði minnst sem ársins þegar Íslendingar tóku ákvarðanir um að breyta stjórnarháttum sínum og lífsgildum.

*Höfundur er forsætisráðherra.*

## Flugvöllur án slökkviliðs

**UMRÆÐAN**

Eggert Karvelsson skrifar um brunavarnir



EGGERT KARVELSSON

Flugstoðir ohf., með aðstoð samgönguráðuneytis (skv. viðtali við upplýsingafulltrúa flugstoða í Mbl. 13.11.) hyggjast reka Reykjavíkurflugvöll án sérþjálfaðra slökkviliðsmanna. Flugstoðir hafa auglýst eftir flugvallarvörðum þar sem reynsla af slökkvistörfum er kostur. Forsaga þessa máls er uppsögn samnings Flugstoða við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins um slökkvi- og björgunarþjónustu á Reykjavíkurflugvelli sem byggir á túlkun samgönguráðuneytisins á lögum um brunavarnir nr. 75/2000, og reglugerðar um flugvelli nr. 464/2000.

Brunamálastofnun ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga hafa gert alvarlegar athugasemdir við túlkun samgönguráðuneytisins á þessum lögum og m.a. bent á að ráðuneytið sniðgangi vilja Alþingis, sem birtist í skýringum með frumvarpi að lögum nr. 75/2000: „Frumvarpið tekur til starfsemi allra slökkviliða í landinu þ.m.t. starfsemi slökkviliða flugvalla.“

Flugstoðir og samgönguráðherra ætla sér að þvinga fram breytingar á grunnþjónustu neyðarvarna með því að leggja niður slökkvilið flugvallanna í núverandi mynd og ráða þess í stað starfsmenn sem eiga svo að sinna þessari mikilvægu þjónustu í íhlaupum. Þessi „hagræðing“ er á kostnað öryggis flugfarþega og viðskiptavina flugvallarins. Nái þessar hugmyndir fram að ganga er líklegt að næst verði auglýst eftir flugvallarvörðum á Keflavíkurflugvelli, þar sem reynsla af slökkvistörfum verður kostur en ekki krafa. Flugvallarslökkvilið er í eðli sínu ólíkt hefðbundnu slökkviliði. Alþjóðlegar kröfur til flugvallarslökkviliða eru strangar og miða að því að brugðist sé við eldsvoða í flugvél hratt og örugglega, en til þess þarf sérþjálfaða slökkviliðsmenn sem eru ávallt í viðbragðsstöðu. Tilraunir samgönguráðuneytisins og Flugstoða til að sniðganga lög og reglugerðir eru þeim til minnkunar og gætu komið í bakið á þeim síðar með hörmulegum afleiðingum. Það er álit slökkviliðsmanna á Keflavíkurflugvelli að fyrirætlanir Flugstoða og samgönguráðuneytis um skerðingu neyðarþjónustu á Reykjavíkurflugvelli séu stórhættulegar. Flugfarþegar og viðskiptavinir Reykjavíkurflugvallar og annarra flugvalla á Íslandi hljóta að gera þá kröfu að lögum sé framfylgt og að sérþjálfaðir slökkviliðsmenn séu til staðar komi til neyðarástand á flugvelli.

*Höfundur er formaður deildar Landssambands slökkviliðsmanna, Keflavíkurflugvelli.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Guðmundur Óskarsson

Til hamingju, Guðmundur, með tilnefninguna!

Til hamingju, Íslendingar, með magnaðan rithöfund!

Til hamingju, lesendur, með frábæra skáldsögu!









„*Bankster* eftir Guðmund Óskarsson er […] hreinræktuð kreppubók og hreinasta afbragð sem slík. Besta kreppubókin."

– Árni Matthíasson, *Sunnudagsmogganum*, 15. nóvember 2009.

Í fyrra sendi Guðmundur frá sér stórsnjalla skáldsögu: ***Hola í lífi fyrrverandi golfara***.

„Frásögnin er þétt ofin með tilheyrandi endurliti og meitluðum stemningum. Vel lukkaður sálfræðitryllir – þótt titlinn gefi eitthvað léttvægara í skyn."

– Einar Falur Ingólfsson, *Lesbók Morgunblaðsins*, 10. janúar 2009

Skáldsagan ***Bankster*** eftir Guðmund Óskarsson er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2009.

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

sími 561 0055 • www.ormstunga.is

# Lítið eitt um Lottó

**UMRÆÐAN**

Eiður Svanberg Guðnason skrifar um ágóða af lottórekstri



EIÐUR GUÐNASON

Fyrir nokkru birtist í Morgunblaðinu stutt grein eftir Ágúst Guðmundsson, forseta Bandalags íslenskra listamanna. Greinin hét: Menning og lottó. Sá sem þetta ritar, hefur ekki orðið þess var að greinin hafi vakið nein viðbrögð. Í greininni kemur fram að bæði á Norðurlöndunum og í Bretlandi njóti menningin góðs af miklum hagnaði af lottórekstri.

Gildandi lög um lottó, eða talnagetraunir, hér á landi voru upphaflega samþykkt í maí 1986. Þá fengu þrír aðilar einkaleyfi til að reka lottó fram til ársloka árið 2005. Í desember árið 2003 var þetta einkaleyfi framlengt til 1. janúar árið 2019. Lögverndað einkaleyfi til lottóreksturs er beinn ríkisstyrkur. Þau þrenn samtök, sem skipta með sér hagnaði af þessu ábatasama fyrirtæki eru: Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Ungmennafélag Íslands (60%) og Öryrkjabandalag Íslands (40%).

Þrír stjórnmálaflokkar gerðu með sér óformlegt bandalag á þingi um að hafa þetta svona. Það samkomulag var gert að næturlagi í þingflokksherbergi Alþýðubandalagsins, – líklega reykfylltu bakherbergi,– eða þannig. Þetta voru: Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og Alþýðubandalagið. Sjálfstæðisflokkurinn var aðalbakhjarl íþróttahreyfingarinnar, Framsókn sá um Ungmennafélagið sem lengi hafði verið eins konar deild í flokknum, Alþýðubandalagið talaði einkum fyrir Öryrkjabandalagið. Oddur Ólafsson, læknir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, hafði upphaflega flutt þetta mál. Ætlan Odds var sú að Öryrkjabandalagið eitt nyti góðs af talnagetraunum. Oddur var alla tíð öflugur talsmaður öryrkja á Alþingi. Þá brá svo við að Ellert B. Schram, sem þá var þingmaður utan flokka en jafnframt forystumaður í Íþróttahreyfingunni, stöðvaði málið með málþófi í neðri deild þingsins. Upp úr því var svo gert þetta samkomulag sem fyrr getur. Alþýðuflokknum var haldið fyrir utan þennan bræðing þessara þriggja stjórnmálaflokka. Þetta var fyrir rúmlega 23 árum.

Í umræðum um málið leyfði ég mér að benda á að verið væri að setja á laggirnar einhverja afkastamestu peningamaskínu sem nokkurn tíma hefði verið gangsett á Íslandi. Það reyndist rétt. Ég gagnrýndi einnig hinn langa gildistíma laganna, sem þá var „aðeins“ fram til 2005 og ennfremur að ekki skyldu fleiri samtök eða verkefni á sviði mannúðar- og menningarmála njóta góðs af þessari nýjung. Ég talaði fyrir daufum eyrum. Það var búið að ákveða þetta. Kökunni hafði þegar verið skipt. Mig minnir, að ég hafi lagt til að skipting hagnaðar af þessu fyrirtæki yrði endurskoðuð á fimm ára fresti eða svo. Ekki var heldur hlustað á það.

Þegar ég nú löngu seinna skoða það sem minnihluti allsherjarnefndar efri deildar, þau Sigríður Dúna Kristmundsdóttir og Stefán Benediktsson auk mín höfðu um þetta mál að segja er ég svolítið stoltur. Allt sem við sögðum hefur reynst rétt.

Með þessu greinarkorni er tekið undir það sjónarmið forseta Bandalags íslenskra listamanna að fleiri fái að njóta góðs af lottóarðinum. Það þarf að endurskoða þetta kerfi frá grunni og það þarf að gera áður en núverandi einkaleyfi rennur út. Tvímælalaust ber að íhuga að gefa fleiri samtökum möguleika á að starfrækja starfsemi af þessu tagi þar sem ágóðinn færi til mannúðar- og menningarmála.

Lottóarðurinn á ekki að fara í að greiða innlendum eða innfluttum atvinnumönnum í íþróttum ofurlaun. Eða til að fjármagna fyrirhugaðan hótelrekstur og lóðabrask Ungmennafélags Íslands í miðborg Reykjavíkur eins og frægt er að endemum.

Í tæpan aldarfjórðung hafa þessir þrír aðilar skipt með sér lottóarðinum. Nú þarf að hugsa málið upp á nýtt, semja nýjar reglur.

ES: Hinn 10. nóvember óskaði greinarhöfundur eftir upplýsingum um rekstrarkostnað Íslenskrar getspár, arð af rekstrinum og skiptingu hans milli eignaraðila síðastliðin fimm ár. Þeim upplýsingum var lofað. Þær hafa ekki borist. Þegar spurt var, þá var hins vegar spurt á móti frá Íslenskri getspá hvers vegna undirritaður vildi fá þessar upplýsingar. Þá spurði undirritaður hvort þetta væru ekki opinberar upplýsingar. Þá var sagt að þetta yrði tekið saman. Það er greinilega mikil vinna og tímafrek.

*Höfundur er fyrrverandi sendiherra.*

# Af meintum ofurlaunum ríkisstarfsmanna

**UMRÆÐAN**

Stefán Aðalsteinsson skrifar um kjör ríkisstarfsmanna



STEFÁN AÐALSTEINSSON

Í Viðskiptablaðinu birtust fyrir nokkru þær fregnir að meðallaun starfsmanna hjá ríkinu væru um 530.000 krónur á mánuði. Einhver mistök urðu við þann útreikning enda hægur vandi að fá réttar upplýsingar sem eru þær að meðalheildarlaun ríkisstarfsmanna eru um 455.000 krónur eða mjög svipuð og á almennum markaði skv. grein í Fréttablaðinu 30. nóvember.

*Þar sem ég þekki best til, í fjármálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og hjá Vinnumálastofnun vinnur fólk mikla sjálfboðavinnu.*

Í upplýsingum um laun ríkisstarfsmanna eru allir meðtaldir s.s. forsetinn, hæstaréttardómarar, læknar og einnig eru þar hin víðfrægu laun forsætisráðherra. Meðaldagvinnulaun hjá félagsmönnum BHM hjá ríkinu voru yfir tímabilið janúar til júní 2009 kr. 374.000 og heildarlaun þar sem við bætist m.a. vaktaálag og yfirvinna 467.000. Ef litið er til launakönnunar VR frá í byrjun árs eru laun hópsins „aðrir háskólamenntaðir sérfræðingar“ fyrir dagvinnu 429.000 og heildarlaun 460.000. Samanburður milli viðskipta- og hagfræðinga hjá ríki og innan VR sýnir að dagvinnulaun hjá ríkinu á sama tímabili eru 420.000 en 484.000 hjá VR og heildarlaun hjá ríki eru 533.000 en 548.000 hjá VR-félögum. Ef litið er til launa hjá ríki í júní sl. eru þau lægri en þetta meðaltal. Öll umræða um hin háu laun ríkisstarfsmanna er því úr lausu lofti gripin.

Ríkisstarfsmenn þekkja launalækkun á eigin skinni. Frá því í september 2008 og fram til mars 2009 lækkuðu yfirvinnugreiðslur um 23%, akstursgreiðslur voru skornar niður og miklu aðhaldi beitt í launakostnaði sem og í öðrum rekstri. Ekki skal úr því dregið að skera þarf niður kostnað alls staðar hjá ríkinu en bent skal á að af áætluðum útgjöldum ríkisins árið 2010 – að vaxtagjöldum frádregnum – eru laun um fjórðungur gjalda.

Ef ríkið vill koma út úr þessari kreppu með hæft, gott og velmenntað starfsfólk er frekari skerðing launa ekki leiðin til þess. Þar sem ég þekki best til, í fjármálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og hjá Vinnumálastofnun vinnur fólk mikla sjálfboðavinnu. Þar eru margir starfsmenn á föstum launum sem vinna mikla vinnu án frekari greiðslu og tímakaup þeirra er komið langt undir kauptaxta.

Hjá Alþingi hafa starfsmenn fengið þau skilaboð að það sé æskilegt að þeir vinni ekki eftir miðnætti og ekki á sunnudögum en þeir eru á föstum launum. Það er gott að það er unnin sjálfboðavinna í þágu þeirra sem minnst mega sín í þjóðfélaginu en ég fæ ekki séð að Alþingi eða ráðuneytin séu í þeim hópi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna.*



# Ástæðulaus ótti

**UMRÆÐAN**
Erna Indriðadóttir skrifar um stóriðju


ERNA INDRIÐADÓTTIR

Það er mikil einföldun að kenna Kárahnjúkavirkjun um hrunið sem varð á Íslandi í október 2008 eins og andstæðingar byggingar virkjunarinnar hafa gert við ýmis tækfæri. Loftur Guttormsson, prófessor í sagnfræði, skrifaði grein í Fréttablaðið fimmtudaginn 25. nóvember, þar sem hann tekur undir þessi sjónarmið og varar við frekari uppbyggingu stóriðju.

Vandaðir heimildaþættir BBC sjónvarpsstöðvarinnar um hrunið sem voru sýndir nýlega í Sjónvarpinu, sýna vel hvernig hinn vestræni fjármálaheimur riðaði til falls um svipað leyti og bankarnir féllu hér. Það sem gerði stöðuna verri á Íslandi en annars staðar var hversu stórt bankakerfið íslenska var, samanborið við hagkerfi landsins. Bankahrunið var ekki séríslenskt fyrirbæri og fyrir því voru margar og flóknar ástæður. Allar framkvæmdir sem voru í gangi fyrir hrun höfðu einhver áhrif á þensluna sem hér varð, þar með talið framkvæmdirnar á Austurlandi. Það voru hins vegar aðrir þættir sem vógu þarna miklu þyngra. Friðrik Sophusson, fyrrverandi forstjóri Landsvirkjunar, skrifaði grein í Morgunblaðið í lok september sem hann kallaði „Að hengja bakara fyrir smið“. Þar birti hann tölur sem sýndu að það sem fyrst og fremst jók þensluna á árunum 2003-2007, voru byltingarkenndar breytingar á fjármálakerfinu sem dældi miklu erlendu fjármagni inn í hagkerfið, meðal annars með þeim afleiðingum að húsnæðisverð hækkaði upp úr öllu valdi. Hann benti á að bankarnir lánuðu á þessum árum um 500 milljarða króna til íbúðakaupa, en fyrir þá upphæð hefði mátt byggja allt að fjórar Kárahnjúkavirkjanir. Burtséð frá því hvaða skoðun menn kunna að hafa á virkjunum og stóriðju er mikilvægt að halda þessum staðreyndum til haga. Eftir stendur að á Reyðarfirði er risið eitt glæsilegasta álver heims sem skapar mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið næstu áratugi og veitir ekki af.

Loftur segir í grein sinni að Alcoa hafi fengið starfsleyfi vegna undanþágu frá mengunartakmörkunum Kyoto-bókunarinnar. Hið rétta er að íslenska ákvæðið sem svo hefur verið kallað, er viðurkenning á því að Íslendingar standa fremstir meðal þjóða í notkun endurnýjanlegrar orku. Um 80 prósent orkunnar sem notuð eru á Íslandi koma frá endurnýjanlegum orkugjöfum, á meðan Evrópubúar stefna að því að koma þessu hlutfalli í 20 prósent árið 2020. Þetta þýðir til dæmis að losun koltvísýrings á Íslandi frá vatnsaflsvirkjun og framleiðslu eins álvers, er átta sinnum minni en frá sambærilegri framleiðslu til dæmis í Kína, þar sem rafmagnið er framleitt með mengandi kolum. Þetta gerir er að verkum að það er mun betra fyrir loftslagið í heiminum að framleiða ál á Íslandi en í löndum þar sem orkan er framleidd með jarðefnaeldsneyti. Á þessi sjónarmið benti til dæmis hagfræðingurinn og nóbelsverðlaunahafinn dr. Rajendra Pachauri, formaður loftslagsnefndar Sameinuðu þjóðanna, þegar hann kom til Íslands fyrr á þessu ári. Og það eru þessi sjónarmið sem fengust viðurkennd í Kyoto-samkomulaginu á sínum tíma. Það er því ekki ástæða fyrir Loft að óttast að loftslaginu í heiminum stafi sérstök ógn af álframleiðslu á Íslandi.

*Höfundur er framkvæmdastjóri samfélags- og upplýsingamála Alcoa Fjarðaáls.*

Lokadagur í dag

Síðasti dagur

Lagersölu

Veiðihornsins

Ármúla 8 er í dag.

Ætlar þú að missa af þessu?



HUGURINN BER ÞIG AÐEINS HÁLFA LEIÐ

Alltaf jafn góð tilfinning
að vera kominn í loftið

HVERS VEGNA VELUR ÞÚ ICELANDAIR?

- Icelandair er í fyrsta sæti meðal evrópskra flugfélaga það sem af er árinu 2009 fyrir stundvísi á flugleiðinni milli Evrópu og Bandaríkjanna.
- Í september var Icelandair í fyrsta sæti þegar skoðuð var stundvísi flugfélaga sem fljúga á stuttum og meðallöngum flugleiðum innan Evrópu.
- Icelandair hefur á þessu ári verið í fyrsta sæti þegar litið er til áreiðanleika flugfélaga í Evrópusambandi flugfélaga, þ.e. Icelandair hefur aflýst flugi sjaldnar en allir aðrir.

Icelandair skarar fram úr í stundvísi og áreiðanleika



BERÐU SAMAN VERÐ OG ÞJÓNUSTU
NÆST ÞEGAR ÞÚ FLÝGUR

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

# Niðurgreiðslur í útgerð

**UMRÆÐAN**
Þórólfur Matthíasson skrifar um útgerð



ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Á tyllidögum hreykja útgerðarmenn sér af því að útgerð hér á landi njóti ekki ríkisstyrkja. Sé grátkórsgállinn á þeim kvarta þeir undan að þurfa að keppa við ríkisstyrktan sjávarútveg Evrópusambandslandanna á helstu mörkuðum.

Og þó er þetta með óniðurgreiddan íslenska sjávarútveg ekki rétt. Ottó Biering Ottósson rekur umfang niðurgreiðslna í íslenskum sjávarútvegi í meistaraprófsritgerð sinni í hagfræði frá árinu 2004 og styðst m.a. við skilgreiningar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. Lesa má úr þeirri ritgerð að niðurgreiðslur í þröngum skilningi nemi 6% af verðmæti landaðs afla. Sjómannaafslátturinn vegur þungt í þeirri tölu.

Sú staðreynd að sjómannaafslátturinn telst niðurgreiðsla skv. skilgreiningum alþjóðastofnana fellur illa að málflutningi talsmanna útgerðar og sjómanna. Erfitt er að henda reiður á hvað sjómannaafslátturinn er, sé hann ekki niðurgreiðsla, þó nefna sjómenn gjarnan að hann sé umbun fyrir fjarveru frá fjölskyldu. Þau rök standast illa þegar framkvæmdin er skoðuð. Fingraför samningamanna útgerðar og sjómanna eru augljós þegar ákvæði skattalaga um sjómannaafslátt eru skoðuð: Sjómannaafsláttur nær til þeirra aðila sem sjómannafélögin semja fyrir, þ.m.t. hlutar-ráðinna beitningarmanna sem í landi vinna, sjómanna á ferjum, dýpkunarprömmum, sanddæluskipum og þar fram eftir götunum. Þá er gerð heiðarleg tilraun til að fella fjölda frádráttardaga að ráðningartíma sjómanns hjá útgerð séu ráðningardagar fleiri en sjóferðardagarnir. Þetta er gert með því að margfalda fjölda lögskráningardaga hjá lögskráningarskyldum aðilum með stuðlinum 1,49 og með því að heimila sjómönnum á skipum sem ekki eru lögskráningarskyld að telja fram til frádráttar almenna vinnudaga á útgerðartímabilinu óháð því hvort farið er á sjó eða ekki. Þetta ákvæði á við um mjög marga dagróðrarbáta. Þannig er umtalsverður hluti afsláttardaganna vegna manna sem eiga þess kost að hverfa til eigin heimilis daga og nætur með sama hætti og aðrir launþegar geta gert. Því til viðbótar teljast frídagar til afsláttardaga hjá hinum sem sannanlega dvelja fjarri heimili. Líklega eru skattafsláttardagar hátt í tvöfalt fleiri en lögskráningardagar. Sjómannaafslátturinn hefur því á sér allt yfirbragð launagreiðslu. Eini munurinn á sjómannaafslættinum og öðrum starfstengdum greiðslum til sjómanna er að greiðandinn er ríkissjóður en ekki útgerðin.

Með sjómannaafslættinum hefur útgerðarmönnum tekist að senda hluta af reikningnum fyrir útgerðarkostnaðinum til ríkissjóðs og þar með til almennra skattgreiðenda. Nú hafa hvorki ríkissjóður né almenningur lengur efni á þessari niðurgreiðslu og kostnaðarþátttöku.

Rekstrarafgangur útgerðar er umtalsverður um þessar mundir og rekstrarafkoma útgerðar sjaldan verið betri. Útgerðarmenn þurfa því tæpast að vera ölmusumenn ríkissjóðs lengur þegar kemur að launagreiðslum og væri manndómsbragur að ef þeir leystu almenning þegar undan þessum útgjöldum.

*Höfundur er prófessor í hagfræði við hagfræðideild Háskóla Íslands.*


Er loðnan að hverfa?

OPINN FYRIRLESTUR



**Björn Birnir**, prófessor í stærðfræði við University of California í Santa Barbara og gestaprófessor við verkfræði- og náttúruvísindasvið Háskóla Íslands, heldur **opinn fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands í dag, miðvikudag 2. desember kl. 16.00.**

Í fyrirlestrinum rekur Björn leiðir til að leita svara við spurningum um göngu loðnunnar og hvernig má beita stærðfræðilíkani til að finna hagkvæmustu aðferðina til veiða.

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, stýrir umræðum að fyrirlestrinum loknum.

Ókeypis aðgangur – allir velkomnir.

www.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





NÝTT Á ÍSLANDI
FLJÚGÐU ÓDÝRT 5. MAÍ – 29. SEPT. 2010

Grænland
önnur leiðin frá aðeins:
23.179 ISK*
911 DKK

Nú getur þú flogið ódýrt frá Keflavík til Grænlands. Það kostar aðeins **23.179 kr.*** að fljúga aðra leiðina á slóðir Eiríks Rauða í Narsarsuaq og fyrir **27.657 kr.**** kemstu til Nuuk, höfuðborgar Grænlands. Flogið verður til beggja áfangastaðanna á tímabilinu 5. maí - 12. júlí og 8. - 29. september 2010, en einnig verður flogið til Nuuk frá 19. júní - 4. september. Innifalið í verðinu er flug aðra leiðina ásamt öllum sköttum og gjöldum.

**Gríptu tækifærið og bókaðu núna á airgreenland.com**

** Miðað við MasterCard kortagengi 27.11.09: 25,44 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.*
*** Verð 1.087 DKK - miðað við MasterCard kortagengi 27.11.09: 25,44 ISK = 1DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.*

50
1960-2010
air greenland

ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

...við prentum!
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 2. desember 2009 – 28. tölublað – 5. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Endurnýting:**
Gamlir farsímar öðlast nýtt líf í þróunarlöndum. 9





**Veitingastaðir:**
Viðskiptamálsverðir á sjávarréttastöðum. 10



**Furstinn í Dúbaí:**
Segir stöðu furstadæmisins sterka. 4

## Skuldir úr 40 í 500 milljarða

Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja voru 42 milljarðar króna árið 1998 en 500 milljarðar tíu árum seinna. Á þessum tíma hafa meðaltalsskuldir hvers fyrirtækis því margfaldast.

Gengisþróun íslensku krónunnar hefur sveiflað skuldum sjávarútvegsins til á milli ára svo skiptir tugum milljarða. Eftir hrunið var sveiflan talin í vikum og mest var hún strax eftir hrun. Á þessu ári fóru skuldirnar úr 550 milljörðum í janúar í 470 milljarða í mars og svo til baka aftur yfir 500 milljarða á nokkrum vikum.

Útflutningsverðmæti íslensks sjávarútvegs stefnir í að verða 200 milljarðar í fyrsta skipti. Verðmætin voru meiri í lok júlí en þau voru allt árið 2005.

Sjá síðu 8

## ESA-reglur um stuðning

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) gaf í síðustu viku út leiðbeinandi reglur um ríkisstuðning við banka og fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Reglurnar verða í gildi fram til loka næsta árs.



PER SANDERUD

ESA segir í rökstuðningi sínum banka og fjármálafyrirtæki hafa notið góðs af ríkisstuðningnum og verði að sjá til þess að hann skekki ekki samkeppnisstöðu á fjármálamörkuðum. Því verði að endurskipuleggja rekstur þeirra sem stuðning hafi fengið, þó með þeim fyrirvara að fyrirtækin geti starfað án frekari hjálpar frá hinu opinbera í allra nánustu framtíð. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Sviptingar á fjölmiðlamarkaði** General Electric hefur ákveðið að greiða fjölmiðlafyrirtækinu Vivendi 5,8 milljarða dollara, eða ríflega 700 milljarða króna fyrir 20 prósenta hlut í NBC Universal. General Electric mun þar með eiga 100 prósenta hlut í NBCU. Talið er að General Electric muni í framhaldinu selja Comcast, stærsta kapalfyrirtæki Bandaríkjanna, 51 prósents hlut í NBCU.

**Bankakreppa í Venesúela** Stjórnvöld í Venesúela hafa lokað fjórum einkareknum bönkum í landinu. Privivienda-bankinn og Canarias-bankinn verða látnir fara á hausinn en líklegt er talið að Bolivar-bankanum og Confederado-bankanum verði bjargað og þeir þjóðnýttir.

**Mac-klónar bannaðir** Apple hefur unnið höfundarréttarmál gegn tölvufyrirtækinu Psystar sem hefur selt tölvur sem nota Apple OS X stýrikerfið, eða svokallaða Mac-klóna. Psystar taldi að þar sem fyrirtækið hefði keypt stýrikerfið með lögmætum hætti væri því heimilt að selja það áfram í tölvum sínum. Bandarískir dómstólar höfnuðu því.



**Fimm þúsund milljarðar** Helgin eftir þakkargjörðarhátíðina er einhver sú mikilvægasta fyrir bandaríska smásölumarkaðinn. Að þessu sinni versluðu Bandaríkjamenn fyrir fimm þúsund milljarða króna sem er 0,5 prósenta aukning frá því í fyrra.

# Bjart fram undan í íslensku efnahagslífi

### Hugsanlegt að hátt í sextíu fyrirtæki verði á hlutabréfamarkaði eftir fimm ár, að mati forstjóra Kauphallarinnar.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Gangi efnahagslífið fyrir sig án stóráfalla næstu fimm árin mun hér verða blómlegt ástand. Þetta segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra. „Efnahagslífið ætti að vera almennt komið í mjög þokkalegt ástand. Auðvitað eru óvissuþættir, sem maður ræður ekki við. En við ættum að verða búin með mesta skaflinn í ríkisfjármálum þótt ríkið verði enn nokkuð skuldsett,“ segir hann og telur jafnvel líklegt að atvinnuleysi verði komið niður úr tæpum átta prósentum í tvö til þrjú prósent. Það séu eðlilegar tölur á íslenskan mælikvarða.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, og Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP og fleiri fyrirtækja, taka undir með honum.

Þórður segir fjölda fyrirtækja vera við þröskuldinn og stefni í að um þrjátíu fyrirtæki verði á hlutabréfamarkaði hér í lok næsta árs. Þá muni mörg verða skráð árið 2011. „Við teljum að eftir þrjú til fimm ár verði Kauphöllin búin að ná upp sínum fyrri styrk,“ segir hann og bætir við að ekki sé útilokað að hátt í sextíu fyrirtæki verði þá skráð á markað hér. Þau verði mörg en flest tiltölulega lítil og endurspegla fjölbreytt atvinnulíf.

Vilhjálmur segir, að eftir að hann hafi kynnt sér stöðu efnahagsmála í heiminum um þessar mundir hafi hann orðið sáttari. „Við Íslendingar erum að fara í gegnum mikla hreinsun og munum standa uppi með hagkerfi sem skuldar tiltölulega lítið erlendis þegar upp verður staðið.“ Hann telur skuldirnar hér ekki meiri en í öðrum löndum auk þess sem lífeyrisskuldbindingar séu nánast fullfjármagnaðar og þjóðin ung og vel menntuð. Hann segir mikilvægt að leysa úr gjaldeyriskreppunni eins fljótt og auðið er. Lykillinn sé að hefja samstarf við evrópska seðlabanka um gjaldmiðlastuðning við íslenska seðlabankann.

Sjá síður 6-7

# Sony skoðar tölvuleikjafyrirtækin

### Eitt af þremur stærstu tölvuleikjatímaritum heims fjallar um íslensku leikjafyrirtækin. Samvinna þeirra skilar meiri árangri en blóðug samkeppni.

Fulltrúar frá leikjadeild japanska tæknifyrirtækisins Sony Interactive eru staddir hér á landi. Þeir komu á þriðjudag og funduðu í gær með forsvarsmönnum CCP, sem á og rekur fjölþátttökuleikinn EVE Online. Fyrirtækið vinnur auk þess að þróun nýs leikjar, sem heitir Dust 514. Þeir hittu einnig fulltrúa annarra tölvuleikjafyrirtækja, svo sem hjá Gogogic og nokkra aðra sem aðild eiga að Samtökum íslenskra leikjaframleiðenda (IGI).

Heimsóknin til CCP var löngu ákveðin en þegar þeir sáu mikla umfjöllun um íslenska tölvuleikjageirann í breska tímaritinu Edge Magazine, sem er eitt af þremur stærstu tímaritum í heimi innan tölvuleikjaheimsins og kom út um mánaðamótin, ákváðu þeir að ræða við hin fyrirtækin.

Í tímaritinu kemur fram að tölvuleikjaiðnaðurinn hafi tekið stökk eftir bankahrunið. Þetta sé ört vaxandi geiri, sem sé eftirtektarvert fyrir lítið samfélag. Rætt er við fulltrúa leikjafyrirtækjanna sem aðild eiga að IGI en þar kemur fram að sökum smæðar samfélagsins hafi þeir reitt sig á nána samvinnu í stað óvinveittrar samkeppni. Það hafi skilað miklu. - jab




**EDGE MAGAZINE** Í blaðinu kemur fram að íslenskir tölvuleikjaframleiðendur reiði sig fremur á samvinnu en óvinveittri samkeppni.


ORKUSPARANDI - UMHVERFISVÆNIR!
TAROS skjalatætarar
- Margar útfærslur í boði -
Þarftu að farga gömlu skjölunum fyrir áramótin?
Öflugir og áreiðanlegir skjalatætarar okkar eru tilvaldir í þessi verk.
Farga einnig geisladiskum og plastkortum.
www.oba.is
OBA
Otto B. Arnar ehf.
Skipholti 17 - 105 Reykjavík
Sími: 588-4699 / Netfang: oba@oba.is

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna.**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 4,80% | 15,35% | 15% |
| Landsbankinn | Sparireikningur 7,05%* | 14,5% | 14,5% |
| Íslandsbanki | Vaxtasproti 6,10% | 14,75% | 14,5% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 6,60%** | 17,40% | 17,20% |
| MP BANKI | MP 12 7,80%* | 14,90% | 13,40 til 14,90% |

*Miðað við 250.000 króna innlegg.*
**Bundnir í 12 mánuði **Úttektargjald hjá gjaldkera - 0,25%*

# Hrávöruverð hækkar

Helstu hrávöruverðsvísitölur hafa hækkað undanfarið. Að því er fram kemur í fréttabréfi IFS ráðgjafar þá hafa merki um meiri hagvöxt í Kína og aukin framleiðsla í heiminum stutt við hrávöruverð. „Skiptar skoðanir eru á meðal greinenda um hvort verð á einstaka hrávörum sé orðið of hátt, til dæmis áls, sykurs og mjöls," segir í fréttabréfinu.

Fram kemur að vísbendingar séu um frekari hækkanir á gulli og að gull muni hækka níunda árið í röð. Frá árinu 2000 hefur það hækkað um ríflega 338 prósent. Verð á únsu af gulli er um þessar mundir 1192 dollarar.

Mjölverð er í hæstu hæðum, er í 1.480 dollara tonnið og hefur hækkað um 75 prósent frá áramótum. Takmarkað framboð frá Perú og Chile og stöðug eftirspurn eftir mjöli frá fiskeldi í heiminum hefur leitt til þessa segir í fréttabréfinu. Verð á hráolíu, korni og áli hefur einnig hækkað á milli mánaða en verð á sykri stendur í stað.



**GULL SEM GLÓIR** Verð á gulli hækkar líklega níunda árið í röð.

# Fyrsta hækkun innan OECD síðan í maí

Árshækkun neysluverðs í löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) nam 0,2 prósentum, samkvæmt samantekt talna frá því í október síðastliðnum. Þetta er fyrsta hækkunin síðan í maí. Milli mánaða nam hækkunin 0,1 prósenti, en í september stóð verðlag í stað.

Milli ára lækkaði orkuverð um 9,2 prósent í október og hafði fallið um 13,9 prósent í september. Þá lækkaði verð matvæla um 1,0 prósent, miðað við 0,4 prósent í fyrra mánuði. Án tillits til orku og matvæla hækkaði hins vegar neysluverð um 1,6 prósent milli ára í OECD-löndunum í október og um 1,5 prósent í september.

Í evrulöndunum var 0,1 prósents verðhjöðnun í október og hefur þá heldur hægt á verðlækkunum milli mánaða, en hjöðnunin var 0,3 prósent í september. Milli mánaða mældist hins vegar 0,2 prósenta verðbólga.

12 mánaða verðbólga í Bandaríkjunum lækkaði um 0,2 prósent í október, miðað við 1,3 prósenta lækkun í september. Í Japan mældist svo 12 mánaða verðhjöðnun í október upp á 2,5 prósent.

Í október var ársverðbólga 1,5 prósent í Bretlandi, 0,3 prósent á Ítalíu og 0,1 prósent í Kanada. Í Þýskalandi stóð verðlag í stað og í Frakklandi var 0,2 prósenta verðhjöðnun. Á sama tíma var verðbólga hér á landi 9,7 prósent.

**- óká**



**JÓN SIGURÐSSON** Forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar segir stöðu fyrirtækisins góða og síðasta ársfjórðung með þeim betri sem sést hafi.
MARKAÐURINN/VILHELM

# Staða Össurar styrk

## Fjárhagurinn góður og nýtt og rafknúið gervihné á leiðinni.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fjárfestar eiga að halda í hlutabréf sín í stoðtækjafyrirtækinu Össuri og má gera ráð fyrir að markgengi bréfanna verði 146 krónur á hlut. Það jafngildir tæplega tólf prósenta hækkun miðað við gengi þeirra í dag.

Þetta kemur fram í nýju og uppfærðu verðmati IFS Greiningar á Össuri sem kynnt var á fjárfestingakynningu í höfuðstöðvum fyrirtækisins síðustu viku.

Í verðmatinu segir jafnframt að efnahagur Össurar sé sterkur, sjóðstreymið traust auk þess að vænta megi að meðaltali 4,3 prósenta tekjuvexti næstu þrjú ár.

Hins vegar sé vænt hækkun á hlutabréfaverðinu takmörkuð þar sem hluthafar fyrirtækisins hreyfi sig almennt lítið.

Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins, tók undir þetta og sagði tilgang hlutafjáraukningar í Danmörku í nýliðnum mánuði einmitt til þess fallinn að fjölga bréfum á markaðnum. Þá bætti hann við að sala fyrirtækisins hafi verið með besta móti á síðasta fjórðungi. Salan nam 84,2 milljónum dala á þriðja fjórðungi samanborið við tæpar 86,5 milljónir á sama tíma í fyrra. Jákvæðu fréttirnar sagði hann þær að erfið samþætting söludeilda vestanhafs hafi skilað góðum árangri.

Valdimar Halldórsson hjá IFS kynnti verðmatið auk þess sem Sigurður Gunnar Gissurarson, vörustjóri Össurar, fór yfir sögu Rheo-gervihnjáa fyrirtækisins.

Hann kynnti jafnframt nýjustu kynslóð rafdrifinna Power-hnjáa, sem áætlað er að komi á markað á næsta ári.

**- jab**

### ÚR VERÐMATINU

| Matið | Gengi á hlut |
|---|---|
| Sjóðsstreymismat | 1,4 dalir (171 ISK / 6,99 DKK) |
| Markgengi | 1,2 dalir (146 ISK/5,9 DKK) |
| Núverandi gengi* | 1,09 dalir (133 ISK/5,2 DKK) |

* Miðað við gengi hlutabréfa Össurar á föstudag.

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is



**Til leigu Bæjarlind 6, 201 Kópavogi**

Gott 545 fm. verslunarhúsnæði á jarðhæð, góð staðsetning, góðir sýningargluggar. Steinteppi á gólfi, afstúkuð skrifstofa, kaffihorn og salerni. **Laust strax!**

**Nánari upplýsingar veitir Helgi Már í s. 897-7086 / 534-1024, hmk@atvinnueignir.is**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari



KORTALÁN VALITOR
–Einföld og örugg greiðsludreifing

- Hagstæðar afborganir
- Söluaðilar geta valið um lán með breytilegum vöxtum eða vaxtalaus
- Söluaðilar greiða ekkert þjónustagjald af Kortalánum
- VALITOR greiðir út til söluaðila annan virkan dag eftir að sala fer fram

Hafðu samband í síma
525 2080
og kynntu þér málið

VALITOR KORTALÁN
VISA
MasterCard

FYRIRTÆKJALAUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is




TAX FREE
afnemum VSK
á okkar kostnað

Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar




Flex Max belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 22.409,-**
Verð áður kr. 27.900,-

Flex belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 18.393,-**
Verð áður kr. 22.900,-




System belti fyrir kviðvöðva dömu og herra
**Verð kr. 27.228,-**
Verð áður kr. 33.900,-

**System dömu- / herrapakki** - belti + armar - verð **kr. 37.650,-**
**System dömupakki** - belti + buxur - verð **kr. 39.995,-**
**System dömupakki** - belti + buxur + armar - verð **kr. 49.995,-**
**System parapakki** - belti + aukabelti - verð **kr. 37.650,-**
**System buxur** - verð **kr. 29.638,-** verð áður kr. 36.900,-
**Nuddtæki** - verð **kr. 18.393,-** verð áður kr. 22.900,-

KORTER - Ljósm. Jón Páll Vilhelmsson

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 21 ár
1988-2009

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

20 mínútur með Slendertone belti jafngildir 120 uppsetum

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is



**Til leigu Kringlan 5, 103 Reykjavík**

Glæsilegt 653 fm. skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í lyftuhúsnæði. Opið skrifstofurými að stórum hluta. Björt og rúmgóð móttaka með flísum og parketi á gólfi. Sameiginleg móttaka og mötuneyti fyrir allt húsið. Aðgangur að kennslusal sem rúmar um 50-60 manns og líkamsræktarsal mögulegur. Næg bílastæði.

**Nánari upplýsingar veitir Helgi Már í s. 897-7086 / 534-1024 , hmk@atvinnueignir.is**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Offjárfesting í Kína kallar á verndarstefnu

Kínversk stjórnvöld hafa undanfarið óspart látið fyrirtækjum í té bæði rausnarlega styrki og ódýrt lánsfé til þess að örva efnahagslíf landsins í miðri heimskreppunni.

Þetta gæti þó reynst varhugaverð stefna.

Í síðustu viku varaði viðskiptaráð Evrópusambandsins við því að afleiðingarnar gætu komið jafnt Kínverjum sem heimsbyggðinni allri í koll. Þrátt fyrir litla eftirspurn má búast við straumi af ódýrum vörum frá Kína, sem líkur eru til að kalli á verndarviðbrögð í öðrum heimshlutum. „Þessi stöðugi þrýstingur útflutnings frá Kína leiðir sennilega til aukinnar verndarstefnu í framtíðinni,“ sagði Jörg Wuttke, forseti ráðsins.



**ÞOKA Í PEKING** Búast má við flóði af ódýrum varningi frá Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ekki er þó að sjá að nein stefnubreyting verði hjá kínverskum stjórnvöldum á næstunni.

Á föstudaginn kom leiðtogasveit Kommúnistaflokksins saman til að ræða efnahagsmál. Þar ákváðu leiðtogarnir að halda ótrauðir áfram við að örva efnahagslífið með frekari ríkisstyrkjum og lánveitingu til fyrirtækja.

Í Kína jukust fjárfestingar á fyrri helmingi þessa árs um 40 prósent frá fyrra helmingi síðasta árs. Stærstur hluti fjárstuðnings frá ríkinu hefur farið í nýja flugvelli og aðrar opinberar framkvæmdir. **- gb**

# Dregur úr ótta um afdrif Dúbaí

## Dúbaí-fursti kvartar undan skilningsleysi markaðarins og fjölmiðlafári. Áhyggjur markaðarins vegna furstadæmisins virðast vera að dvína.

**Pétur Gunnarsson**
skrifar

Sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum, fursti í Dúbaí, segir að staða furstadæmisins sé sterk. Viðbrögð markaða við greiðslustöðvun eignarhaldsfélagsins Dúbaí World beri vott um skilningsleysi.

„Þeir skilja ekki neitt,“ sagði furstinn þegar hann ræddi við blaðamenn í gær, samkvæmt vefútgáfu Financial Times.

Dúbaí World er eignarhaldsfélag í eigu opinberra aðila í Dúbaí. Það er talið skulda um 60 milljarða bandaríkjadala. Fyrirtækið tilkynnti á miðvikudag að það gæti ekki greitt af skuldum sínum.

Rætt hefur verið um Dúbaí sem „nýja Ísland“ í erlendum fjölmiðlum og hruni hefur verið spáð í landinu. Fréttir af erfiðleikum Dúbaí World komu fram í lækkandi hlutabréfaverði um allan heim. Fyrirtækið hefur verið umsvifamikið í alþjóðaviðskiptum og merkisberi þeirrar stefnu stjórnvalda í furstadæminu að breyta furstadæminu í alþjóðlega fjármálamiðstöð.

Sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum fursti beindi líka spjótum að fjölmiðlum vegna umfjöllunar undanfarna daga og sagði: „Fyrirtækið er sjálfstætt og óháð ríkisstjórninni. Þetta fjölmiðlafár hefur engin áhrif á einbeitta afstöðu okkar. Það er ekki nema eðlilegt að við tökum til varna þegar þessi aðför er gerð og þetta mikla fár verður í fjölmiðlum.“



**FURSTI** Sjeik Mohammed bin Rashid al-Maktoum, fursti í Dúbaí, reyndi í gær að fullvissa fjölmiðla um að efnahagur furstadæmisins væri traustur og sagði að heimurinn skildi ekki stöðu mála í ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP-NORDICPHOTO

Í gærmorgun rufu stjórnendur Dúbaí World sex daga þögn og tilkynntu að fyrirtækið ætti í viðræðum við lánardrottna um endurfjármögnun 26 milljarða dala skulda. Við þær fréttir þokuðust hlutabréfavísitölur í London og Frankfurt, París og New York upp á við á ný. Gengi hlutabréfa í bresku bönkunum, Royal Bank of Scotland, Barclays og HSBC sem eru meðal stærstu lánardrottna Dúbaí World, fór hækkandi á ný.

Sérfræðingar, sem rætt var við á vefútgáfu Daily Telegaph, sögðu að markaðurinn hefði talið að 60 milljarða dala skuldir væru í uppnámi Dúbaí World. Því hafi yfirlýsing fyrirtækisins í gær dregið úr áhyggjum af alvarleika ástandsins.

Verð á skuldatryggingum Dúbaí lækkaði einnig í gær.

„Markaðirnir eru að viðurkenna að Dúbaí-kreppan er bundinn við þann heimshluta,“ sagði Heino Ruland, sérfræðingur hjá Ruland Research í Frankfurt, í samtali við vefútgáfu breska dagblaðsins Daily Telegraph.

# Ofursterkt jenið til vandræða í Japan

Styrkleiki japanska jensins kemur ekki bara niður á íslenskum lántakendum, heldur einnig fyrirtækjum og almenningi í Japan.

Þar í landi er engin verðbólga, heldur verðhjöðnun sem hefur staðið yfir samfleytt í átta mánuði og virðist ætla að versna enn eftir því sem jenið styrkist meira.

Þegar saman fer sterkt jen og verðhjöðnun má búast við alvarlegum vandræðum í efnahagslífi landsins, sem er með næststærsta hagkerfi heims.

Þótt verðhjöðnun þýði lægra vöruverð í búðum þýðir hún einnig að rekstrarafkoma fyrirtækja hefur versnað, sem þýðir að laun hafa lækkað og skuldir aukast. Hagnaður útflutningsfyrirtækja dregst einnig saman, sem gerir ástandið enn verra.

„Í miðri verðhjöðnun er svona mikil hækkun jensins mjög alvarlegt vandamál sem gæti komið sér illa fyrir efnahagslífið,“ segir Fujito Mitari, forstjóri stærstu viðskiptasamsteypu Japans, Nippon Keidanren. „Ég vona svo sannarlega að stjórnin bregðist við með neyðarráðstöfunum.“

Japönsk stjórnvöld hafa ekki gripið inn í gjaldeyrismarkaðinn síðan 2004, en nú virðast líkur aukast á því að gripið verði til einhverra aðgerða til að sporna gegn frekari verðhjöðnun.



**VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI Í JAPAN** Sterkur gjaldmiðill og verðhjöðnun þykir ekki góð blanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Eignastýring í fremstu röð

## Alhliða þjónusta við sparifjáreigendur og fagfjárfesta

**Hundruð milljarða í stýringu**

Eignastýring Íslandsbanka er leiðandi á íslenskum markaði með hundruð milljarða króna í eignastýringu og vörslu fyrir tugi þúsunda viðskiptavina, allt frá einstaklingum til fagfjárfesta. Á degi hverjum gæta um 50 starfsmenn Eignastýringar Íslandsbanka hagsmuna viðskiptavina okkar, vakta og stýra eignasöfnum og veita sérhæfða ráðgjöf við fjárfestingar.

**Fjárfestingarstefnan er grunnur eignastýringar**

Fjárfestingarstefna setur reglur um samsetningu eignasafnsins í samræmi við áhættuþol, áhættuvilja og arðsemiskröfu viðskiptavinarins. Skýr fjárfestingarstefna eykur líkurnar á því að sett markmið náist þegar til lengri tíma er litið. Skynsamleg og skilvirk fjárfestingarstefna tekur tillit til fjárhagsstöðu og þarfa hvers viðskiptavinar.

**Vöktun eignasafna**

Í breytilegu umhverfi getur vöktun og ráðgjöf sérfræðinga haft mikil áhrif á ávöxtun eigna. Eignasafn í stýringu hjá sérfræðingum Eignastýringar er vaktað og stýrt í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er ákveðin í samráði við viðskiptavini. Við stöndum svo vaktina og lögum sparnaðinn þinn að breytingum á markaði í takti við fjárfestingarstefnuna og tækifærin sem myndast hverju sinni.

**Einkabankaþjónusta**

Viðskiptavinum með mikil umsvif býðst einkabankaþjónusta með eigin viðskiptastjóra sem annast stjórn eignasafnsins og margvíslega ráðgjöf. Einkabankaþjónusta hentar kröfuhörðum viðskiptavinum sem vilja mikla alhliða þjónustu.

**Eigna- og lífeyrisþjónusta**

Þegar um er að ræða hefðbundna ávöxtun fjármuna, stakar fjárfestingar eða ráðstafanir vegna lífeyrissparnaðar annast sérfræðingar Eigna- og lífeyrisþjónustu Íslandsbanka ráðgjöf og þjónustu.*

**Netbanki**

Fyrir þá sem kjósa að stýra safni sínu sjálfir veitir Netbankinn greiðan og hagkvæman aðgang að einu breiðasta sjóðaúrvali landsins. Þar eru allir sjóðir Íslandssjóða aðgengilegir, auk þess sem Eignastýring Íslandsbanka á í samstarfi við Vanguard, eitt stærsta eignastýringarhús heims og aðra erlendra samstarfsaðila. Það tryggir greiðan aðgang og ráðgjöf við endurfjárfestingu í verðbréfasjóðum um allan heim.**

**Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.**

*Skv. lögum um verðbréfaviðskipti nr. 108 frá 2007 ber Eigna- og lífeyrisþjónustunni að afla upplýsinga um þekkingu, reynslu, fjárhagsstöðu og markmið með fyrirhuguðum fjárfestingum viðkomandi viðskiptavinar áður en persónuleg ráðgjöf er veitt. Öll ráðgjöf tekur mið af þeim upplýsingum sem lagðar eru fram hverju sinni og geta þær vitanlega verið breytingum háðar. Endanleg ákvörðun um fjárfestingar verður þó ávallt ákvörðun viðskiptavinarins.

**Athugið að sökum breytinga á lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 til að hefta fjármagnsflæði frá landinu þá er tímabundið lokað á fjárfestingar í verðbréfasjóðum í erlendum gjaldmiðlum nema í tilfellum endurfjárfestinga.

### Helstu samstarfsaðilar

Íslandssjóðir

Vanguard

### Alhliða fjármálaþjónusta




### Sveigjanlegt þjónustustig




eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920

Íslandsbanki

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

# Hvernig verður *Ísland* næstu ár?

Óhikað má fullyrða að fólk sé orðið þreytt á bölmóðinum sem fylgt hefur í kjölfar fjármálahrunsins hér og umræðu um neikvæðar horfur. Jón Aðalstein Bergsveinsson fýsti að vita hvers megi vænta á næstu árum og hvernig aðstæður verði hér þegar rykið af hruninu hefur sest.

Ísland stendur á margan hátt á tímamótum. Ríkisstjórn sem hélt um valdataumana í samfélaginu í átján ár er horfin á braut og hefur ný stjórn haft sig alla við að hreinsa upp leifar hins gamla valdasamfélags.

Heilmikil vinna hefur staðið yfir jafnt í stjórnarherbergjum sem hjá hinum almenna borgara. Nokkrir hópar hafa staðið fyrir ýmis konar uppákomum í leit að nýrri framtíðarsýn, nýjum áttavita fyrir landsmenn sem vilja vita hvert við stefnum - eða eigum að stefna. Erfitt er þó að sjá hvernig komast má upp úr þeirri lægð sem landið liggur í.

### ERFITT TIL SKAMMS TÍMA

Horfur á þessu ári og því næsta eru ekki ýkja efnilegar. Gengi krónunnar hefur aldrei verið jafn lágt skráð, þótt verðbólga sé enn há hefur mjög dregið úr henni. Á sama tíma hefur Seðlabankinn lækkað stýrivexti hratt, um tæp 45 prósent á aðeins sjö mánuðum. Innlánsvextir bankans, sem eru virkara stjórntæki eftir fall bankanna, stendur nú í níu prósentum. Flestir þeirra sem Markaðurinn hefur rætt við eru samdóma um að vaxtastigið sé enn of hátt og þurfi að lækka hratt frá og með vaxtaákvörðunarfundi bankans í næstu viku.

Í síðustu Peningamálum, ársfjórðungsriti Seðlabankans, kemur fram að horfur hafi batnað frá fyrri spá bankans í ágúst. Þar á meðal hafi dregið úr gengissveiflum, sem sé lykilþáttur í endurreisn efnahagslífsins auk þess sem það veiti heimilum, fyrirtækjum og fjármálafyrirtækjum skjól á meðal endurskipulagning þeirra standi yfir. Þá sé útlit fyrir minni samdrátt en spáð hafi verið og muni það hraða efnahagsbatanum. Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir lágu gengi krónu áfram sem geti leitt til þess að hægar dragi úr verðbólgu en gert hefur verið ráð fyrir.

Þeir sem rætt hefur verið við vegna málsins eru ekki á einu máli um efnahagsbatann. Nokkrir segja hann vel geta orðið snarpan eftir mitt næsta ár og líti til betri vegar eftir tvö ár. Aðrir segja nauðsynlegt að stíga varlega til jarðar, undirlagið kunni að vera viðkvæmara en í fyrstu megi telja. Menn verði því að vera þolinmóðir og anda rólega.

### VARANLEGAR LAUSNIR

Ljóst er að skuldastaða ríkisins hefur snarversnað í kjölfar gjaldeyris- og bankakreppunnar. Ætla má að þær nemi 1.500 milljörðum króna hið minnsta og skrifast um helmingur hennar á Icesave-skuldbindinguna.

Bæði Seðlabankinn sem viðmælendur Markaðarins eru að mestu sammála um að það versta í kreppunni hér verði yfirstaðið eftir um fimm ár. Hins vegar séu óvissuþættirnir fjölmargir. Þeir sem rætt hefur verið við segja næstu daga verða örlagaríka enda kunni þeir að skera úr um hvort kreppan dragist á langinn. Ekki megi láta undan þrýstingi í hálfgildings fegurðarsamkeppni um flottustu lausnina til skamms tíma heldur verði að horfa mun lengra fram á veg.

Mikilvægustu þættirnir þar eru farsæl lausn Icesave-deilunnar og lausn á gjaldeyrismálum þjóðarinnar sem hafa tafið bæði fyrir nauðsynlegu flæði fjármagns til og frá landinu auk þess að fæla verðuga fjárfesta frá ábatasömum verkefnum. Þegar því verki lýkur sé fátt sem standi í vegi fyrir því að framtíðin hér verði farsæl.



**VIÐ ÞRÖSKULD Á NÝJU LANDI** Þessa dagana er verið að taka örlagaríkar ákvarðanir sem geta haft áhrif um margra ára skeið. Þeir sem rætt hefur við í tengslum við þessa umfjöllun segja skammtímalausnir duga skammt. Mikilvægt að ráðamenn þjóðarinnar láti ekki undan þrýstingi sérhagsmunahópa og horfi til áhrifa til langs tíma. MARKAÐURINN/SAMSETT MYND

## Spannar litróf atvinnulífsins

Hugsanlegt er að allt að sextíu fyrirtæki verði skráð í Kauphöllina eftir fimm ár. Helmingur þeirra fer á markað á næsta ári.

„Við teljum að eftir þrjú til fimm ár verði Kauphöllin búin að ná upp sínum fyrri styrk," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Þórður sagði í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku útlit fyrir að fimmtán fyrirtæki verði skráð á markað á næsta ári og verði þau allt að þrjátíu í lok árs. „Við vitum nú þegar um allnokkurn fjölda sem vill inn en er ekki tilbúinn til þess á næsta ári," segir hann.

Til samanburðar voru 75 fyrirtæki skráð á markað í kringum 2001 og höfðu þau þá aldrei verið fleiri. Þar af voru um 30 sjávarútvegsfyrirtæki, olíufélög og fleiri fyrirtæki í svipuðum dúr.

Þórður gerir ráð fyrir að fyrirtækin sem fari á markað verði nokkuð minni en þau sem þar hafi verið í kringum hrunið, sum hver lítil. Hann telur líklegt að skráð fyrirtæki muni verða þverskurður af atvinnulífinu hér og megi gera ráð fyrir að á meðal þeirra verði sjávarútvegsfyrirtæki, úr orkugeiranum og smásölufyrirtæki. Þá megi ekki útiloka að bankarnir leiti aftur út á markaðinn auk þekkingarfyrirtækja, sprotafyrirtækja sem komin séu á ákveðinn stall. Þau verði skráð á hliðarmarkaðinn First North.

„Við munum væntanlega verða komin með hlutabréfamarkað sem verður orðinn svipaður að stærð og á Norðurlöndunum," segir Þórður og bætir við að hugsanlega kunni markaðsverðmæti þeirra að samsvara einni landsframleiðslu.

Gróflega er það þrisvar sinnum stærra en Kaupþing var eitt og sér þegar best lét.

Helsti óvissuþátturinn felst í samrunum fyrirtækja, að sögn Þórðar. Gangi það eftir munu færri fyrirtæki sækjast eftir skráningu en ella. Þau verði hins vegar stærri.



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON** Forstjóri Kauphallarinnar gerir ráð fyrir því að litrík fyrirtækjaflóra verði skráð á markað í Kauphöllinni eftir fimm ár. MARKAÐURINN/GVA

## Föst í viðjum lágt skráðrar krónu

Uppbyggingarstarf eftir bankahrunið mun taka langan tíma og batinn verða hægur.

„Ég hef lúmskan grun um að þótt það versta verði afstaðið á næsta ári þá verði ekki um snertilending að ræða," segir Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá IFS Greiningu.

Hann bendir á að það taki aðrar þjóðir sem lendi í gjaldeyris- og bankakreppum að jafnaði þrjú ár að komast í gegnum gjaldeyris- og bankakreppur. „Hún hefur nú staðið yfir hér í eitt ár og því má búast við að tvö ár séu þar til eðlilegu ástandi verði náð," segir Snorri og telur að botninn verði að baki næsta ár. Að því loknu taki við hæg uppbygging. Uppbyggingarstarf kunni að taka langan tíma og því verði fólk að vera þolinmótt. „Þetta getur tekið ansi langan tíma enda margar hindranir á veginum."

Hann hefur jafnframt áhyggjur af beinni og óbeinni skuldastöðu ríkissjóðs. „Skuldir Seðlabankans nema 590 milljörðum króna. Þá er ekki talið með Icesave, sem hljóðar upp á 750 milljarða króna. Ofan á það bætast gjaldeyrislán sem eru að koma á næstunni. Fljótlega má því reikna með að hundrað milljarða gjaldeyrislán bætist ofan á skuldaklafann á næstu vikum.

Snorri bendir á að hugsanafeill felist í fréttum af betri heimtum eigna Landsbankans upp í Icesave-skuldina. Skýringin liggi í lágu gengi krónunnar upp á síðkastið. „Í raun varð þetta til að slá ryki í augu fólks. Þótt heimtur vegna Icesave teljist níutíu prósent í dag þá er það út úr kortinu. Heimturnar væru nærri því að vera sjötíu prósent ef gengið væri sterkara. Icesave-málið mun reynast okkur dýrt. En það er lítið annað hægt en að samþykkja samninginn," segir Snorri og bendir á að Icesave-skuldbindingar valdi því að krónan megi ekki styrkjast mikið. Gerist það kunni kostnaðurinn að rjúka upp úr öllu valdi. Við séum því eiginlega föst í viðjum lágrar gengisskráningar.



**SNORRI JAKOBSSON** Spáir því að bati efnahagslífsins verði afar hægur. MARKAÐURINN/RÓBERT



**BRJÓSTSYKURSTAFIR** voru upphaflega hvítir og beinir. Hugmyndin að bogna endanum kom frá kórstjóra í dómkirkjunni í Köln. Hann vildi láta stafina líkjast staf hirðanna og dreifa þeim til barna til að halda þeim rólegum meðan á messu stæði. Það var ekki fyrr en á tuttugustu öldinni sem rauðu línurnar bættust við.




Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473



Úlpur og kápur

www.hjahrafnhildi.is

hjá Hrafnhildi

Engjateigur 5 - 105 Reykjavík - s: 581 2141

Nýtt - Nýtt - Nýtt



Ný sending af hringtreflum

Margar gerðir og litir

Verð frá kr 2.500-3.500

Mikið úrval af ullargrifflum og vettlingum.

SKARTHÚSIÐ • LAUGAVEGI 44 • SÍMI 562 24 66




Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




Sigrún María segir nemendurna sem eru á leið til Kaupmannahafnar sjá sjálfa um allan kostnað við ferðina. Nokkrir hafi verið með fjáröflun í vetur í þeim tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Alveg dásamlegur kúrs

**Sigrún María Kristinsdóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræðum í Háskóla Íslands, er í hópi nemenda sem ferðast til Kaupmannahafnar á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í þessum mánuði.**

„Það er mikil tilhlökkun í hópnum. Þetta verður samt hörkuvinna, því fundirnir hefjast klukkan átta á morgnana og standa yfir langt fram á kvöld,“ segir Sigrún María Kristinsdóttir, doktorsnemi í umhverfis- og auðlindafræðum við Háskóla Íslands. Um tuttugu manna hópur íslenskra og erlendra nema, sem flestir leggja stund á meistaranám í faginu, heldur senn til Kaupmannahafnar þar sem loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna fer fram í þessum mánuði.

Nemarnir hafa í haust setið námskeiðið Hnattrænar loftlagsbreytingar í fortíð, nútíð og framtíð undir stjórn þeirra Guðmundar Inga Guðbrandssonar og Brynhildar Davíðsdóttur. Ferðin til Kaupmannahafnar er annað námskeið sem kemur í beinu framhaldi.

„Megintilgangurinn er að fylgjast með þeim viðræðum sem þarna fara fram og læra sem mest um allan ferilinn sem liggur að baki svona alþjóðlegum ráðstefnum. Við förum sem rannsóknarstofnun og höfum ekki aðgang að öllum viðburðum, en hyggjumst sækja ýmsa hliðarviðburði eins og fyrirlestra og fundi sem haldnir eru meðfram ráðstefnunni. Það er mjög spennandi og ýmislegt sem forvitnilegt verður að kynnast,“ segir Sigrún María.

Meðan á dvöl hópsins stendur munu nemendurnir hittast á hverjum morgni og halda nokkurs konar stöðufund. „Dagskráin er viðamikil og eðlilega komast ekki allir á þá viðburði sem þeir hafa áhuga á. Þess vegna er nauðsynlegt að heyra frásagnir hinna, og einnig skilst mér að það sé margt að læra af því að vera á göngunum og spjalla við fólk.“

Spurð hvort utanlandsferð hljóti ekki að vera draumanámskeið hvers nemanda svarar Sigrún María því játandi. „Þetta er alveg dásamlegur kúrs, sérstaklega þegar maður er svo heppinn að eiga frænku í Kaupmannahöfn. Svo fær hópurinn líka ókeypis í strætó meðan á ráðstefnunni stendur, þannig að þetta lítur afar vel út,“ segir Sigrún María með tilhlökkun. *kjartan@frettabladid.is*





BÍLKÓ | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins

**7. DESEMBER** er síðasti skiladagur fyrir jólapakka sem eiga að fara utan til Evrópu. www.postur.is










Brúðugerðarmeistarinn Bernd Ogrodnik fyrir framan brúðuleikhúsið sitt.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Jólin í Landnámssetrinu

**Landnámssetrið í Borgarnesi stendur fyrir skemmtilegri jóladagskrá sem höfðar jafnt til barna og fullorðinna. Til dæmis er boðið upp á þjóðlegt hádegishlaðborð og brúðuleikrit um Grýlu.**

„Nú er fólk að leita eftir innihaldsríkri afþreyingu sem hægt er að upplifa með börnunum í stað þess að arka um verslunarmiðstöðvarnar,“ segir Sigríður Margrét Guðmundsdóttir hjá Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þau hafa tvö undanfarin ár staðið fyrir fjölskylduvænni jólaskemmtun sem höfðar jafnt til yngstu barnanna og ömmu og afa. „Við köllum þetta Uppáhald jólasveinanna og Pönnukakan hennar Grýlu. Við erum með hádegishlaðborð með þjóðlegum mat sem er í uppáhaldi hjá jólasveinunum. Það er matur eins og bjúgu með rauðkáli, grænum baunum og uppstúfi, plokkfiskur, steikt slátur með rófustöppu og kjötbollur með brúnni sósu og svo mætti lengi telja. Það er aldrei að vita nema að hungraðir jólasveinar mæti og ætli að næla sér í eitthvað af sínu í uppáhaldi,“ segir Sigríður Margrét „Eftir matinn syngjum við jólalög og dönsum í kringum jólatréð en þá myndast ofsalega skemmtileg jólastemning. Að því loknu kemur snillingurinn Bernd Ogrodnik með brúðuleikhúsið sitt og sýnir Pönnukakan hennar Grýlu, en börnin eru oft stjörf af hrifningu yfir brúðunum og söngvunum í því. Grýla tekur upp á því að baka stóra og góða pönnuköku en kakan vill ekki vera étin af Grýlu svo hún rúllar undan henni. Pönnukakan rúllar og rúllar áfram og á leiðinni hittir hún marga sem vilja fá að bíta í hana en loksins hittir hún gott fólk en ég má ekki uppljóstra hvert það er.



Jólasveinarnir á Landnámssetrinu eru skemmtilegir og hressir.

Sigríður Margrét segir að enn sé varla hægt að tala um hefð. „Sumir hafa komið í hin tvö skiptin og ég veit að þeir ætla ekki að láta sig vanta í ár. Börn hafa svo gaman af því að heyra sömu söguna aftur. Aðventan er tími hefðanna. Vonandi verður þetta að skemmtilegri fjölskylduhefð í framtíðinni,“ segir hún og bætir við að fólk verði svo ánægt að hafa drifið sig út úr bæjarkliðnum í kyrrð og rökkur sveitarinnar. Sýningarnar verða haldnar 13. og 20. desember en nánari upplýsingar má nálgast á www.landnam.is.

*unnur@frettabladid.is*















Flugfreyjukórinn við Þristinn.

# Flugfreyjur syngja í Fríkirkjunni

**Flugfreyjukórinn, undir stjórn Magnúsar Kjartanssonar, heldur aðventukvöld í Fríkirkjunni í kvöld klukkan 20.**

„Við syngjum jólatónlist sem okkur finnst hæfa tilefninu. Þetta verða lög allt frá Ave Maria og til It‘s beginning to look a lot like Christmas,“ segir Magnús Kjartansson tónlistarmaður kátur í bragði þegar hann er beðinn um að segja frá aðventukvöldi Flugfreyjukórsins í Fríkirkjunni.

Magnús hefur stjórnað kórnum frá upphafi eða í á sjötta ár. Í kórnum eru rúmlega tuttugu freyjur. „Þó er fjöldi á æfingum kórsins æði misjafn vegna eðlis flugfreyjustarfsins,“ segir hann glaðlega.

Aðventukvöldið segir hann byggjast á gamalli hefð. „Fyrir löngu síðan myndaðist sú hefð að hafa kyrrðarstund fyrir flugfólk í byrjun desember. Ég held að upphafið megi rekja til flugslyss sem varð á Srí Lanka þar sem nokkrir Íslendingar létust. Þetta þróaðist síðan í samverustund fyrir flugfólk til að fagna því að allt hefur gengið vel það árið.“

Á aðventukvöldinu í kvöld mun kórinn syngja en fleira flugfólk lætur til sín taka. „Flugstjóri leikur á orgel og flugfreyjur á selló og fiðlu. Síðan mun flugfreyja flytja hugleiðingu og loks mun séra Magni blása mönnum jólaanda í brjóst,“ segir Magnús og lætur vel af því starfi að stjórna Flugfreyjukórnum.

*- sg*



Galdurinn við súkkulaðibitakökurnar felst í að hræra sykur, smjör og egg vel saman.

## SÚKKULAÐIBITAKÖKURNAR HENNAR MÖMMU

*Í uppskrift að súkkulaðibitakökum Ragnhildar Sifjar Reynisdóttur gullsmiðs sem birtist í Fjölskyldublaði Fréttablaðsins á laugardag gerðust þau leiðu mistök að eggin féllu úr uppskriftinni. Fréttablaðið gerir bragarbót á og birtir hér með rétta uppskrift.*

1 bolli smjör
¾ bolli púðursykur
¾ bolli sykur
2 egg
Hræra þetta mjög vel saman. Síðan bæta við:
½ tsk. salt
1 bolli möndlur eða uppáhaldshnetur fjölskyldunnar
1 bolli suðusúkkulaði
2 ½ bolli hveiti
1. tsk. matarsódi
1 msk. vatn

*Setja þær á plötu með teskeið. Baka við 200 gráður í 5 til 10 mínútur eða þar til þær eru gullitaðar.*






Teg. 10253 - mjúkur og æðislegur í BCD skálum á kr. 3.950,- buxur í stíl á kr. 1.950,-



Teg. 7273 - létt fylltur bh í BC skálum á kr. 3.950,- flottar boxer buxur í stíl á kr. 1.950,-

MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14



Glæsilegir pallíettutoppar fyrir jólin
Rita
Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is

MAXIWELL II NUDDARINN
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS





LOGY EHF - BERJARIMA 6 - 112 REYKJAVÍK - SÍMI. 661 2580

Patti Húsgögn
Landsins mesta úrval af sófasettum



P-8185 3+1+1
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
290.900 kr Verð áður 322.900 kr



BOSTON-LUX
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Við framleiðum hornsófar, tungusófar sófasett og stakir sófar eftir óskum hvers og eins. Mikið úrval af áklæðum



MAN-8205



ROMA ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BONN ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
BOSTON-LUX ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA



KÖLN 3+1+1
FUSITE -6731 LEÐURSETT 3+1+1
199.950 kr Verð áður 399.000 kr



MAN-75 LEÐUR BOGASÓFI
299.900 kr Verð áður 469.000 kr
CHESTERFILED

Dugguvogi 2 / s: 557 9510 / www.patti.is
Opnunartími : Mánudaga - Föstudaga frá 9 til 18 og Laugardaga frá 11 til 16



ALLT TIL INNPÖKKUNAR
KÖRFUR Í MIKLU ÚRVALI
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500



Flott Ítölsk jólaföt og jólagjafir
IANA
Laugavegi 53 • s. 552 3737
Opið mánudaga til föstudaga 10-18
Laugardaga 10-17





**AF RÍKISSTJÓRNARFUNDI** Efnahagslífið ætti að vera komið í þokkalegt ástand eftir fimm ár, að mati efnahags- og viðskiptaráðherra. MARKAÐURINN/ANTON

# Efnahagslífið á eðlilegu róli

„Efnahagslífið ætti að vera almennt komið í mjög þokkalegt ástand. Auðvitað eru óvissuþættir, sem maður ræður ekki við. En við ættum að verða búin með mesta skaflinn í ríkisfjármálum þótt ríkið verði enn nokkuð skuldsett," segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, spurður um útlitið hér eftir fimm ár.

Hann er bjartsýnn um horfurnar. „Við ættum að vera löngu komin úr efnahagsáætlun AGS, gjaldeyrishöftin að baki og jafnvel inn í Evrópusambandið. Það er einn af óvissuþáttunum. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að hér verði orðið nokkuð eðlilegt, jafnvel blómlegt ástand," segir Gylfi og bendir á að atvinnuleysi kunni að verða í kringum tvö til þrjú prósent, sem sé eðlilegt á íslenskan mælikvarða. Þá megi ekki útiloka að landsframleiðsla verði komin á svipaðar slóðir og á árabilinu 2006 til 2007 eftir samdrátt fram á næsta ár.

„Þetta ætti að ganga upp að því gefnu að frekari stóráföll ríði ekki yfir," segir Gylfi Magnússon.

# Bjartsýnn á horfurnar

## Mikilvægasta verkefnið að leysa úr gjaldeyrisvandanum, að mati Vilhjálms Þorsteinssonar.

„Ég var mjög svartsýnn á horfur hér á árabilinu 2007 til 2008. En nú er ég bjartsýnn á okkar ágæta land," segir Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður CCP og Verne Holding.

Vilhjálmur segist hafa dregið þessa ályktun eftir að hann kynnti sér stöðu efnahagsmála í heiminum um þessar mundir. „Við Íslendingar erum að fara í gegnum mikla hreinsun og munum standa uppi með hagkerfi sem skuldar tiltölulega lítið erlendis þegar upp verður staðið," segir hann og bendir á að skuldaklafinn hér sé ekki meiri en önnur lönd beri á herðum sér. Lífeyrisskuldbindingar séu nánast fullfjármagnaðar og þjóðin sé ung og vel menntuð.



**VILHJÁLMUR** Stjórnarformaður CCP telur líklegt að Íslendingar verði búnir að ná vopnum sínum aftur eftir fimm ár. MARKAÐURINN/ARNÞÓR

„Skuldirnar eru minni en menn hafa haldið. Mér sýnist að nettóskuldir þjóðarbúsins í lok þessa árs kunni að verða 35 prósent af landsframleiðslu. Það er ekki mikið í alþjóðlegum samanburði," segir Vilhjálmur, sem telur mikilvægt að leysa úr gjaldeyriskreppunni eins fljótt og auðið er nú þegar hilli undir að bankakreppunni sé að ljúka. Lykillinn að því sé að hefja samstarf við evrópska seðlabankann um gjaldmiðlastuðning við íslenska seðlabankann. Hann telur ekki útilokað að eftir fimm ár hafi hér verið tekið upp myntsamstarf við Evrópusambandið með tengingu krónu við gengi evru, ef ekki landið komið langleiðina í Evrópusambandið.

Vilhjálmur bendir á að hér séu gríðarlegar náttúrulegar auðlindir sem muni verða afar verðmætar á komandi árum. Hann nefnir sérstaklega að eftir rúm þrjú ár verði tekið upp nýtt kerfi innan Evrópusambandsins til að versla með kolefnislosunarheimildir. „Ég tel að margir muni leita eftir því að koma hingað með ýmis not fyrir græna orku. Við eigum möguleika á því að verðleggja okkar orku hærra eftir því sem líður," segir Vilhjálmur. „Þá er margt spennandi að gerast í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum, og sem betur fer eigum við ennþá frumkvöðla sem eru fullir af eldmóði. Ég tel að eftir fimm ár verðum við búin að ná vopnum okkar aftur."




## ÚR FORTÍÐINNI




# Síðustu skref fyrir fall

Hafskip hélt hluthafafund á Hótel Sögu í febrúar 1985. Þar var samþykkt tillaga stjórnar um að fara í áttatíu milljóna króna hlutafjárútboð. Fundurinn var haldinn undir formerkjunum Á krossgötum.

Eftir ágætt gengi félagsins tók að halla undan fæti snemma árs 1984 og þegar líða tók á árið skrúfaði Útvegsbankinn, helsti lánardrottinn Hafskipa, fyrir lánveitingar. Ekki bætti verkfall BSRB um haustið úr skák en við það féllu skipasiglingar niður í heilan mánuð.

Örnólfur Árnason segir í bók sinni Ísland í aldanna rás 1900 til 2000 Hafskipsmenn hafa talið að nýtilkomnar Atlantshafssiglingar myndu skila miklum ágóða og rétta fjárhaginn við eftir að flutningar fyrir varnarliðið duttu upp fyrir. Verkfall og lánaþurrð kom sér hins vegar illa. Því var hafist handa við að afla nýs hlutafjár. Niðurstaðan var kynnt á fundinum á Hótel Sögu. Vorið eftir kom hins vegar í ljós að tapreksturinn reyndist meiri en áætlað var og myndi hlutafjáraukningin því aðeins fleyta fyrirtækinu skammtan spöl.

Útvegsbankinn studdi við bak Hafskipa í kringum hlutafjáraukninguna og lánaði félaginu fé með tryggingu í skuldabréfum, sem gefin voru út vegna hlutafjárloforðanna.

Hafskip var tekið til gjaldþrotaskipta í desember 1985, eða fyrir 25 árum. Björgólfur Guðmundsson, forstjóri Hafskipa, sem á myndinni les upp skýrslu félagsins, var dæmdur í skilorðsbundið fangelsi í tólf mánuði fimm árum síðar í tengslum við gjaldþrotið og brot á lögum. Þrír aðrir stjórnarmenn fengu sambærilega dóma.

Björgólfur fór síðar til Rússlands með gamlar vélar úr ölgerðinni Sanitas og framleiddi þar bjór. Hann, sonur hans Björgólfur og félagi þeirra, Magnús Þorsteinsson, högnuðust verulega á sölu verksmiðjunnar til hollenska bjórframleiðandans Heineken snemma árs 2002. Undir lok ársins sömdu þeir um kaup á Landsbankanum. Björgólfur formaður bankaráðs fram í október 2008 þegar ríkið tók hann yfir. Í lok júlí síðastliðnum var Björgólfur úrskurðaður gjaldþrota og eru öll þau félög sem skrifuð voru á hann ýmist komin sömu leið eða í skiptameðferð.

## SKULDIR SJÁVARÚTVEGSFYRIRTÆKJA




# Útgerðin bar aðeins fjögur prósent heildarskulda 2007

**Skuldir sjávarútvegsfyrirtækja voru 323 milljarðar árið 2007 en 1998 voru skuldirnar 42 milljarðar. Útflutningsverðmæti ársins stefna í 200 milljarða.**

Svavar Hávarðsson
skrifar

Skuldir allra fyrirtækja í sjávarútvegi námu 323 milljörðum króna í árslok 2007. Meðaltalsskuld á hvert fyrirtæki var 288 milljónir króna og af öllum skuldum fyrirtækja í landinu námu skuldir sjávarútvegsins fjórum prósentum af heildinni.

Þetta sýnir úttekt Creditinfo á þróun skulda hjá fyrirtækjum í landinu samkvæmt ársreikningum á tímabilinu 1997 til 2007. Skuldir ársreikninga byggja á heildarskuldum fyrirtækja; frá bönkum og fjármálastofnunum, opinberum aðilum og birgjum.



**Á VEIÐUM** Heildarskuldir sjávarútvegsfyrirtækja námu í árslok 2008 tæplega 500 milljörðum króna en voru komnar upp í 550 milljarða í lok júlí í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Skuldir stærstu sjávarútvegs- og útgerðarfyrirtækja námu ríflega 87 prósentum af skuldum þessara fyrirtækja en smábátaútgerð og fiskeldi báru minni skuldir. Þetta þýðir að tæplega níutíu prósent skulda sjávarútvegsfyrirtækja voru skuldir tæplega þriðjungs þeirra sem starfa í sjávarútvegi.

Þegar skuldaþróun greinarinnar á árabilinu sem greining Creditinfo nær til er skoðuð sést að meðaltalsskuldir fyrirtækjanna hafa aukist mjög. Árið 1998, en þá voru meðaltalsskuldirnar lægstar á tímabilinu, skuldaði hvert fyrirtæki 101 milljón króna en var 356 milljónir árið 2001. Heildarskuldirnar þessi ár voru 42 milljarðar 1998 en 223 milljarðar árið 2001. Í lok tímabilsins voru skuldirnar 322 milljarðar og meðalskuld hvers fyrirtækis 288 milljónir. Sveiflur á skuldabyrði milli ára voru mun meiri á árunum 1997 til 2001 en frá 2002 til loka tímabilsins.

Skuldir íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja eru taldar vera fimmtán til átján prósent í íslenskum krónum í dag. Hlutfallið árin 1997 til 2007 var svipað að mati Arnars Sigurmundssonar, formanns Samtaka fiskvinnslustöðva (SF). Það undirstrikar hversu mjög sjávarútvegurinn er háður gengi krónunnar þegar kemur að skuldum.

Arnar gerði þróunina eftir 2007 að umtalsefni á aðalfundi SF í september. Í lok árs 2008 voru heildarskuldir sjávarútvegsins tæplega 500 milljarðar króna og 550 milljarðar í lok júlí í ár. Styrking krónunnar í byrjun árs lækkaði þessa tölu niður í 470 milljarða í mars sem sýnir enn og aftur hvernig gengið skekkir rekstrargrundvöll fyrirtækja á stuttum tíma.

Rétt er að hafa í huga að útflutningsverðmæti greinarinnar eru nátengd genginu á sama hátt. Þannig voru útflutningstekjur frá 2001 til 2007 á bilinu 122 til 130 milljarðar. Þær voru 171 milljarður króna árið 2008 og spár gera ráð fyrir tæplega 200 milljarða útflutningstekjum sjávarútvegsins á þessu ári.

# Opinn fundur um fjárlögin í Japan

Yukio Hatoyama, hinn nýi forsætisráðherra Japans, hikar ekki við að prófa nýjungar sem ráðsettari stjórnmálamenn hefðu ekki látið sér til hugar koma að framkvæma.

Nú síðast tók hann upp á því að efna til opins fundar um fjárlagagerðina, þar sem æðstu embættismenn ráðuneytanna sátu fyrir svörum. „Hvers vegna fer varnarmálaráðuneytið eitt fram á fleira starfsfólk?“ er dæmi um spurningarnar sem dundu á hinum háu herrum.

Almenningur flykktist á fundinn og svo virðist sem framtakið hafi aukið áhuga fólks á stjórnmálum. Hatoyama hefur lofað því að draga verulega úr ríkisútgjöldum, og virðist notfæra sér þessa leið til að auka þrýsting á ráðuneytin.

- gb

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is



**Til leigu Skútuvogur 1, 104 Reykjavík**

Gott 700 fm lagerhúsnæði. Tvær háar og góðar innkeyrsludyr (3,6h x 3,55b). Mikið útipláss. Rúmlega 5 metra lofthæð. Brettarekkar og smávöru hillur eru í húsnæðinu og geta fylgt. Ekkert milliloft - allt á einum gólffleti! **Laust strax!**
Einnig laust 270 fm lagerhúsnæði og misstór skrifstofurými í sama húsi.

**Nánari upplýsingar veitir Ólafur í s. 824-6703 / 534-1023, olafur@atvinnueignir.is**

Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali
Ólafur Jóhannsson, rekstrarfræðingur, löggiltur leigumiðlari

## UM VÍÐA VERÖLD

**HVAÐ ER AÐ GERAST Í DÚBAÍ?**
Heimurinn hefur fylgst grannt með furstadæminu Dúbaí undanfarna daga eftir að fréttir af gríðarlegri skuldsetningu og hugsanlegu efnahagshruni bárust. Margir hafa velt vöngum yfir því sem þar er að gerast. Paul Krugman, pistlahöfundur hjá New York Times og prófessor í Princeton, segir þrjár kenningar uppi um hvernig túlka eigi atburðinga í Dúbaí.

Í fyrsta lagi sé sú skoðun uppi að vandræðin þar séu bara byrjunin á vandræðum fleiri ríkja, hrun og kreppa í Dúbaí muni hafa áhrif víðar um heiminn. Í öðru lagi sé hægt að líta á að vandræðin í Dúbaí eins og vandræði hvers annars fjárfestingarfyrirtækis sem hefur skuldsett sig um of. Dubai World, fyrirtækjasamsteypan sem hefur verið í forystu uppbyggingar í furstadæminu, sé þannig bara eins og hvert annað fjárfestingarfyrirtæki þó í ríkiseigu sé.

Í þriðja lagi sé hægt að líta á Dúbaí sem algjörlega einstakt fyrirbæri. Krugman hallast að samblandi tvö og þrjú og bendir á að kreppan í Dúbaí hafi ekki haft mikil áhrif í Bandaríkjunum.

**TOMMY LEE Á GRIKKLAND**
En það er hins vegar óumdeilt að þeir sem hafa fjárfest í Dúbaí eru ekki að græða á þeim fjárfestingum. Meðal þeirra sem hafa fest kaup á eignum í lúxushverfum borgríkisins eru ríkir og fræg ir Vesturlandabúar. Á vefsíðu viðskiptahluta Berlingske tidende er bent á nokkur dæmi. David Beckham er sagður hafa keypt hús á átta milljónir punda vorið 2008, fyrir tengdaforeldra sína raunar. Tommy Lee, fyrrverandi maður Pamelu Anderson, keypti eina af eyjunum sem búnar voru til undan ströndum Dúbaí, Grikkland ku vera í hans eigu. Kaupárið var 2007 sem þýðir væntanlega að verðið hefur verið allhátt. Eyjuna hugðist hann nota til að verja þar fríum með Pamelu og börnunum. Síðan hefur verðið lækkað og Pamela er komin með nýjan mann. Aðrir sem fjárfest hafa í Dúbaí eru Richard Branson og Denzel Washington og fótboltakappinn Michael Owen.



# Gamlir farsímar eiga rétt á framhaldslífi

Gamlir, bilaðir og jafnvel ónýtir farsímar geta nú gengið í endurnýjun lífdaga og öðlast framhaldslíf í fjarlægum þróunarlöndum. Það er fyrirtækið Græn framtíð sem blæs nýju lífi í farsímana.

„Endurnýting eru einkunnarorð 21. aldarinnar,“ segir Bjartmar Alexandersson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Græn framtíð hefur gert samninga við fyrirtæki og ungmennafélög víða um land um söfnun gamalla farsíma. Fyrirtækið greiðir fyrir söfnunina en sendir símana áfram til erlendra fyrirtækja í Evrópu sem nýta íhluti úr mörgum símum til að búa til heila síma. Símarnir eru síðan seldir fyrir brot af upphaflegu kostnaðarverði til þróunarlandanna.

Nokkrir endursöluaðilar Grænnar framtíðar í Evrópu vinna með Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni sem sér alnæmissjúklingum í Afríkuríkinu Keníu fyrir farsímum en í álfunni er lítið um landlínur og farsímar því mun algengari samskiptamáti.

Farsímanotendur geta meðal annars skilað notuðum farsímum sínum í verslanir Tals við Suðurlandsbraut og í Kringlunni. Stefnt er að því að endurvinna fleiri rafeindatæki með sama hætti, svo sem fartölvur, að sögn Bjartmars. - jab


**BJARTMAR** Græn framtíð blæs lífi í hálfónýta farsíma. MARKAÐURINN/STEFÁN


**GULUR DEMANTUR** Í byrjun árs 2008 opnaði De Beers verslun í Tókýó. Þar var þessi 297 karata guli demantur til sýnis. Hann er metinn á 270 milljónir króna.

## Demantaframleiðandi í fjárhagsvanda

Stjórn De Beers, stærsta framleiðanda demanta í heiminum, hefur ákveðið að fara í hlutafjáraukningu upp á einn milljarð dollara, eða 122 milljarða íslenskra króna. Hluthafar hafa þegar samþykkt þetta.

De Beers á í miklum skuldavanda en talið er að skuldir þess nemi um 3,5 milljörðum dollara, eða 457 milljörðum íslenskra króna. Verð á demöntum hefur fallið á mörkuðum og á fyrri hluta ársins dróst hagnaður fyrirtækisins saman um 99 prósent. Vegna erfiðra markaðsaðstæðna þurfti De Beers að loka demantanámum sínum í Suður-Afríku, Botswana og Kanada um tíma á fyrrihluta ársins.

Námufyrirtækið Anglo American á 45 prósenta hlut í De Beers, Oppenheimar-fjölskyldan í Suður-Afríku á 40 prósenta hlut og Botswana á 15 prósenta hlut. - th


**AUGLÝSIR GILLETTE** Tiger Woods er eitt af andlitum Gillette. Fyrirtækið hefur lýst yfir fullum stuðningi við kylfinginn.

## Styrktaraðilar lýsa stuðningi við Woods

Stærstu styrktaraðilar kylfingsins Tiger Woods hafa gefið út yfirlýsingu um að þeir standi á bak við sinn mann.

Mikil umræða hefur verið um Woods í kjölfarið á því að hann ók á brunahana og tré fyrir utan heimili sitt í Flórída. Enn er ekki ljóst hver tildrög slyssins voru og hafa bandarískir fjölmiðlar verið með ýmsar getgátur í þeim efnum.

Nike, Gatorade og Gillette hafa opinberlega lýst yfir stuðningi við Woods en AT&T, American Express og Tag Heuer hafa ekki séð ástæðu til þess. Woods er langlaunahæsti íþróttamaður heims. Aðeins brot af auðæfum hans er verðlaunafé. Til dæmis þénaði hann 23 milljónir dollara, eða 2,8 milljarða króna, á golfvellinum á síðasta ári en auglýsingasamningar skiluðu honum 105 milljónum dollara það ár, eða 12,8 milljörðum króna. - th



# Kynna netið sem markaðsmiðil

„Við ákváðum að skrifa bók sem hentar meðalmanninum sem hefur lítinn skilning á markaðsmálum á netinu," segir Kristján Már Hauksson. Hann og Guðmundur Arnar Guðmundsson eru höfundar nýrrar bókar sem ber titilinn Markaðssetning á netinu.



**LEITAÐ** Þrír af hverjum fjórum Íslendingum byrja leit að vöru til að kaupa á netinu, segir annar höfunda bókar um markaðsmál á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skortur hefur verið á upplýsingum um markaðsmál á netinu, sem Kristján kallar áttundu heimsálfuna þegar kemur að viðskiptatækifærum, út frá íslenskum aðstæðum, og er bókinni ætlað að bæta þar úr, segir Kristján.

Bókinni er ætlað að upplýsa lesandann um það hvernig netið virkar sem markaðsmiðill. Þar má meðal annars finna nýjar tölulegar upplýsingar um netið og netnotkun Íslendinga, og mikið af dæmisögum úr íslenskum raunveruleika, segir Kristján.

Kristján segir mikilvægt að átta sig á því að nærri þrír af hverjum fjórum Íslendingum byrji leit að vöru á netinu. Þess vegna sé mikilvægt fyrir öll fyrirtæki, stór og smá, að setja upp vef með góðum texta, og hafa góða hugmynd um þann hóp sem vill vera í viðskiptum við fyrirtækið. - bj



**SKAPANDI STARF** Svanlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Klaki, og Andri Heiðar Kristinsson, framkvæmdastjóri Innovit, nýsköpunarmiðstöðvar.

# Fyrsta útskrift úr Viðskiptasmiðjunni

„Árangurinn hefur farið fram úr björtustu vonum. Þróunin á fyrirtækjum sem hafa farið í gegnum Viðskiptasmiðjuna hefur verið ótrúleg," segir Svanlaug Jóhannsdóttir, verkefnastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöðinni Klaki. Klak stendur að Viðskiptasmiðjunni, sem er námsbraut á háskólastigi með það að markmiði að fyrirtæki verði til og fari í rekstur á meðan á námi aðstandenda stendur. Í næstu viku verður fyrsta útskriftin en nemendurnir hófu ýmist nám haustið 2008 eða um áramótin síðustu.

Svanlaug segir þá sem koma í námið vera komna með hugmynd að fyrirtæki, sem sum hver séu þegar í rekstri. Aðstandendur eigi það sameiginlegt að vera tilbúnir til að taka leiðbeiningum og þiggja sérfræðihjálp sem nýtist þeim til að koma sínu fyrirtæki áfram. „Það er svo mikil þekking til innan sprotafyrirtækja en það er ekki hægt að finna alla sérfræðiþekkinguna hjá einni eða tveimur manneskjum og því er námið mjög gagnlegt."

Á fyrsta misseri námsins er boðið upp á örnámskeið í ýmsu sem snýr að fyrirtækjarekstri. Á annarri önn fá fyrirtækin aðgang að sérfræðingum á ólíkum sviðum. Á síðustu önninni er boðið upp á ráðgjafastjórn fyrir fyrirtækið sem þá er komið í rekstur ef það var það ekki fyrir.

„Það eru margir sem hafa ekki trú á sprotastarfsemi. En ef þú hefur trú á henni þá er mjög hollt að koma sér á stað þar sem fólk er tilbúið til að gagnrýna," segir Svanlaug og bendir á að í raun sé erfitt að sjá fyrirfram hvaða viðskiptahugmyndir slái í gegn en hún sé mjög ánægð með þau sem þegar hafa farið í gegnum námið. Þar á meðal eru Gogoyoko, Hafmynd, Trackwell og Stjörnu-Oddi.

Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.klak.is.

**Atvinnueignir**
Löggild leigumiðlun og fasteignasala
534 1020
www.atvinnueignir.is

**Leitum að eftirfarandi atvinnuhúsnæði:**

Leitum að til leigu 150 fm. verslunarhúsnæði við Skeifu, Grensásveg eða Ármúla.

Leitum að til leigu 100-150 fm. skrifstofuhúsnæði með 3 lokuðum skrifstofuherbergjum í 108 Reykjavík

Leitum að til leigu 150-250 fm. skrifstofuhúsnæði með opnu rými, einni lokaðri skrifstofu og fundarherbergi í 105 eða 108 Reykjavík.

Leitum að til leigu 250-300 fm skrifstofuhúsnæði með 3-4 aflokuðum rýmum auk móttöku og fundarherbergi, miðsvæðis, ekki vsk húsnæði.

Leitum að til kaups fasteignafélögum eða húsnæði með leigusamningi. Kaupandi til í að skoða yfirveðsettar eignir og eignir þar sem seljandi mundi taka eignina á leigu sjálfur.

**Nánari upplýsingar gefa starfsmenn Atvinnueigna í 534-1020.**

**Helgi Bjarnason, viðskiptafræðingur, MBA, löggiltur leigumiðlari og löggiltur fasteignasali**

**Ólafur Jóhannsson, rekstarfræðingur, löggiltur leigumiðlari**



**HANDAGANGUR Í ÖSKJUNNI** Fiskmarkaðurinn var stofnaður um það leyti sem fjármálakreppan tók að herða tökin víða um heim.

# Miklu meira en fiskur

## Fiskmarkaðurinn er vinsælasti veitingastaður landsins í óformlegri könnun Markaðarins. Þátttakendur í könnuninni fara nú sjaldnar út að borða en fyrir tveimur árum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Við leggjum mikið upp úr því að hafa staðinn kósí þannig að fólki líði vel þegar það borðar," segir Hrefna R. J. Sætran, yfirkokkur og annar eigenda veitingastaðarins Fiskmarkaðarins. Staðurinn bar sigur úr býtum í óformlegri könnun Markaðarins um besta veitingastað landsins.




**HREFNA SÆTRAN** Yfirkokkur Fiskmarkaðarins segir kreppuna ekki hafa knúið dyra þar á bæ.

Fiskmarkaðurinn tók til starfa í ágúst fyrir tveimur árum, eða um svipað leyti og tak fjármálakreppunnar tók að herða að víða um heim. Þau létu það ekki á sig fá.

„Við keyptum þrjú stór tré frá Noregi sem við notuðum til að smíða úr borð, bar og sushibar. Við erum svo með trönur á nokkrum stöðum og stuðlaberg sem vísar í íslenska hönnunina hjá okkur og svo bambus sem vísar til austurs," segir Hrefna en Fiskmarkaðurinn býður upp á íslenskt hráefni framreitt á asískan hátt. Þrátt fyrir heitið eru sömuleiðis kjöt- og grænmetisréttir á matseðlinum.

„Frá því við opnuðum hefur verið nóg að gera og allir rosalega ánægðir. Ég mundi segja að Fiskmarkaðurinn sé svona vinsæll því það er svo góður matur og flott þjónusta hjá okkur. Það er fyrst og fremst starfsfólkinu að þakka. Við erum eins og ein stór fjölskylda og leggjum mikið upp úr því að hafa matinn bragðgóðan, ferskan og spennandi," segir Hrefna.

**FIMM VINSÆLUSTU STAÐIRNIR**

| Veitingastaður | Stig |
|---|---|
| 1. Fiskmarkaðurinn | 29 |
| 2. Sjávarkjallarinn | 27 |
| 3. Hótel Holt | 19 |
| 4. Grillið - Hótel Sögu | 14 |
| 5. Austur-Indíafjelagið / La Primavera | 12 |

Hjá veitingahúsinu starfa fjórir kokkar, sex kokkanemar og allt að tuttugu þjónar. „Við höfum verið svo heppin að kreppan hefur ekki áhrif á okkur. Það er auðvitað aðeins minna að gera núna, en alveg nóg," segir Hrefna.

Þátttakendur í könnun Markaðarins voru tæplega áttatíu, eða tvöfalt fleiri en fyrir tveimur árum. Þar á meðal voru forstjórar, framkvæmdastjórar og stjórnendur íslenskra fyrirtækja af ýmsum stærðum og gerðum. Valið var úr netfangaskrá Markaðarins.

Um helmingur þátttakenda svaraði könnuninni og var hlutfallið sambærilegt og fyrir tveimur árum. Þá bar meira á fjármálafyrirtækjum en nú en flest þeirra félaga eru nú horfin af sjónarsviðinu.

Veitingastaðirnir voru valdir þannig að þátttakendur skrifuðu niður nöfn á þremur veitingastöðum að eigin vali. Sá sem fyrstur var nefndur fékk þrjú stig, sá næsti tvö stig og hinn þriðji eitt.

Í fyrri könnuninni tók Sjávarkjallarinn toppsætið með 24 stigum, sem var nær helmingi meira en næsti veitingastaður á eftir fékk. Keppnin var mun jafnari í ár. Fiskmarkaðurinn fékk 29 stig en Sjávarkjallarinn tveimur stigum minna.

Fyrir tveimur árum komust tuttugu veitingastaðir á blað, þar af tveir á landsbyggðinni og jafnmargir skyndibitastaðir. Í ár komust 42 veitingastaðir á blað, þar af sex á landsbyggðinni. Skyndibitastaðirnir voru jafn margir, eða sex.

## Nokkur ummæli í könnuninni

**Margir settu Friðrik V. á Akureyri í fyrsta sætið. Ummælin eru af ýmsu tagi:**

„Réttlætir einn og sér helgarferð norður. Í algjörum sérflokki þar sem staðbundið hráefni er í forgrunni. Hægt að taka töfra Friðriks með sér heim úr sælkeraverslun Friðriks V. og reyna sig sjálfur við lúxuseldamennsku í eldhúsinu heima sem er kjörið."

„Nota alltaf tækifærið þegar ég fer norður og borða þar. [Staðurinn] hefur aldrei klikkað og ég fékk besta hreindýr sem ég hef smakkað þar um daginn."

Þá nefndu nokkrir aðra veitingastaði, þar sem sérstaklega var tekið fram að minntu þá ekki á árið 2007.

Nokkrir nefndu Austur-Indíafjelagið í því sambandi. „Það er staður sem hefur elst vel, góður matur, laus við 2007 glamúr."

Nokkrir voru hæstánægðir með veitingastaði á landsbyggðinni og hvöttu til að þeim yrði gert hærra undir höfði:

„Kaffihúsið Narfeyrarstofa í Stykkishólmi. Narfeyrarborgarinn er einhver sá besti lúxushamborgari sem ferðalangur getur óskað sér eftir langa ökuferð … hann líður mér ekki úr minni."

„Gamli Baukur á Húsavík, fallegt umhverfi í hjarta Húsavíkur, nánar tiltekið við höfnina, þar sem bornir eru fram þjóðlegir réttir úr íslensku sjávarfangi."

Nokkrir greindu frá því að þeir hefðu ekki farið út að borða í langan tíma, jafnvel ekki frá því árið 2007. Einn sagði: „Annars er ár og dagur síðan maður hefur snætt á stöðum af þessu tagi."

Breyttu lífi þínu. Skelltu þér í nám í Háskólanum á Bifröst. Bifröst býður markvisst og hagnýtt háskólanám í fjölda greina, bæði í fjarnámi og á staðnum þar sem er að finna frábæra aðstöðu og góðan félagsskap. Þú getur leigt herbergi eða íbúð á hagstæðu verði – allt eftir því hvað hentar þér. Breyttu hugsun þinni um skólagöngu. Kennslan á Bifröst er persónuleg og mikil samvinna nemenda og kennara. Litlir og vel skipulagðir verkefnahópar tryggja að allir fái stuðning og hvatningu. Þessar aðferðir eru meginástæða þess að brottfall úr háskólanámi er minna á Bifröst en annars staðar. Breyttu framtíðarmöguleikum þínum. Háskólinn á Bifröst er nátengdur atvinnulífinu. Reynslan sýnir að flestir útskriftarnemar frá Bifröst eru fljótir að fá vinnu og fá bestu meðmæli vinnuveitenda.

Taktu skrefið inn í framtíðina í Háskólanum á Bifröst. Við tökum inn nemendur um áramótin. Sæktu um í dag á bifrost.is.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

BIFRÖST UNIVERSITY

BANKAHÓLFIÐ

## Allt í besta lagi?

Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi, sagði misskilning í gangi um stöðu fyrirtækja á morgunverðarfundi Viðskiptaráðs Íslands á fimmtudag og þvertók fyrir að viðskiptabanki fyrirtækisins stýrði rekstrinum. Þvert á móti lýsti hann því yfir að menn skyldu bara bíða, von væri á fréttum af Toyota síðar um daginn. Athygli vakti hins vegar að um leið og fundi var slitið rauk Úlfar á dyr með farsíma fast við eyra. Skilanefnd Landsbankans hafði þá um morguninn ákveðið að setja hlutabréf Toyota í sölumeðferð og láta NBI sjá um ferlið til að fá upp í skuldir Magnúsar Kristinssonar, eiganda Toyota á Íslandi, við bankann.



## Slegið um sig

Ein af þéttari og þyngri íslensku hrunabókunum er vafalítið Why Iceland? eftir Ásgeir Jónsson, forstöðumann greiningardeildar Arion banka (áður Kaupþings). Bókin kom út á ensku og hefur bið verið eftir íslenskri útgáfu hennar. Hægara mun sagt en gert að þýða bókina og nauðsynlegt að færa hana fjær bandarískum og öðrum enskumælandi markaðshópi. Ásgeir mun hafa margt á prjónunum, svo sem bæta við hana köflum. Ætla má að söluvænlegasti kosturinn sé að höggva í sama knérunn og Ármann Þorvaldsson gerði og fjalla um allt fræga fólkið sem Ásgeir hitti á blómaskeiði Kaupþings. Fáum sögum hefur hins vegar farið bæði af partístandi Ásgeirs og kynnum hans af frægu fólki. Kaflinn yrði þá í styttra lagi.



## Að gera Ísland

Markaðsfræðingar segja sumir engu skipta hvað fólk segi um ákveðna hluti, menn eða málefni, umræðan ein sé auglýsing í sjálfu sér. Síðustu mánuði hefur Ísland æ oftar verið á milli tannanna á fólki. Ekki er það sökum fallegs kvenfólks, sterkustu karlmanna eða hreinasta loftsins. Þvert á móti hefur landið komist í umræðuna í tengslum við fjármálakreppur. Þannig var rætt um það um helgina á bresku sjónvarpsstöðinni BBC um síðustu helgi hvort arabaríkið Dúbaí ætlaði að „… to do an Iceland“. Sögnin vísar að sjálfsögðu til þjóðargjaldþrots. Ritstjórn breska stórblaðsins Guardian hjó í sama knérunn um bága skuldastöðu Grikklands á mánudag. Sumum kann ágætt að vita, að þrátt fyrir allt er Ísland enn í umræðunni.

**11.950** er fjöldi krafna sem barst í þrotabú gamla Landsbankans. Um 800 þeirra hafa verið samþykktar.

**5** er meðalfjöldi ferðalaga innanlands sem hver Íslendingur fór í á síðasta ári.

**42.000** krónur er upphæðin sem hver Íslendingur mun að meðaltali verja í jólagjafakaup í ár.

UMHVERFISMERKI
176 021
Ræstingarþjónusta

# ISS Ísland með norrænu umhverfisvottunina Svaninn

Starfsfólki ISS Ísland er mikil ánægja að upplýsa að ræstingasvið ISS hefur hlotið norrænu umhverfisvottunina **Svaninn**.

**Svanurinn** er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna og hefur skapað sér ótvíræðan sess sem mikilvægasta og áreiðanlegasta umhverfismerkið á Norðurlöndunum, með mikla útbreiðslu og traust meðal neytenda.

**Svansvottun ræstingaþjónustu ISS á að** tryggja fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðaþjónustu, sem er **vistvænni** í framkvæmd**.**

Með því að **velja umhverfisvottaða þjónustu** stuðla viðskiptavinir okkar að því að efla **sjálfbæra þróun samfélagsins** þar sem komandi kynslóðir hafa jafna möguleika og við til að mæta þörfum sínum.

Með Svansvottun er tryggt að verkferlar ISS Ísland uppfylla ströngustu umhverfis- og gæðaskilyrði, og um leið hvetur ISS birgja sína til að bjóða vistvænar vörur sem uppfylla kröfu Svansins..

Við hjá ISS Ísland erum ákaflega stolt yfir þessum áfanga og hlakkar til að vinna að sífellt vistvænni framkvæmd í samstarfi við ánægða viðskiptavini og á þann hátt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar að vistvænu atvinnulífi á Íslandi.









ISS

www.iss.is

SAMSUNG Á SKRIFSTOFUNA – HEIMA EÐA Í VINNUNNI!



SAMSUNG CLX-3160FN

LITA LASER-PRENTARI SKANNI OG LJÓSRITUN FAXTÆKI

FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI

**LITA LASERPRENTARI**: Upplausn: 2400 X 600 dpi
**SKANNI OG LJÓSRITUN**: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800)
**FAXTÆKI**: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
**ALMENNT**: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
**TENGING**: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX

TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: ~~89.900,-~~



SAMSUNG CLP-310

NÝR LITA LASER-PRENTARI

NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LASER LITA-PRENTARI

**Upplausn:** 2400 X 600 dpi
**Minni**: 32MB
**Hljóðmagn**: <49dB
**Stuðningur**: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 45.900,-



SAMSUNG ML-1640

FÍNN LASERPRENTARI

**Laserprentari**: Svart-hvítur
**Prenthraði**: 16 bls./mín.
**Upplausn:** 1200 x 600dpi
**Stuðningur**: Windows, Mac OS, Linux
**Tenging**: USB 2.0

VERÐ: 19.900,-

ORMSSON

SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

**BRITNEY SPEARS ER 29 ÁRA Í DAG.**

*„Ég hrífst af strákum sem eru öruggir með sig og brydda upp á samræðum.“*

***Britney Spears er bandarísk söngkona og dansari. Hún kom fyrst fram í The New Mickey Mouse Club á sjónvarpsstöðinni Disney Channel ellefu ára að aldri. Árið 1998 kom fyrsta platan hennar Baby One More Time út og sló titillag hennar í gegn um allan heim.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AFHENDING** Nemendurnir afhenda Margréti peningana sem söfnuðust.

## Söfnuðu handa bágstöddum

Lífsleikninemar í Fjölbrautaskóla Garðabæjar tóku sig til og blésu til söfnunarátaks handa nauðstöddum. Nemendurnir, sem allir eru nýnemar, létu sér ekkert vera óviðkomandi í söfnuninni og gerðu allt frá því að þvo bíla og safna dósum til þess að selja kakó og kleinur.

Alls söfnuðust 150.000 krónur og létu nemarnir þá peninga af hendi rakna til Hjálparstarfs kirkjunnar í Garðabæ. Margrét Rós Harðardóttir tók við peningunum og hrósaði lífsleikninemunum fyrir framlag sitt. Hún sagði það jafnframt mjög ánægjulegt að nemarnir létu sig velferð annarra varða með þessum hætti, því þörfin á aðstoð væri mikil um þesar mundir.

### AFMÆLI



**LOGI BERGMANN EIÐSSON** fjölmiðlamaður er 43 ára í dag.



**NELLY FURTADO** söngkona er 31 árs í dag.




LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S:HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, tengdasonur og afi,*

**Agnar Þór Hjartar**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 28. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju Hafnarfirði mánudaginn 7. desember kl. 13.30.

**Guðrún Arna Antonsdóttir**
**Hörður Agnarsson**
**Haukur Agnarsson** **Kolbrún Benediktsdóttir**
**Birna Björnsdóttir**
**Anna Katrín Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gunhild A. Bjarnason**

Hjúkrunarheimilinu Víðinesi, áður Reykjabraut, Mosfellsbæ,

lést þriðjudaginn 24. nóvember. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Gunnar Rúnar Magnússon** **Kristín Davíðsdóttir**
**Kristinn Magnússon** **Jóna Margrét Georgsdóttir**
**Einar Þórir Magnússon** **Ingibjörg Kjartansdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Hjartkær bróðir og mágur,*

**Björgvin Jón Pálsson**

frá Lágafelli í Sandgerði, síðast til heimilis í Miðhúsum Sandgerði,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi 30. nóvember síðastliðinn. Útförin auglýst síðar.

**Sveinn Pálsson** **Ingibjörg Margeirsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir mín, tengdamamma, amma og langamma,*

**Aðalbjörg Sigfinnsdóttir**

andaðist 26. nóvember á Droplaugarstöðum. Útförin fer fram 4. desember frá Garðakirkju kl. 13.00.

**Pálmi Eyþórsson** **Elín Þorvaldsdóttir**
**Guðlaugur Stefán Pálmason** **Annalyn Daluyo Pastolero**
**Ómar Þorleifsson** **Dagbjört Einarsdóttir**
**Sigvaldi Hólmgeirsson**
**Einar Pálmi Ómarsson, Ómar Þór Ómarsson, Aðalborgar Teofil Guðlaugsson, Elín Sigríður Ómarsdóttir, Sigfinnur Jerzy Guðlaugsson og Kristín Helga Ómarsdóttir.**

---



†

*Okkar ástkæra,*

**Þórey Sigurðardóttir**

frá Skúfsstöðum, Möðruvallastræti 1, Akureyri,

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð mánudaginn 30. nóvember. Útförin auglýst síðar.

**Inga, Anna, Sveinn og Bragi Ingólfsbörn**
**Þorleifur Haraldsson**
**Þorvaldur, Björg og Anna Sigurðarbörn**
**og fjölskyldur.**

---

†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sverrir Sigurður Markússon**

fyrrverandi héraðsdýralæknir,

lést laugardaginn 28. nóvember. Útför hans fer fram í kyrrþey.

**Þórhalla Davíðsdóttir**
**Davíð Aðalsteinn Sverrisson**
**Sigríður María Sverrisdóttir** **Þorvarður Hjalti Magnússon**
**Sverrir Þórarinn Sverrisson** **María Pálmadóttir**
**Torfi Ólafur Sverrisson** **Inga Björg Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Okkar yndislega eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Þórveig Hulda Bergvinsdóttir**

hjúkrunarfræðingur,

lést á heimili sínu hinn 27. nóvember sl. Útförin fer fram í sal F.Í., Mörkinni 6, fimmtudaginn 3. desember kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem viljast minnast Huldu er beint á söfnunina Á rás fyrir Grensás.

**Gunnar Hallsson**
**Davíð Bjarnason** **María Birna Arnardóttir**
**Hallur Gunnarsson** **Andrea Hjálmsdóttir**
**Brynjar Gunnarsson** **Hlín Finnsdóttir**
**Fönn, Ísafold, Laufey og Dögun.**

---



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haraldur Stígsson**

frá Horni, lést laugardaginn 28. nóvember.

Útförin fer fram föstudaginn 4. desember frá Fella- og Hólakirkju kl. 13.00.

**Freyja Haraldsdóttir**
**Iðunn Haraldsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Rögnvaldar H. Haraldssonar**

Sóleyjarima 9, Reykjavík.

Kærar þakkir til starfsfólks deildar 13E og skilunardeildar Landspítalans við Hringbraut. Sérstakar þakkir til lækna og hjúkrunarfólks deildar K2 Landakoti fyrir frábæra umönnun og hlýhug.

**Ingibjörg Andrésdóttir**
**Brynja Björk Rögnvaldsdóttir** **Þórhallur G. Harðarson**
**Rögnvaldur Óttar Rögnvaldsson** **Margrét Gísladóttir**
**og afabörn.**

---



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vigfús Baldvinsson**

Hringbraut 50, Reykjavík, áður til heimilis að Miðbraut 7, Búðardal,

andaðist á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund miðvikudaginn 18. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug.

**Guðrún Vigfúsdóttir** **Ársæll Þórðarson**
**Ingibjörg Vigfúsdóttir** **Guðmundur Eyþórsson**
**Edda Bára Vigfúsdóttir** **Jónas T. Sigurgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

MOSAIK Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

# Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Allt fyrir




**1299**
**PÚSLUSPIL - DISNEY**
- 60 stk
- Fleiri gerðir



pr. stk
**149**
**SÚKKULAÐIDAGATAL**
- 75 gr



pr. stk
**399**
**SÚKKULAÐIDAGATAL**
- High School Musical/Princess/ Cars, 50 gr




**699**
**JÓLAGLÖGG**
- 500 ml
- Glöggblanda, kr 599



100 í pk

**399**
**SPRITTKERTI**
- 100 í pk



**8990**
**SLEÐI**
- Rocko SnowGo




**249**
**SALERNISPAPPÍR - 8 Í PK**
- Miljø-spar




**149**
**MÝKINGAREFNI - CLEVER**
- 1 ltr




**699**
**ÞVOTTAEFNI**
- 2,3 kg




4 ltr

**499**
**RÚÐUVÖKVI**
- 4 ltr

Opið frá kl. 10 til 19 um virka daga
og frá kl. 10 til 18 um helgar

# jólin



400 gr

**299**
**PIPARKÖKUR**
• 400 gr



**1699**
**GLERKÖKUFAT**
• 32 x 44 cm



FRÁ **299**
**JÓLAPAPPÍR**
• Margar gerðir



21 ltr

**8990**
**STÁLPOTTUR**
• 21 ltr



VERÐ ÁÐUR: KR 5.990
NÚ: **3990**
**LAMPI**
• Fimm arma
• Með perum



MIKIÐ ÚRVAL

pr. pk **399**
**DAGATALSGJAFIR**
• Í miklu úrvali



PRJÓNAGARN Í MIKLU ÚRVALI



MEÐ TÖSKU
2,4" SKJÁR
4 X DIGITAL ZOOM

**12.990**
**MEDION MYNDAVÉL**
• Stafræn
• 5 Mpix



DENVER

pr. stk **3590**
**ÚTVARP**
• Denver
• Með AUX tengi



**1199**
**BANGSAR - 18 CM**

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri




# Að þekkja söguna

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Fátt virðist vinsælla nú um stundir en að vísa í söguna máli sínu til stuðnings. Annar hvor maður virðist með það á hreinu hvað Jóni Sigurðssyni og Jónasi Hallgrímssyni hefði fundist um ákveðin mál og fyrri tíma menn eru sproksettir af fólki sem telur sig vera með það á kristaltæru hvað þetta og hitt þýddi þá og þá. Nokkuð bar á þessu í gær, enda tilefnið ærið; sjálfur fullveldisdagurinn. Og ekki var neinn hörgull á þeim sem vísuðu í fullveldið málstað sínum til framdráttar.

**HÆST** bar kannski auglýsingu hvar verkalýðsfélögin Hlíf og VR, fyrirtækin Ormsson og Olís, Samtök iðnaðarins, Sölufélag garðyrkjumanna og Sjálfstæðisflokkurinn kölluðu á baráttuþrek og samtakamátt þjóðarinnar. Látum það vera að fulleldi, ekki fullveldi, þjóðarinnar hafi verið fagnað í auglýsingunni. Og látum það líka vera hvað kallar þennan einkennilega samtíning saman í auglýsingu. Boðskapurinn er öllu athyglisverðari.

**FULLELDISAUGLÝSENDURNIR** v-lausu töldu nefnilega að í gær– og væntanlega þá í dag – þurfum við „á sömu samstöðunni að halda og forfeður okkar sýndu í upphafi síðustu aldar“. Þá, sem lesið hafa söguna, rekur nefnilega í rogastans þegar sú samstaða er dásömuð.

**FULLVELDIÐ** sem náðist 1. desember 1918 var nefnilega fráleitt niðurstaða glæstrar baráttu samhentrar þjóðar þar sem allir gengu í takt. Trauðla finnst mál sem meiri deilur voru um en einmitt sjálfstæðisbaráttan. Alla 19. öldina var deilt um stöðu landsins í konungsveldinu og nægir að nefna tillöguflutning Benedikts Sveinssonar á seinni hluta aldarinnar, en þá flutti hann ár eftir ár tillögu í stjórnarskrármálinu.

**VALTÝSKAN** og deilur um heimastjórn skiptu mönnum í tvær fylkingar í upphafi aldarinnar og þjóðin var klofin í afstöðu til uppkastsins. Það var kannski helst fyrri heimsstyrjöldin sem varð til þess að menn sáu að úr því sem komið var væri líklega best að skella á eins og einu fullveldi. Slík var samstaðan sem forfeður okkar sýndu og v-leysingjarnir vísa í.

**LEGGJUM** af þjóðernissinnaða söguskoðun um einhuga þjóð í frelsisbaráttu með eitt markmið í huga; sjálfstæði. Það er nefnilega ljótt að ljúga og sagan á ekki að vera gunnfáni mismunandi skoðana.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Til hamingju!






ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 - 2009

## MERGJAÐUR SKÁLDSKAPUR

**„Einstakur höfundur."**
– Le Monde

**„Gamansemi hennar og leikandi léttur stíll, sem er einstaklega hugmyndaríkur, gera lesturinn afar ánægjulegan, ekki ósvipað því að lesa verk Halldórs Laxness þegar hann var upp á sitt besta."**
– Politiken

**„Mergjaður skáldskapur."**
– Þröstur Helgason, Víðsjá

## STÍLFÆRÐ MYND AF HEILLANDI MANNI



ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 - 2009









ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN
Tilnefning
BANDALAG ÞÝÐENDA OG TÚLKA

## LISTILEGA ÞÝDD SAGA ÞRIGGJA FJÖLSKYLDNA

**„Málavextir eftir Kate Atkinson er besta bókin á jólamarkaðnum. Listilega þýdd saga þriggja fjölskyldna með einkaspæjarann Jackson Brodie í forgrunni."**
– Eiríkur Jónsson, dv.is

## TÍMAMÓTAVERK

**„Ótrúlega glæsilegt verk."**
– Egill Helgason, Kiljunni

**„Tímamótaverk í rannsóknum á íslenskri myndlistarsögu."**
– Páll Baldvin Baldvinsson, Kiljunni

ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989 - 2009




BJARTUR

VERÖLD

**!** **ath kl. 12.15**

*Garðar Cortes heldur tvenna hádegistónleika á Kjarvalsstöðum þar sem hann flytur helstu jólaperlur tónbókmenntanna með píanóleikaranum Robert Sund. Þeir fyrri eru í dag kl. 12.15, en hinir síðari á morgun á sama tíma. Þeir hafa starfað saman frá árinu 1980 og lagt áherslu á flutning á þekktum og vinsælum dægurlagaperlum. Á Kjarvalsstöðum flytja þeir jólalög.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Dísella, aríur og jólin í Hafnarborg

Á morgun verður sannkölluð jólastemning á hádegistónleikum í Hafnarborg þegar þær Antonía Hevesi píanóleikari og Dísella Lárusdóttir sópran flytja sykursæt amerísk jólalög og tvær aríur, Prendi úr Ástardrykknum og Eccomi in lieta vesta eftir Bellini. Dísella Lárusdóttir syngur um þessar mundir hlutverk Adinu í Ástardrykknum eftir Donizetti í Íslensku óperunni.

Dísella útskrifaðist úr Söngskólanum í Reykjavík árið 2002 og fór þaðan í meistaranám við Westminster Choir College, Rider University í Princeton í Bandaríkjunum. Þaðan útskrifaðist hún í maí 2005. Stuttu síðar bar hún sigur úr býtum í Astral Artistic Services 2006 National Audit-ions, komst í undanúrslit í Lauren S. Zachary National Vocal Competition, og í undanúrslit í söngkeppni Plácido Domingo, Operalia 2006. Árið 2007 sigraði hún svo í Greenfield-keppni Fíladelfíu-hljómsveitarinnar og í kjölfarið bauðst henni að koma fram með hljómsveitinni á árlegum galatónleikum sem nefnast Academy Concert & Ball ásamt píanistanum unga, Conrad Tao, Blue Man Group og Billy Joel undir stjórn Christoph Eschenbach. Stuttu eftir sigurinn í Greenfield-keppninni komst Dísella í undanúrslit í Metropolitan Opera National Council Auditions og í framhaldi af því fékk hún starfssamning hjá Metropolitan-óperunni í hlutverki Miss Schlesen í óperu Philips Glass, Satyagraha. Í apríl 2008 hélt hún debut-tónleika sína í New York í Merkin Hall og fékk einróma góða dóma fyrir. Disella söng með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árlegum Vínartónleikum hljómsveitarinnar í janúar 2009 og hlaut einróma lof fyrir.

Tónleikarnir hefjast á morgun kl. 12.



**TÓNLIST** Dísella Lárusdóttir sópran

**> Ekki missa af…**

leiksýningum sem nú eru að ljúka göngu sinni: Sannleika Péturs Jóhanns í Borgarleikhúsinu og Utan gátta Sigurðar Pálssonar sem sýnt er í Kassa Þjóðleikhússins. Leikhúsin hafa auglýst síðustu sýningar á þessum verkum.

## Tónlist um Norðurland

Í gær hófst tónleikaferð Áshildar Haraldsdóttur flautuleikara og hörpuleikarans Katie Elizabeth Buckley um Norðausturland með tónleikum í kirkjunni á Þórshöfn. Þar kom einnig fram Kór Þórshafnarkirkju. Í kvöld kl. 20.30 spila þær í kirkjunni á Húsavík. Tónleikarnir eru á vegum nýstofnaðs tónlistarfélags – FRÓNs sem hefur það að markmið að miðla tónlist um hinar dreifðu byggðir landsins. FRÓN býður sveitarfélögum til samstarfs hverju sinni og eru samstarfssveitarfélögin haustið 2009, Eyjafjarðarsveit, Dalvíkurbyggð, Langanesbyggð, Þingeyjarsveit og Norðurþing. Tónleikar Áshildar Haraldsdóttur og Katie Buckley eru í samstarfi við Félag íslenskra tónlistarmanna og Laugarborg tónlistarhús. Þar halda áfram og leika 3. des. kl. 20.30 á Breiðumýri - Þingeyjarsveit og 5. des. kl. 14 á Laugarborg - Eyjafjarðarsveit og kl. 17 í Bergi - menningarhús - Dalvíkurbyggð. Á efnisskrá eru verk eftir Paul Angerer, Astor Piazzolla, Henk Badings, Manuel de Falla og fleiri.



**TÓNLIST** Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari. MYND FRÉTTABLAÐIÐ






**LEIKLIST** Inger og Tinna í hlutverkum sínum í Maríuhænunni. MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## Álfur og maríuhæna saman

**Á Norðurlöndum stendur leikhús fyrir ung börn djúpum rótum og þar er viðurkennt að þjálfa verður börn sem leikhúsgesti með efni sem sniðið er fyrir aldur þeirra og þolinmæði. Árlega er verulegum fjárhæðum eytt þar til leikhúsuppeldis.**

Helgina 5. og 6. desember koma góðir gestir frá Noregi í heimsókn í Kúluna, barnaleikhús Þjóðleikhússins og sýna dansleikhús án orða fyrir allra yngstu leikhúsgestina, allt frá ungabörnum til fjögurra ára barna. Tvær sýningar eru hvorn daginn, kl. 13.30 og 15.00. Að auki eru forsýningar í dag miðvikudag og á morgun fimmtudag sem allir geta sótt.

Verkið kallast Maríuhænan: Hrekkjóttur álfur og óöruggmaríuhæna villast inn í litlaust land. Fljótlega taka undarlegir hlutir að gerast, steinar og sveppir blikka, sólin og tunglið svífa yfir og landið breytist í ævintýraskóg. Allir þessir töfrar hafa mikil en ólík áhrif á álfinn og maríuhænuna en að lokum sameinast þau og áhorfendur í dansi.

Í lok sýningarinnar fá börnin að skoða sig um á sviðinu, spjalla við álfinn og klappa maríuhænunni.

Sýningin hefur verið sýnd í Ósló og nágrenni og hlotið mjög góðar viðtökur.

Hugmynd, leikmynd og hreyfingar: Inger Cecilie Bertràn de Lis en hún og Tinna Grétarsdóttir dansa verkið við tónlist Karoline Rising Næss.

Nú gefst foreldrum tækifæri til að fara með ung börn sín í leikhús á sýningu sem er samin sérstaklega fyrir þau og reynir hvorki á þolinmæði né margt sem einungis eldri börn skilja. Eru foreldrar hvattir til að nota tækifærið. Aðeins þessar sex sýningar verða í boði. **pbb@frettabladid.is**

ÚTGÁFUHÁTÍÐ
Í EYMUNDSSON, SKÓLAVÖRÐUSTÍG

**Í dag klukkan 17:00**

Sá á skjöld hvítan - viðtalsbók við Jón Böðvarsson, eftir Guðrúnu Guðlaugsdóttur, og Milli mjalta og messu, eftir Önnu Kristine.

Upplestur og áritun!

Kaffi og konfekt.

***Mætum öll***

BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
**holabok.is**



Kvennakór Reykjavíkur
*ásamt Stefán Hilmarssyni*
í kvöld kl. 20
í Guðríðarkirkju
og laugardaginn 5. desember kl. 16
Miðapöntun í síma 896 6468 eftir kl. 17 eða kvkor@mmedia.is

## Einstök heimild sýnd

Á morgun verður sýnd einstök heimildarmynd í Öskju, stofu 132, frá árinu 1972. Cina - Chung Kuo eftir Antonioni. Verkið var unnið á þeim tíma þegar Antonioni var á hátindi ferils síns og menningarbyltingin í Kína í rénun. Að baki voru Blow up og Zabriskie Point og naut hann almennrar virðingar. Kínversk stjórnvöld buðu honum að gera heimsbyggðinni ljósan byltingarkenndan árangur kínversks samfélags með gerð heimildarmyndar um landið. Hann eyddi fimm vikum í tökur, meðal annars í Peking, Henan-héraði, Nanjing, Suzhou og Shanghai. En afurðin féll stjórnvöldum ekki í geð. Myndin þótti draga fram neikvæðar hliðar samfélagshátta og henni var afneitað. Hún var sýnd á RAI en fór ekki víða eftir það.

Kvikmyndin Cina - Chung Kuo varpar fram einstaklega fagurri ásýnd kínversks samfélags. Með dæmigerðu handbragði sínu, löngum tökum og áherslu á andlit og látbragð fólks í hversdagslegu lífi, lét Antonioni eftir sig einstakan vitnisburð um samfélag sem að mestu hafði verið einangrað í áratugi en stóð á þröskuldi viðamikilla breytinga. Verkið er í þremur hlutum alls um 220 mínútur. Áhorfendum er frjálst að rápa inn og út að vild en mælt er með að þeir sem vilja sitja út sýninguna taki með sér nesti. Sýningin hefst kl. 17.15. Myndin er sýnd með enskum texta.



**KVIKMYNDIR** Antonioni, hinn virti ítalski leikstjóri.

# TIL HAMINGJU

## ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN
## TILNEFNINGAR 2009

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
TILNEFNING
1989-2009




„Vilborg bregður upp skýrri og grípandi mynd af persón-um sínum ... Skemmtileg og innihaldsrík saga ...“
Hrafn Jökulsson / Viðskiptablaðið

„Sagan er vel uppbyggð, spennandi og fróðleg og heldur kirfilega í lesandann allt til enda.“
Þormóður Dagsson / Morgunblaðið

MÁL OG MENNING




★★★★★
Páll Baldvin Baldvinsson / Fréttablaðið

★★★★★
Jón Viðar Jónsson / DV

★★★★★
Einar Falur Ingólfsson / Morgunblaðið

„Hreint út sagt frábær bók.“
Helgi Jónsson / Víðsjá

MÁL OG MENNING




★★★★½
„Bók sem á erindi til allra.“
Erla Hlynsdóttir / DV

„... einstaklega aðgengileg, vel skrifuð og lifandi ... mikilsverð varða á leið okkar til siðaðs samfélags.“
Leiðari Fréttablaðsins 16. september

JPV ÚTGÁFA

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

## > BLYGÐAST SÍN

Söngkonan Rihanna segist blygðast sín fyrir nektarmyndirnar af henni sem lekið hafa út en segir jafnframt að sér þyki myndirnar æsandi. „Myndirnar eru æsandi og sá karlmaður sem ekki eignast kynþokkafullar myndir af kærustunni sinni á alla mína samúð,“ sagði söngkonan unga.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Ekki dónalegur Dónadúett

„Við höfum oft sagt að við syngjum ekki um dónaskap heldur um sannleikann. Það er bara hann sem er á tíðum dónalegur. Ekki við. Það er til dæmis staðreynd að til er fólk sem hefur bæði kynfæri karlmanns og kvenmanns. Það fólk er tvítóla og ekkert dónalegt við það þó svo að við syngjum um mann sem er með píku undir pungnum sínum,“ segir Ottó Tynes í Dónadúettnum. „Það eru kannski bara helstu mistökin hjá okkur að kalla okkur Dónadúettinn! Það er dálítið leiðandi nafn.“

Ottó er með Karli Karlssyni í Dónadúettinum. Þeir eru búnir að skemmta í partíum og á tónleikum í tuttugu ár með stuttum og hnitmiðuðum lögum sem bera nöfn



**BULLA Í FRÍSTUNDUM** Dr. Karl og Hr. Ottó skipa Dónadúettinn.

eins og „Hress lesbía“ og „Rassinn á Hr. Ólafi R.“ Diskurinn heitir Venjulegt kynlíf og inniheldur 22 lög. Dúettinn fær aðstoð hjá öllum þremur sonum Magga Eiríks, þeim Stefáni, Andra Geir og Magnúsi.

„Platan er ekki löng því slatti af lögunum er undir einni mínútu. Það er bara vegna þess að um leið og maður er búinn að semja eitt erindi og viðlag þá er brandarinn búinn – óþarfi að vera að endurtaka lélegan brandara of oft,“ segir Ottó. Hann vinnur hjá Rauða krossinum og Karl er taugalífeðlisfræðingur og lektor við Háskólann í Reykjavík. „Við viljum því ekki halda okkur sem persónum mikið í sviðsljósinu. Viljum aðskilja bullið frá okkar daglega lífi. Við bullum bara í frístundum.“

Útgáfutónleikar Dónadúettsins verða á Kringlukránni í kvöld. Diskurinn fæst hjá 12 Tónum og Max raftækjum. **- drg**






# TIGER SAGÐUR GLAUMGOSI

**Blettur er fallinn á nánast flekklaust líf Tiger Woods en nú er því haldið fram að þessi besti kylfingur heims sé ekki allur þar sem hann er séður.**

Fréttir um meint framhjáhald Tiger Woods halda áfram að birtast í fjölmiðlum vestra og nú nýverið greindi eitt tímaritið frá því að Woods sé ef til vill ekki eins fullkominn og hann vill vera láta. „Tiger Woods og fylgdarlið hans flýgur með einkaþotum á milli staða. Auk flugfreyjunnar er ávallt ein fylgdarstúlka um borð í vélinni. Woods og fylgdarlið hans gera svo stutt stopp á stöðum eins og Vegas eða Los Angeles og sletta ærlega úr klaufunum. Woods er svo sannarlega ekki eins saklaus og hann vill sýnast,“ var haft eftir heimildarmanni.

Hvað „hina konuna“ varðar, þá var sú í fréttum fyrr í sumar og þá orðuð við annan kvæntan mann, leikarann David Boreanaz. Konan, Rachel Uchitel, er skemmtanastjóri í New York og er þekkt í skemmtanalífinu þar í borg. Uchitel hefur þvertekið fyrir að þekkja Woods persónulega en tímaritið The Enquirer segist hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að Uchitel og Woods hafi eytt tíma saman í Ástralíu í sumar. Uchitel viðurkenndi að hafa verið í Ástralíu á sama tíma og Woods, en að hún hafi ferðast þangað með kærasta sínum. Stuttu síðar viðurkenndi hún að hafa ekki verið með kærastanum heldur verið að sinna viðskiptaerindum. „Hún var á sama hóteli og Woods og ég sá hana fara með lyftunni upp á hæðina þar sem Woods gisti,“ var haft eftir starfsmanni hótelsins. Tiger er stærsta nafnið í bandarískum íþróttaiðnaði og ímynd hans er mikils virði. Hann hefur um árabil verið launahæsti íþróttamaður heims og fyrr á þessu ári tilkynnti viðskiptablaðið Forbes að Tiger hefði náð þeim ótrúlega árangri að rjúfa milljarða dollara múrinn, fyrstur allra íþróttamanna.

## TIGER ANNT UM EINKALÍF SITT

Úlfar Jónsson, golfkennari og margfaldur Íslandsmeistari í golfi, segir atvikið vissulega vera blett á ímynd Woods. „Honum er mjög annt um einkalíf sitt og á meira að segja snekkju sem ber nafnið Privacy. Ég skil vel að hann hafi neitað að tjá sig um málið og ég held að með því ætli hann að reyna að svæfa málið,“ segir Úlfar sem telur að atvikið muni þó ekki hafa of slæmar afleiðingar fyrir feril Woods.








## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Miðvikudagur 2. desember 2009

### ➜ Tónleikar

**12.05 Garðar Cortes** tenór og **Róbert Sund** píanóleikari halda jólatónleika á Kjarvalsstöðum við Flókagötu.

**12.10 Karlakórinn Voces Masculorum** heldur tónleika í Guðríðarkirkju í Grafarholti. Þessi viðburður er í tengslum við hamingju-hádegi sem kirkjan býður upp á alla miðvikudaga í vetur. Kaffiveitingar á staðnum. Enginn aðgangseyrir og allir velkomnir.



**19.30 og 21.30**
**KK** og **Ellen Kristjánsdóttir** halda tvenna aðventutónleika í Borgarleikhúsinu við Listabraut.



**20.00** Jólatónleikar **Kvennakórs Reykjavíkur** fara fram í Guðríðarkirkju við Kirkjustétt í Grafarholti. Á efnisskránni verður blönduð aðventu- og jólatónlist auk þess sem frumflutt verður íslenskt verk eftir **Harald V. Sveinbjörnsson**. Sérstakur gestur er **Stefán Hilmarsson**.

### ➜ Sýningar

**Garðar Eymundsson** hefur opnað sýningu í Skaftfelli, miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði. Opið mið.-sun. kl. 13-17. Aðgangur er ókeypis.

Í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu hefur fornleifasýningin „Endurfundir“ verið framlengd. Sýningin er ætluð öllum aldurshópum. Þar hefur einnig verið opnuð sýningin á gripum sem Ása G. Wright gaf safninu á 7. áratug síðustu aldar. Opið alla daga nema mánudaga kl. 11-17.

### ➜ Síðustu forvöð

**Guðmunda Kristinsdóttir** hefur opnað málverkasýningu í gullsmíðaversluninni Hún og Hún á Skólavörðustíg 17b. Sýningin stendur til 4. des. Opið virka daga kl. 12-18 og lau. kl. 12-16. Lokað á sunnudögum.

### ➜ Handverkskaffi

**20.00** Á handverkskaffi í Gerðubergi (Gerðuberg 3-5) ætlar **Guðrún Sigríður Ágústsdóttir** að kynna jólakonfektsgerð og sýna hvernig búa má til nokkrar einfaldar tegundir. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

### ➜ Opið hús

**Þjóðdansafélag Reykjavíkur** við Álfabakka 14a, verður með opið hús kl. 20.30-23. Stiginn dans við lifandi tónlist og kleinukaffi. Allir velkomnir.

### ➜ Málþing

**16.00** Í Ketilhúsinu við Kaupvangsstræti á Akureyri fer fram málþing um norrænt samstarf á krepputímum. Meðal þeirra sem flytja erindi eru **Helgi Hjörvar, Gestur Guðmundsson, Soffía Gísladóttir og Arnaldur Bárðarson**. Nánari upplýsingar á www.akmennt.is/nu/.

### ➜ Leikrit

**20.00** Sýningar á verkinu **Hnykill**, þar sem farið er um óravíddir mannsheilans, fara fram í Norðurpólnum við Bygggarða 5. Nánari upplýsingar á www.hnykill.blogspot.com.

### ➜ Upplestur

**17.00** Í Eymundsson við Skólavörðustíg 11 lesa **Guðrún Guðlaugsdóttir og Anna Kristine Magnúsdóttir** upp úr bókum sínum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


NÝJAR VÖRUR Á ÓTRÚLEGU VERÐI!
Sýnishorn af vörunum okkar
OKKAR FRAMLAG GEGN KREPPU
Dömuúlpa 7.990
Dömukápa 7.990
Dömupeysa 3.990
Barnaúlpa 7.490
Barnapeysa 2.990
Dömupeysa 7.990
Herrapeysa 7.990
Undirfatasett 3.990
Barnapeysa 5.490
Barna-
flíssett
3.490
Herraúlpa 3 í 1 12.990
Herraskyrta 2.990
Fóðraðar regnbuxur 5.990
Barna regnbuxur 1.490
Barnagalli 5.990
Mikið úrval
af smávöru
Regatta
GREAT OUTDOORS
Dömuúlpa 14.990
Barnaúlpa 8.490
Barnaúlpa 12.990
Dömuúlpa 17.990
Barnapeysa 7.990
Barnaúlpa 11.990
Dömuúlpa 12.990
Herraúlpa 17.990
Snjóbuxur 8.990
Barnasnjóbuxur 7.990
Dare 2b
Dúnúlpa 24.990
Dömu microflís 7.990
CRAGHOPPERS
Hjá okkur má skila og skipta
OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAUGARD. 11 – 16
SUNNUD. 13 – 16
ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun
Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

# Alec hættir að leika



Leikarinn Alec Baldwin heldur því fram að hann muni segja endanlega skilið við leiklistina þegar samningur hans við framleiðendur sjónvarpsþáttarins 30 Rock rennur út árið 2012. „Ég hef ekki áhuga á leiklist lengur. Kvikmyndir eru hluti af fortíð minni. Ég hef verið í þessum bransa síðastliðin þrjátíu ár, ég er ekki ungur en ég hef enn tíma til að gera eitthvað annað,“ sagði leikarinn í nýlegu blaðaviðtali. „Mér finnst erfitt að halda þessu fram, en ég trúi þessu sjálfur. Ég lít á kvikmyndaferil minn sem klúður vegna þess að kvikmyndir mínar hafa aldrei fengið góða dóma.“

**HÆTTUR** Alec Baldwin ætlar að hætta þegar samningur hans við sjónvarpsþáttaröðina 30 Rock rennur út.

# Klaufabárðar í prjónamennsku

Tékknesku Klaufabárðarnir eru vinsælir. Í vikunni er von á öðrum skammti af ævintýrum þessara seinheppnu félaga, en fyrsti diskurinn kom út í fyrra.

„Ég seldi hlutabréfin mín fyrir hrun af því mér var hætt að lítast á það sem bankarnir voru að gera. Ég notaði peningana til að kaupa réttinn að Klaufabárðunum,“ segir Einar Árnason, útgefandi. Hann fer frumlega leið til að kynna útgáfuna.

„Börn vilja alltaf fara inn í hugarheim söguhetja sem þau hafa gaman af. Þá er oft dóti haldið að þeim. Ég held að Ísland þurfi ekki á því að halda að það sé flutt inn fullt af Klaufabárðadóti. Það er mikil vakning í prjónamennsku og miklu skemmtilegri tilhugsun að foreldrar og ættingjar prjóni húfur á börnin til að þau geti leikið Klaufabárðana. Svo þarf ekki nema pappakassa til að koma ímyndunaraflinu í gang.“ Prjónauppskriftirnar eru á netinu (**filmus.is/klaufabardar**) og liggja frammi í búðum. **- drg**



**SELDI HLUTABRÉFIN OG KEYPTI KLAUFABÁRÐANA** Einar Árnason er pabbi tékknesku Klaufabárðanna á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


KvikkFix
Vesturvör 30c



Störtum deginum og bílnum hjá KvikkFix
Rafgeymar frá Kr. 14.166.-
Ferð á Kársnesið borgar sig!



www.kvikkfix.is


# Tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna

**Tilnefningar til Íslensku bókmenntaverðlaunanna voru kynntar í gær í Listasafni Reykjavíkur. Verðlaunin sjálf eru veitt í lok janúar í flokki skáldverka og flokki fræðibóka, en að þessu sinni var einnig tilnefnt til Íslensku þýðingaverðlaunanna.**

Fátt kemur raunar á óvart í þessum tilnefningum ef undanskilin eru kannski tvö nöfn. Annars vegar er það Guðmundur Óskarsson, sem er tilnefndur í flokki skáldverka fyrir bók sína Bankster, og hins vegar Þórdís Elva Þorvaldsdóttir en hún fær tilnefningu í flokki fræðibóka fyrir bók sína Á mannamáli, sem fjallar um ofbeldi á Íslandi. „Það sem ég fagna mest varðandi þessa tilnefningu er að þetta vekur athygli á málstaðnum og bókinni og mun mögulega koma málaflokknum aftur inn í umræðuna,“ segir Þórdís Elva sem var að vonum ánægð með tilnefninguna.

„Þessi bók var alltaf skrifuð í þeim tilgangi að upplýsa þjóðina og almenning um stöðu mála. Það var svo eindregin hugsjón hjá mér að ég hugsaði aldrei út í þennan raunverulega bókmenntaheim þar sem það eru viðurkenningar og verðlaun. Það hljómar kannski hógvært og klisjukennt, en ég spáði ekkert í það. Það var ástríða sem dreif mig áfram frekar en faglegur metnaður,“ útskýrir Þórdís.

Spurð um kveikjuna að bókinni segist hún hafa lesið um dóma í kynferðisabrotamálum með miklum hryllingi og fundist þeir út í hött. „Mér ofbauð bara einn daginn og ætlaði að skrifa bréf í blaðið, en endaði með 267 blaðsíður á borðinu. Það var því aldrei meðvituð ákvörðun að skrifa bók heldur vatt þetta upp á sig,“ segir Þórdís sem hefur í mörgu að snúast um þessar mundir. „Ég hef verið með fyrirlestra og er að leggja upp í ferðalag um framhaldsskólana. Mér finnst mikilvægt að ná til ungs fólks því það er í mestum áhættuhópi,“ segir hún, en þess má geta að nú stendur yfir sýning á myndum úr bók Þórdísar í Smáralind. Sýningunni lýkur 10. desember en hún er haldin í tengslum við sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. **- ag**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**EFNILEG** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki fræðirita og rita almenns efnis fyrir sína fyrstu bók, Á mannamáli, sem fjallar um ofbeldi á Íslandi.

## TILNEFNINGAR TIL ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNANNA

**FRÆÐIRIT OG RIT ALMENNS EFNIS:**
**Helgi Björnsson:** Jöklar á Íslandi, Opna.
**Kristín G. Guðnadóttir:** Svavar Guðnason, Veröld.
**Árni Heimir Ingólfsson:** Jón Leifs líf í tónum, Mál og menning.
**Jón Karl Helgason:** Mynd af Ragnari í Smára, Bjartur.
**Þórdís Elva Þorvaldsdóttir:** Á mannamáli. Ofbeldi á Íslandi, JPV útgáfa.

**FAGURBÓKMENNTIR:**
**Böðvar Guðmundsson:** Enn er morgunn, Uppheimar.
**Guðmundur Óskarsson:** Bankster, Ormstunga.
**Gyrðir Elíasson:** Milli trjánna, Uppheimar.
**Steinunn Sigurðardóttir:** Góði elskhuginn, Bjartur.
**Vilborg Davíðsdóttir:** Auður, Mál og menning.

**ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN:**
**Elísa Björg Þorsteinsdóttir:** Málavextir eftir Kate Atkinson, Bjartur.
**Guðbergur Bergsson:** Öll dagsins glóð, safn portúgalskra ljóða 1900-2008, JPV útgáfa.
**Kristján Árnason:** Ummyndanir eftir Ovid, Mál og menning.
**María Rán Guðjónsdóttir:** Kirkja hafsins eftir Ildefonso Falcones, JPV útgáfa.
**Sigurður Karlsson:** Yfir hafið og í steininn eftir Tapio Koivukari, Uppheimar.


Þín undirskrift skiptir máli!
Farðu á www.isci.is

Mænan er ráðgáta –
en saman getum við leyst hana.

Skrifum öll undir samnorræna áskorun til WHO um að láta til sín taka.

**Norðurlöndin skora á WHO!**



Mænuskaðastofnun Íslands


# Góð stund með Gunna

Tónlist ★★★★

**Vetrarsól**

Gunnar Þórðarson

**Á Vetrarsól eru tónleikar Gunnars Þórðarsonar frá því í októberbyrjun á hljóð- og mynddiski. Innileg og góð kvöldstund með einum af meisturum íslenskrar poppsögu.**

Vetrarsól hefur að geyma tónleika með Gunnari Þórðarsyni sem fram fóru 2. október síðastliðinn Í Borgarleikhúsinu. Í pakkanum er 17 laga geisladiskur og svo tónleikarnir í heild sinni á DVD-diski, 26 lög ásamt kynningum, spjalli og sögum. Útsetningarnar eru frekar einfaldar. Á fyrri hluta tónleikanna er Gunni að stærstum hluta einn með kassagítarinn, en á síðari hlutanum fjölgar á sviðinu. Uppstillingin minnir á Storytellers-tónleikaröð VH1 sjónvarpsstöðvarinnar, en helstu einkenni hennar eru einmitt nálægð við áheyrendur, fá hljóðfæri og spjall á milli laga.



Eins og alþjóð veit er Gunnar Þórðarson einn af öflugustu lagasmiðum íslenskrar poppsögu og þess vegna var vitað mál að hann færi létt með að fylla svona tónleikadagskrá með snilldarlögum. Það sem var meiri spurning var hvernig það kæmi út að hann syngi lögin sjálfur og svo hvernig lög sem voru mikið útsett og hlaðin í frumútgáfunum kæmu út svona næstum berstrípuð. Og jú, hvortveggja gengur ágætlega upp. Gunni er liðtækur söngvari þótt hann sé enginn flauelsbarki og það er líka gaman að heyra lög eins og Lífsgleði og Við saman í einföldum kassagítarútgáfum. Gestasöngvarar (Svavar Knútur og Buff) standa sig líka vel og það sama má segja um hljómsveitina sem birtist á sviðinu upp úr miðjum tónleikum. Það sem fæst með svona tónleikum er líka nálægðin. Gunni kann alveg að segja skemmtilegar sögur og fer oft á kostum í kynningum og svo heyrast allir textar sérstaklega vel við þessar aðstæður. Upplifunin verður hjartnæm og innileg.

Þar með er ég auðvitað ekki að segja að útsetningarnar hér slái við frumgerðunum, en það er gaman að fá að kynnast þessum lögum upp á nýtt með þessum hætti. **Trausti Júlíusson**

# TIL HAMINGJU

## ÍSLENSKU ÞÝÐINGAVERÐLAUNIN TILNEFNINGAR 2009




Úrval ljóða frá 1900 til 2008 eftir á fimmta tug fremstu skálda Portúgala í snilldarþýðingu Guðbergs Bergssonar sem einnig ritar inngang og kynnir hvert skáld.

JPV ÚTGÁFA




Margverðlaunuð spænsk metsölubók í úrvalsþýðingu Maríu Ránar Guðjónsdóttur.

**„… metnaðarfull saga sem heldur lesandanum föngnum …“**

Daily Express

JPV ÚTGÁFA




Eitt af stórvirkjum heimsbókmenntanna nú loksins komið út á íslensku í frábærri þýðingu Kristjáns Árnasonar.

**„… þau verða ekki mikið stærri tíðindin á íslenskum bókamarkaði á þessu ári.“**

Eiríkur Guðmundsson / Víðsjá

MÁL OG MENNING

FORLAGIÐ

www.forlagid.is

netto

Ódýrt fyrir heimilið!




37% afsláttur

3.585 kr
áður 5.690 kr

ÚTKALL VIÐ LÁTRABJARG




2.919 kr
áður 4.490 kr

35% afsláttur

ALGJÖRT ÆÐI
Í DRYKK OG FÆÐI




35% afsláttur

3.692 kr
áður 5.680 kr

ENN ER MORGUNN




35% afsláttur

3.049 kr
áður 4.690 kr

HAUKUR Á RÖÐLI




35% afsláttur

2.392 kr
áður 3.680 kr

FÖNDUR-JÓL
SKRAUTLEGT OG SKEMMTILEGT
JÓLAFÖNDUR




35% afsláttur

3.244 kr
áður 4.990 kr

OG SVO KOM FERGUSON

www.markhonnun.is




2.398 kr

FOUR CHRISTMASES




998 kr

THE GRINCH




2.998 kr

ATVINNUMENNIRNIR
OKKAR




2.398 kr

KLAUFABÁRÐAR 1




2.398 kr

JÓLALÖGIN MÍN
SIGGA BEINTEINS

Birt með fyrirvara um prentvillur

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Tilboðin gilda 2. - 6. desember eða meðan birgðir endast

## > Diogo framlengdi til ársins 2011

Jordao Diogo, portúgalski bakvörðurinn hjá KR, er búinn að framlengja samning sinn við Vesturbæjarliðið til ársins 2011. Jordao Diogo hefur verið í herbúðum KR-inga síðan sumarið 2008 og hefur spilað 31 leik fyrir félagið í úrvalsdeild karla. Hann lék mjög vel í vinstri bakvarðarstöðunni síðasta sumar. Jordao Diogo er nýorðinn 24 ára gamall en hann kom til Íslands frá Englandi eftir að hafa komið upp í gegnum unglingastarfið hjá Benfica á sínum tíma.



# sport

sport@frettabladid.is

ALFREÐ FINNBOGASON: FÉKK EKKI SAMNING HJÁ ENSKA FÉLAGINU BLACKPOOL

# *Það stefnir allt í að ég spili áfram á Íslandi*

Framherjinn Alfreð Finnbogason, leikmaður Breiðabliks, fór í gær í langþráð frí eftir langt tímabil. Hann hélt til Washington í Bandaríkjunum þar sem foreldrar hans búa og mun hann verða ytra fram yfir áramót.

„Þetta er búið að vera strembið tímabil og það verður gott að hvíla sig aðeins,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið skömmu áður en hann steig upp í flugvélina.

Hann fór á dögunum á reynslu til enska B-deildarliðsins Blackpool en ekkert varð af því að félagið byði honum samning.

„Þeir voru greinilega ekki að leita að manni eins og mér. Mér gekk svo sem ágætlega á æfingunum þarna en það varð ekkert meira úr þessu og ég hef ekkert meira heyrt frá þeim. Auðvitað er það pínu svekkjandi en ég er nú samt alveg rólegur,“ sagði Alfreð sem er ekki með fleiri járn í eldinum sem stendur.

„Eins og staðan er í dag þá stefnir allt í að ég spili áfram á Íslandi næsta sumar. Ég er í viðræðum við Breiðablik og bíð eftir að heyra hvað kemur út úr því,“ sagði Alfreð en umboðsmaður hans mun sjá um viðræðurnar á meðan hann fer í frí.



„Breiðablik er sem fyrr fyrsti kostur hjá mér hérna heima og það er spennandi tímabil fram undan þar. Ef maður heldur áfram að standa sig þá koma vonandi fleiri tækifæri. Ég held því bara mínu striki og bíð eftir að rétt félag og rétt tilboð komi,“ sagði Alfreð en hann gæti spilað með því liði sem hann vill hér á landi enda hafa öll stærstu félög landsins áhuga á þessum efnilega framherja.

„Svo opnast glugginn auðvitað aftur í janúar og maður veit aldrei hvað gerist þá. Ef ég sem við Blikana þá verður það væntanlega með þeim formerkjum að ég geti farið fyrir sanngjarnan pening. Það þarf að vera sanngirni á báða bóga,“ sagði Alfreð en hvar vill hann helst spila? „Það væri mjög gaman að komast að hjá liði í Danmörku, Hollandi eða Belgíu. Einhverju landi þar sem er spilaður fótbolti sem hentar mér,“ sagði Alfreð Finnbogason.

Alfreð er ánægður með Aron Pálmarsson:

# Ótrúlega sterkur miðað við aldur og fyrri störf

**HANDBOLTI** Hinn ungi og efnilegi Hafnfirðingur, Aron Pálmarsson, er undir handleiðslu Alfreðs hjá Kiel en hann kom til félagsins frá FH. Alfreð er ánægður með strákinn.

„Ég er mjög ánægður með hann. Auðvitað kom hann hingað í engu formi enda búinn að vera lengi meiddur en honum hefur gengið vel að aðlagast.



Hann er ótrúlega sterkur miðað við aldur og fyrri störf. Hann getur samt enn bætt sig í grundvallaratriðum eins og úthaldi og snerpu,“ sagði Alfreð.

„Hann má samt laga þýskuna hjá sér en hann hefur ekki alveg verið nógu duglegur að læra hana. Ætli hann sé ekki of mikið á Facebook,“ sagði Alfreð léttur og hló. **- hbg**

# Ég verð landsliðsþjálfari í vínræktarlandi eftir tíu ár

**Það er ekkert fararsnið á Alfreð Gíslasyni sem er búinn að framlengja samning sinn við Kiel til ársins 2014. Hann stefnir á að þjálfa deildarlið til sextugs.**

**HANDBOLTI** Forráðamenn þýska stórliðsins Kiel eru greinilega afar ánægðir með störf Alfreðs Gíslasonar þjálfara því þeir hafa framlengt við Alfreð til ársins 2014 en gamli samningur Alfreðs átti að renna út 2011. Alfreð er á sínu öðru ári með þýsku meistarana.

„Þetta er snilldarklúbbur og því var aldrei um annað að ræða en að framlengja. Ég er afar sáttur við þessa niðurstöðu,“ sagði Alfreð við Fréttablaðið í gær. „Þegar maður er búinn að vera hér má eiginlega segja að allt annað sé skref niður á við. Það eru ekki margir klúbbar sem komast nálægt því sem er hér hjá Kiel,“ sagði Alfreð sem er hvergi nærri á því að hætta í harkinu í Þýskalandi.

„Ég hef alltaf sagt að ég ætli að taka þennan deildarbolta til sextugs ef ég lifi það af í bókstaflegri merkingu. Svo hafði ég hug á að fara í eitthvert vínræktarland sem landsliðsþjálfari. Það verður því varla á Íslandi nema loftslagsbreytingarnar verði rosalegar,“ sagði Alfreð og hló við. „Það er stefnan að ná tíu árum í viðbót í deildarboltanum og draumurinn auðvitað að gera það með Kiel.“

Alfreð gerði Kiel að meisturum og bikarmeisturum í Þýskalandi á fyrsta ári með liðið en það sló þess utan stigamet í deildinni í fyrra. Svo fór Kiel einnig í úrslit Meistaradeildarinnar. Tímabilið í ár hefur svo farið vel af stað en Kiel hefur enn ekki tapað leik í vetur.

Alfreð er þekktur vinnuþjarkur og hann segir að það heilli ekki að færa sig um set til Spánar. „Það er ekki nógu mikil áskorun. Þar erum við kannski bara að tala um sex alvöru leiki á ári en hitt frekar auðvelt. Ég vil hafa meira fyrir hlutunum en það, þó svo það sé æðislegt að búa á Spáni. Það toppar ekkert Kiel,“ sagði Alfreð sem segir Kiel sífellt vera að bæta við sig og meðal annars verið að vinna í nýrri æfingaaðstöðu.

„Svo er Kiel með þá sérstöðu að það er ekki háð einstaklingi eða einum styrktaraðila. Hér er alltaf fullt hús og margir styrktaraðilar. Það býr ekkert annað félag við sama öryggi í rekstri og Kiel.“



**Á TOPPNUM MEÐ KIEL** Akureyringurinn Alfreð Gíslason verður áfram við störf hjá líklega besta félagsliði heims í dag. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Helstu andstæðingar Kiel áttu eflaust von á að Kiel myndi hiksta meira en raun ber vitni í vetur enda missti liðið sterka leikmenn og þar á meðal Nikola Karabatic sem er almennt talinn vera besti handboltamaður heims.

„Þannig lagað hefur þetta gengið betur. Það er mjög gott hjá okkur að halda meðal annars við Hamburg fyrir aftan okkur en það voru litlar breytingar þar. Maður spyr sig að ef Hamburg nær ekki að halda í við okkur núna, hvernig verður það á næsta ári þegar við erum búnir að spila okkur betur saman? Svo erum við með ágætt forskot á Rhein-Neckar Löwen en það lið á bara eftir að styrkjast,“ sagði Alfreð.

Alfreð og fjölskylda una sér vel í Kiel sem hann segir vera þægilegan smábæ. Hann segir það annars skipta sig engu hvar hann sé að vinna.

„Það er það mikið að gera fyrir mig að ég hef ekki einu sinni tíma til að kíkja á tölvupóstinn minn. Ég er bara að þjálfa eða í myndbandavinnu allan daginn. Þetta er alltaf eins og ekki beint fjölbreytt líf. Ég hef samt enn sama áhuga og drifkraft og áður. Auðvitað hefur maður séð þjálfara brenna upp og ég veit ekki hvort það gerist fyrir mig ef ég held áfram að horfa endalaust á myndbönd. Það gerist eflaust einhvern tímann. Ég gæti ekki verið í þessu harki í dag ef ég væri með lið í neðri hlutanum. Þá færi ég frekar á sjóinn bara hjá Samherja,“ sagði Alfreð Gíslason.

henry@frettabladid.is

Jólasöfnun

Fjölskylduhjálpar Íslands er hafin

Þúsundir fjölskyldna eiga um sárt að binda fyrir jólin. Þeir sem eru aflögufærir fyrir þessi jól geta lagt inn á reikning Fjölskylduhjálpar Íslands

101-26-66090
kt. 660903-2590

Fjölskylduhjálp Íslands

Tökum á móti matvælum og fatnaði í
Eskihlíð 2-4
þriðjudaga kl 9-13
miðvikudaga kl. 9-18
fimmtudaga kl. 9-13 .
Símar 551 3360 og 892 9603

Fjölskylduhjálp Íslands

SPORTLAND
NÝ STÓRGLÆSILEG SPORTVÖRUVERSLUN!
GRENSÁSVEGI 11
GLÆSILEG OPNUNAR TILBOÐ!
BETTER BODIES uhlsport GASP Umbro Mizuno Kempa

Tveir leikir fóru fram í átta liða úrslitum enska deildarbikarsins í gær:

# Man. Utd og Aston Villa komust áfram

**FÓTBOLTI** Manchester United og Aston Villa komust í undanúrslit ensku deildarbikarkeppninnar í gærkvöld. Man. Utd vann þá Tottenham, 2-0, á Old Trafford en Aston Villa vann góðan útisigur á Portsmouth, 2-4.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, tefldi fram hálfgerðu varaliði eins og venjulega í þessari keppni en aðalliðSpurs átti samt ekkert í United. Miðjumaðurinn Darron Gibson skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik og kláraði dæmið fyrir heimamenn.

Sjálfsmark Stiliyan Petrov gerði ekkert til þess að hjálpa Portsmouth gegn Aston Villa. Leikmenn Villa svöruðu með þremur mörkum frá Emile Heskey, James Milner og Stewart Downing. Kanu minnkaði muninn þrem mínútum fyrir leikslok en Ashley Young kláraði dæmið fyrir Villa tveim mínútum síðar. **- hbg**



**HETJAN** Darron Gibson skaut Man. Utd áfram í deildarbikarnum í gær. NORDIC PHOTOS/AFP


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FRÁBÆRT VERÐ
539 KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
698 KR.STK
MATFUGL STEIKTUR HEILL KJÚKLINGUR
1598 KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
FRYSTIVARA
198 KR.KG
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
40% AFSLÁTTUR
K.F KOFAREYKT FOLALD M/BEINI
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
40% AFSLÁTTUR
K.F SALTAÐ FOLALDAKJÖT
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 776 KR.KG.
466 kr.kg.
FRYSTIVARA
198 KR.KG
K.S FROSINN INNMATUR
HJÖRTU OG LIFUR
40% AFSLÁTTUR
ALI FERSKT GRÍSAHAKK
40% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 798 KR.KG. 479 kr.kg.
35% AFSLÁTTUR
K.B FERSKT UNGNAUTAHAKK
35% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 974 kr.kg.
FRYSTIVARA
579 KR.KG
N.F STEIKTAR FISKIBOLLUR
398 KR.PK
GRÍMS PLOKKFISKUR 400g
FRYSTIVARA
998 KR.KG
N.F GRÆNMETISBUFF 1 kg
Fiskbúðin okkar
998 KR.KG
FERSK ÝSUFLÖK ROÐ OG BEINLAUS
298 KR.KG
ALI SALTAÐIR GRÍSASKANKAR
239 KR.
PAMPERS SIMPLY BLAUTÞURRKUR
72 stk. í pakka/tvær teg
259 KR.
COLGATE TANNKREM 100 ML
TOTAL WHITENING GEL
159 KR.
COLGATE TANNBURSTI EXTRA CLEAN
FRYSTIVARA
598 KR.KG
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
ALLIR BESTU BITARNIR Í ÞESSUM POKA.
139 KR.KG
SÉRVALDAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
198 KR.
CLEAN&FRESH MÝKIR 2 LTR.
TVÆR TEG.
159 KR.
CLEAN&FRESH UPPÞVOTTALÖGUR
625ml
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00 -18.30

# Margrét Kara sér til þess að KR saknar ekki Kanans síns

KR-ingurinn Margrét Kara Sturludóttir átti frábæran nóvember með toppliðinu í Iceland Express-deildinni og hækkaði framlag sitt og stigaskor um það sem liðið missti þegar bandaríski bakvörðurinn Jenny Pfeiffer-Finora meiddist.



**Á FLEYGIFERÐ** Margrét Kara Sturludóttir skoraði 23 stig að meðaltali í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR í Iceland Express-deildinni hefur unnið níu fyrstu leiki sína á tímabilinu og marga þeirra með miklum mun. KR-liðið hefur ekki fundið fyrir því að missa bandaríska bakvörðinn Jenny Pfeiffer-Finora í meiðsli því Margrét Kara Sturludóttir hefur séð til þess að enginn saknar Jennyar í KR.

Margrét Kara varð tvítug á þessu ári og hefur stærstan hluta síns ferils lagt mest til síns liðs í varnarleik, vinnusemi og fráköstum. Kara hefur hins vegar stigið stórt skref í að verða meiri skorari í vetur og þetta hefur verið sérstaklega áberandi eftir að KR-liðið missti Jenny Pfeiffer-Finora.

Liðið vann fimm fyrstu leiki sína með Jenny innanborðs en lenti svo í því að hún meiddist daginn fyrir toppleikinn á móti Hamri. Kara skoraði 23 stig í mikilvægum sigri í Hveragerði og hefur síðan gert enn betur í tveimur af síðustu þremur leikjum. Kara krónaði frábæran nóvember með því að skora 34 stig á móti Íslandsmeisturum Hauka á þeirra eigin heimavelli.

### Hafði burði til að skora meira

„Þegar ég tek við liðinu í sumar þá sest ég niður með Köru og sýndi henni hvað ég vildi fá frá henni. Hún hafði þessa burði til þess að verða meiri skorari en hún hefur verið," segir Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR-liðsins en hann segist vera aðeins búinn að breyta hlutföllunum innan liðsins.

Kara hefur hækkað stigaskor sitt og framlag sitt nánast um það sem Jenny Pfeiffer-Finora skilaði í fyrstu fimm leikjunum. Kara er að skora 11,6 stigum meira í leik (Jenny var með 12,8 stig í leik) og hefur hækkað framlag sitt um 9,0 (Jenny var með 9,4 í framlagi í leik) síðan Jenny meiddist.

### Áfram í stóru varnarhlutverki

„Þetta hefur þróast þannig að hún hefur verið að gera meira í þessum leikjum síðan Jenny meiddist. Þó að Kara sé að skora meira þá er hún ekki að skora af því að hún sé orðin eitthvað eigingjörn. Þetta er allt innan rammans og í flæðinu og hún er enn þá í stóru hlutverki varnarlega," segir Benedikt og bætir við:

„Kara er búin að vinna sér inn fyrir þessu og hún tekur leiðbeiningum vel. Maður þarf ekki að segja eitthvað nema einu sinni við hana og þá grípur hún það," segir Benedikt.

Kara skoraði 23 stig að meðaltali í fjórum leikjum KR-liðsins í nóvember en hún hækkaði sig líka upp í 3,8 stoðsendingar og 3,3 stolna bolta í leik. „Hún er því komin með stærra vopnabúr. Kara er líka farin að lesa vörnina miklu betur, hún er farin að lesa það betur hvenær hún á skjóta og hvenær hún á að keyra upp að körfunni og hvenær hún á að gefa hann," segir Benedikt.

„Sjálfstraustið hjá henni er líka orðið það gott að henni finnst hún vera orðin virkilega góð," sem er greinilega enn að vinna með hana.

„Við vitum það alveg að hún er að fara að spila svona í hverjum leik. Það má alls ekki gerast hjá henni eða öðrum að hún fari að finna þessa pressu að hún verði að skora. Þá fer þetta að snúast í höndunum á leikmönnum," segir Benedikt en hann er mjög ánægður með liðið.

### Allir mjög óeigingjarnir

„Allt liðið er þannig að það eru allir mjög óeigingjarnir og það geta allir unað þeim næsta að vera að skora mikið einhvern leikinn. Svo er röðin komin að öðrum í næsta leik á eftir og svo koll af kolli," segir Benedikt.

KR-liðið á leik í kvöld á heimavelli á móti Grindavík en Grindavíkurstúlkur hafa unnið fjóra síðustu leiki sína. Það fer fram heil umferð í deildinni en þá mætast líka Hamar-Njarðvík, Snæfell-Haukar og Keflavík-Valur.

ooj@frettabladid.is

### KARA BÆTIR SINN LEIK Í FORFÖLLUM KR-KANANS

**Fyrir meiðsli Jenny**

| | |
|---|---|
| Leikir | 5 (28,4 mín í leik) |
| Stig í leik | 11,4 |
| Fráköst í leik | 6,8 |
| Stoðsendingar í leik | 2,8 |
| Stolnir í leik | 2,8 |
| Varin skot í leik | 0,8 |
| 3ja stiga körfur í leik | 1,2 |
| Víti fengin í leik | 3,6 |
| Skotnýting | 35,1% |
| Vítanýting | 61,1% |
| Framlag í leik | 13,8 |

**Eftir meiðsli Jennyar**

| | |
|---|---|
| Leikir | 4 (31,0 mín í leik) |
| Stig í leik | 23,0 |
| Fráköst í leik | 4,8 |
| Stoðsendingar í leik | 3,8 |
| Stolnir í leik | 3,3 |
| Varin skot í leik | 1,5 |
| 3ja stiga körfur í leik | 2,5 |
| Víti fengin í leik | 6,0 |
| Skotnýting | 47,8% |
| Vítanýting | 75,0% |
| Framlag í leik | 22,8 |



**STÝRIR SKÚTUNNI** Justin Shouse er frábær í lok leikjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stjörnumenn í körfunni:

## Flottir í fjórða

**KÖRFUBOLTI** Bikarmeistarar Stjörnunnar hafa unnið sig til baka inn í toppbaráttu Iceland Express-deildar karla með sigrinum á Njarðvík og KR í síðustu tveimur umferðum eftir að hafa tapað á undan tveimur leikjum í röð.

Það er einkum góður varnarleikur Garðabæjarliðsins í fjórða leikhluta leikjanna sem hefur lagt grunninn að sigrinum. Stjörnuliðið vann lokaleikhlutann í leikjunum á móti KR og Njarðvík samanlagt 34-14 en liðið var undir eftir þrjá fyrstu leikhlutana í báðum þessum leikjum. Liðsmenn KR og Njarðvíkur nýttu hins vegar aðeins 5 af 27 skotum sínum í þessum úrslitaleikhlutum leikjanna og urðu að sætta sig við að missa sigurinn til Stjörnunnar.

Justin Shouse hefur einnig spilað vel á úrslitastundu í þessu leikjum því auk þess að stýra liðinu vel þá skoraði hann tveimur stigum meira en KR og Njarðvík í fjórða leikhluta á þessum leikjum.

Stjarnan vann fjórða leikhlutann á móti Njarðvík 16-8 og þar með leikinn 82-75. Stjarnan vann síðan lokaleikhlutann í DHL-höllinni 18-6 og þar með leikinn með fimm stigum, 78-73. Í báðum leikjum enduðu Stjörnumenn langa sigurgöngu. Njarðvík hafði unnið 7 fyrstu leiki tímabilsins og KR-ingar höfðu ekki tapað deildarleik á heimavelli í að verða tvö ár.

- óój








**SIR ALEX** Liggur ekki á skoðunum sínum frekar en fyrri daginn. NORDIC PHOTOS/GETTY

Sir Alex Ferguson:

## Vill láta reka blaðamann

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er allt annað en ánægður með blaðamann The Independent sem gagnrýndi harðlega ungu strákana hans fyrir frammistöðuna í heimatapinu á móti Besiktas í Meistaradeildinni í síðustu viku.

Rafael da Silva, Gabriel Obertan, Darron Gibson, Federico Macheda og Danny Welbeck spiluðu allir allar 90 mínúturnar á móti Besiktas.

Blaðamaður The Independent skrifaði eftir Besiktas-leikinn: „Það er engin framtíð fyrir þessa leikmenn og þeirra tími mun ekki koma hjá United“ og þessi pistill hans vakti svo sannarlega viðbrögð hjá stjóranum.

„Þvílíkt fífl. Ég trúði þessu ekki. Þetta er fáránleg yfirlýsing. Þegar Beckham, Butt, Scholes og hinir ungu strákarnir spiluðu árið 1996 þá voru þeir 22 ára gamlir eða þremur árum eldri en þessir strákar. Ég get lofað ykkur því að þessi sami blaðamaður mun biðja um viðtöl við þá þegar þeir eru orðnir stórar stjörnur. Munið þessi orð mín,“ sagði Ferguson og bætti við:

„Það á reka þennan blaðamann fyrir svona rugl,“ sagði Sir Alex ósáttur. - óój



**HÖNDIN** Atvikið sem enn er verið að ræða um. NORDIC PHOTOS/AFP

Thierry Henry:

## Verður hugsanlega refsað

**FÓTBOLTI** Thierry Henry er ekki sloppinn þrátt fyrir að hafa beðist formlega afsökunar á því að hafa notað höndina þegar hann lagði upp jöfnunarmarkið mikilvæga fyrir Frakka í umspilsleik við Íra. FIFA mun taka mál hans fyrir á fundi á morgun og þar kemur til greina að refsa Barcelona-manninum fyrir „svindlið“.

Sepp Blatter, forseti FIFA, hefur talað við Thierry Henry og þegar Frakkinn spurði út í hugsanlega refsingu þá svaraði Blatter að málið yrði tekið fyrir hjá framkvæmdastjórninni.

FIFA mun fara yfir málið á öllum hliðum og líklegt þykir að niðurstaðan verði kynnt um leið og þær aðgerðir sambandsins til þess að koma í veg fyrir svona áberandi mistök í framtíðinni.

Meðal þess sem kemur til greina er að setja fimm dómara á leikina á HM næsta sumar þar sem tveimur marklínudómurum yrði bætt við eins og viðgengst í Evrópudeildinni í vetur. - óój

Lionel Messi var valinn knattspyrnumaður Evrópu af France Football með áður óséðum yfirburðum:

# Átti ekki von á svona afgerandi kosningu

**FÓTBOLTI** Argentínumaðurinn Lionel Messi var í gær útnefndur besti knattspyrnumaður Evrópu. Valið kom engum á óvart enda átti Messi hreint út sagt ótrúlegt tímabil í liði Barcelona sem vann glæsilega þrennu.

Messi fékk 473 stig í kjörinu en Cristiano Ronaldo, sem varð annar fékk 233 stig en aldrei áður hefur verið eins mikill munur á milli tveggja efstu manna. Messi var hógvær líkt og áður er honum var tilkynnt um úrslitin í kjörinu.

„Að sjálfsögðu gerði ég mér grein fyrir því að ég ætti möguleika að vinna þessa útnefningu. Ég átti samt aldrei von á þetta afgerandi kosningu. Þetta er mikill heiður og að vinna þessi verðlaun skiptir mig miklu máli,“ sagði Messi við France Football sem stendur fyrir kjörinu.



**LIONEL MESSI** Átti hreint ótrúlegt ár með Barcelona. NORDIC PHOTOS/AFP

Messi er sjötti leikmaður Barcelona sem vinnur þessi verðlaun og sá fyrsti í fjögur ár en þá hlaut Ronaldinho þessa útnefningu.

„Allir sem hafa unnið þessi verðlaun eru stórkostlegir leikmenn og það eru líka margir frábærir leikmenn sem hafa ekki hlotið þessi verðlaun,“ sagði Messi en félagi hans hjá Barcelona, Xavi, varð þriðji í kjörinu með 170 stig og Andres Iniesta kom þar á eftir með 149 stig. - hbg



> **Ellen Pompeo**

„Grönnu fólki er oft sýnt tillitsleysi og jafnvel grimmd. Ég hef alltaf verið grönn og þjáðist af minnimáttarkennd yfir því þegar ég var yngri. Í dag er ég sögð vera valdur að því að aðrar konur borða ekki og það er hræðilegt.“

***Pompeo fer með hlutverk Dr. Meredith Grey í þættinum Grey's Anatomy sem Stöð 2 sýnir kl. 21.30 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON ER ÁNÆGÐUR

# *Tiger Woods var þá mannlegur*

Fréttir af einkalífi Tiger Woods hafa ratað á forsíður heimspressunnar en kylfingurinn klessti á tré eftir að hafa rifist við eiginkonu sína. Sú heitir Elin Nordegren og er sænsk fyrirsæta sem áður hefur komist í tæri við fjölmiðla. Fyrir Ryder Cup-keppni Evrópu og Bandaríkjanna á Írlandi 2006 birti dagblaðið The Dubliner nektarmyndir af konu sem líktist Nordegren og hélt því fram að hún hefði setið fyrir allsber. Málið fékk auðvitað töluvert á Tiger enda helber lygi og blaðinu gert að birta langa afsökunarbeiðni.



Tiger er enginn venjulegur íþróttamaður. Áhorf á golfmót dregst saman um helming ef hann er ekki með og því keppast mótshaldarar um að borga honum himinháar upphæðir fyrir það eitt að skrá sig til leiks. Tiger Woods hefur skemmt mér um árabil með glæsilegum höggum sem maður hefði fyrirfram ekki trúað að hægt væri að slá. Ekki skemmir fyrir að Tiger hefur gefið af sér þá ímynd að ferill hans bæði utan og innan vallar sé nánast flekklaus. Enda þurfa menn að hafa sitthvað til brunns að bera þegar stórfyrirtæki á borð við Nike, Tag Heuer, Gatorade og Buick vilja borga manni marga milljarða fyrir það eitt að kynna vöruna.

Tiger hefur undanfarna daga sannað það fyrir heimsbyggðinni að hann er mannlegur, eins og við hin. Og nú þarf maður ekki lengur að hugsa um þennan mann sem eitthvert vélmenni eða íþróttamann sem er ekki af þessum heimi. Hann er bara Tiger Woods núna.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **18.40** Jóladagatalið
SJÓNVARPIÐ



▶ **19.50** Man. City – Arsenal, beint, STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.30** Heim og saman - NÝTT INN



▶ **20.40** Gossip Girl STÖÐ 2



▶ **21.55** Lipstick Jungle
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**
**16.55 Táknmálsfréttir**
**17.05 Einu sinni var... - Maðurinn** (e)
**17.35 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.
**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)
▶**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** Leikbrúðuþættir um Klæng sniðuga og ævintýri hans eftir Davíð Þór Jónsson og Stein Ármann Magnússon.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Ljóta Betty (Ugly Betty)** Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Vatn** (Flow: For Love of Water) Frönsk heimildamynd um vatnsbúskap jarðar, einkavæðingu vatnsréttinda og afleiðingar hennar.
**23.50 Viðtalið** (Dr. Andrew Cottey) Bogi Ágústsson ræðir við dr. Andrew Cottey, prófessor við Háskólann í Cork og sérfræðing í alþjóðasamskiptum, öryggismálum og evrópskum stjórnmálum. (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 She's the One**
**10.00 Yours, Mine and Ours**
**12.00 The Queen**
**14.00 She's the One**
**16.00 Yours, Mine and Ours**
**18.00 The Queen**
**20.00 Dying Young** Átakanleg mynd um unga konu sem ræður sig í vinnu sem hjúkrunarkona ungs manns sem berst við hvítblæði.
**22.00 Havoc**
**00.00 The Departed**
**02.30 Edison**
**04.10 Havoc**
**06.00 An Unfinished Life**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Auddi og Sveppi**
**10.55 You Are What You Eat** (4:8)
**11.45 Smallville** (10:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Aliens in America** (15:18)
**13.25 E.R.** (19:22)
**14.10 Sisters** (8:28)
**14.55 The O.C. 2** (24:24)
**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Dynkur smáeðla og Nornafélagið.
**17.03 Bold and the Beautiful**
**17.28 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (1:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.52 Íþróttir**
**18.59 Ísland í dag**
**19.16 Veður**
**19.25 Two and a Half Men** (6:24)
**19.55 Fangavaktin**
▶**20.40 Gossip Girl** (9:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York sem hafa helst áhuggjur að því hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.
**21.30 Grey's Anatomy** (6:23) Sjötta sería vinsæls dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg.
**22.20 Medium** (14:19) Allison Dubois sér í draumum sínum skelfilega atburði sem enn hafa ekki átt sér stað. Þessi náðargjöf hennar gagnast lögreglunni að vitaskuld við rannsókn ýmissa mála.
**23.10 True Blood** (11:12)
**00.05 Sex and the City** (17:18)
**00.35 The Mentalist** (1:22)
**01.20 E.R.** (19:22)
**02.05 Sjáðu**
**02.35 Me and You and Everyone We Know**
**04.05 Gossip Girl** (9:22)
**04.50 Grey's Anatomy** (6:23)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**15.40 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.
**16.10 Man. Utd. - Tottenham** Útsending frá leik í enska deildabikarnum.
**17.50 AEK Aþena - Everton** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspynu.
▶**19.50 Man. City - Arsenal** Bein útsending frá leik í 8-liða úrslitum enska deildabikarsins.
**21.50 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.
**22.35 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.
**23.20 AEK Aþena - Everton** Útsending frá leik í Evrópudeildinni.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Wigan - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.00 Arsenal - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**20.35 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**21.05 Everton - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.45 Fulham - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dynasty** (18:29) (e)
**08.50 Pepsi MAX tónlist**
**16.35 Nýtt útlit** (9:10) (e)
**17.25 Dynasty** (20:29)
**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**18.30 Yes Dear** (12:15) (e)
**19.00 King of Queens** (9:25)
**19.30 Fréttir** (e)
**19.45 Matarklúbburinn** (4:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.
**20.15 Spjallið með Sölva** (11:13) Umræðuþáttur í beinni útsendingu þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr.
**21.05 America's Next Top Model** (7:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar þurfa að rata um stjörnuborgina Los Angeles þegar þær eru sendar til að hitta tískuhönnuði.
▶**21.55 Lipstick Jungle** (7:13) Þáttaröð byggð á bók frá höfundi Sex and the City um þrjár valdamiklar vinkonur í New York. Nico hittir mömmu Kirbys og er hissa hvað þær eru líkar. Victory þarf að fá hjálp frá Joe og Wendy verður afbrýðissöm þegar Shane fær nýjan umboðsmann.
**22.45 The Jay Leno Show** Spjallþáttakóngurinn Jay Leno tekur á móti gestum.
**23.30 CSI. Miami** (6:25) (e)
**00.20 The Contender Muay Thai** (e)
**01.50 King of Queens** (9:25) (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Maturinn og lífið** Fritz M Jörgensson ræðir við gest sinn um lífið og tilveruna.
▶**20.30 Heim og saman - NÝTT** Nýr þáttur um hönnun og útlit í umsjón Þórunnar Högnadóttur.
**21.00 60 plús** Umsjón sr. Bernharð Guðmundsson, Guðrún Guðlaugsdóttir og Tryggvi Gíslason.
**21.30 Óli á Hrauni** Þáttur um stjórnmál í umsjón Ólafs Hannessonar og Viðars Helga Guðjohnsen.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


LAGERSALAN – Dalvegi 16b, Kópavogi.
Opið virka daga 12-18 og laugardaga 10-14. S. 555 6275
GERIÐ VERÐSAMANBURÐ!
ÖLL VERÐ ERU BESTU VERÐ


VERÐ 4.900 KR.


STURTUHAUS 21CM VERÐ 9.900 KR.


ALLT SETTIÐ VERÐ 32.900 KR.

Eldhúss- og hitastýrð blöndunartæki komin aftur. Sama frábæra verðið!


Eldhússtæki
VERÐ 10.000 KR.

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 21.30**

### Grey's Anatomy



Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara. Samruni spítalans við Mercy West gekk brösulega í síðustu viku sem endaði með að Izzy missti vinnuna. Þegar önnur mistök verða sjúklingi að bana þurfa læknanir að berjast fyrir starfi sínu.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Spjallið með Sölva**

**Skjár einn kl. 20.15**



Meðal gesta hjá Sölva í kvöld verður Pétur Guðjónsson sem stendur fyrir heimsgöngunni. Hann segir m.a. frá viðskiptum sínum við Fidel Castro og þegar hann dó um stund í líkamsræktarstöðinni World Class. Einnig verður fjallað um líf heimilislausra í Reykjavík og ræðir Sölvi við fyrrum útigangskonu sem segir á opinskáan hátt frá lífsreynslu sinni. Þá ætlar Geir Ólafsson einnig að kíkja í heimsókn.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Orð skulu standa
**14.03** Tónleikur
**15.03** Útvarpssagan: Ástarflótti
**15.25** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bókaþing
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (17:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem þau greiða úr flækjum í einkalífinu.

**17.00 Doctors** (18:25)

**17.30 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.15 Seinfeld** (20:24)

**18.45 Doctors** (17:25)

**19.15 Doctors** (18:25)

**19.45 Gilmore Girls**

**20.30 Seinfeld** (20:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**22.00 Chuck** (13:22) Chuck lifði fremur óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.

**22.50 Burn Notice** (13:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir útí kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.

**23.35 The Unit** (5:11) Þættir um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**00.45 Fréttir Stöðvar 2**

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** Absolutely Fabulous **12.30** Absolutely Fabulous **13.00** Lead Balloon **13.00** Lead Balloon **13.30** Lab Rats **14.00** Lab Rats **14.30** Only Fools and Horses **15.00** Dalziel and Pascoe **15.50** Dalziel and Pascoe **16.45** My Hero **17.15** My Hero **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** Lead Balloon **19.00** Lead Balloon **19.30** Saxondale **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.00** Rob Brydon's Annually Retentive **20.30** Never Better **21.00** Dalziel and Pascoe **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** Lead Balloon **21.50** Lead Balloon **22.20** Saxondale **22.50** Never Better **22.50** Never Better **23.20** EastEnders **23.50** Only Fools and Horses

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Nær naturen **12.45** Aldrig mere fængsel **13.10** Seinfeld **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Pigerne Mod Drengene **15.30** Spiderman **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Pagten **19.00** DR1 Dokumentaren **19.00** DR1 Dokumentaren **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **21.00** Taggart **21.00** Taggart **22.10** OBS **22.15** Onsdags Lotto **22.20** DR1 Dokumentaren - Manden der ville do **23.20** Backstage **23.20** Backstage **23.50** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** En plass i livet **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** V-cup skiskyting **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.00** Jul i Svingen **17.25** Øisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Berulfsens konspirasjoner **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** True Blood **23.40** Ei rituell verd

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** Niklas mat **13.20** Rom - öppen stad **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Skidskytte. Världscupen Östersund **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Morden **21.00** Korrespondenterna klimatspecial **21.30** Nobelpriset 2009 - fred och ekonomi **22.00** Kulturnyheterna **22.15** Livet i Fagervik **23.00** Sommarpratarna


www.lyfja.is

ESTĒE LAUDER

# Gjöfin þín í Lyfju

## Ef þú verslar vörur frá Estée Lauder fyrir 5.500 eða meira

í Lyfju Lágmúla, Lyfju Smáratorgi og Lyfju Selfossi dagana 2. - 8. desember færðu þessa glæsilegu snyrtibuddu að gjöf ásamt:*

- Perfectionist Wrinkle Lifting Serum 7ml - viðgerðarkremi
- TimeZone Line and Wrinkle Reducing Crème SPF 15 7ml – virku andlitskremi
- Projectionist Mascara – svörtum maskara
- Pure Color Lipstick – varalit, hot copper
- Pleasures ilmvatni

*meðan birgðir endast

Verðgildi gjafarinnar er um kr. 17.422.-




LYFJA

- Lifið heil

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þegar ég er í myndatökum þá er það nýja remix-platan með Steed Lord og svo Gus Gus. Þegar ég er heima að vinna er það Fever ray, The xx, Rachmaninov og Daníel Bjarnason.“*

Saga Sigurðardóttir ljósmyndari.

# Erótískt vetrarljóð í burstabæ

„Þetta er erótískt vetrarljóð sem gerist í burstabæ og er ort út frá sjónarhóli heimasætunnar sem sér krókinn hans Ketkróks síga niður úr reykháfnum að hlóðunum og hugsar sér gott til glóðarinnar. Hún ákveður að grípa krókinn og festir hann næst við sjálfa sig,“ útskýrir rithöfundurinn Gerður Kristný. Hún orti kvæði sem fylgir jólaóróa sem seldur er til styrktar Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, en óróann hannaði Hrafnkell Birgisson.

Jólasveinninn sem Gerður Kristný og Hrafnkell túlka er enginn annar en Ketkrókur og segist Gerður Kristný hafa ort ljóðið um hásumar. Aðspurð segir hún að henni hafi ekki reynst erfitt að komast í jólaskap um mitt sumar. „Það eru alltaf jólin þannig mér þótti ekki erfitt að koma mér í rétta andann. Erfiðast var fyrir enska þýðandann að þýða ljóðið yfir á sína tungu því fyrirbærið niðursetningur er ekki til á enskri tungu og það sama má segja um orðin klukka og kot, þetta eru allt ákaflega íslensk heiti. Ég ræddi þetta meðal annars á snjáldursíðu minni og frændi minn stakk upp á því að niðursetningur yrði þýtt sem „downloader“,“ segir hún og hlær. En ljóðið fylgir gripnum bæði á ensku og íslensku.

Þetta er ekki fyrsta jólaljóðið sem Gerður Kristný yrkir því í ljóðabókinni Höggstað, sem kom út í hittifyrra, er einnig að finna ljóð um jólin.

Jólaóróinn verður seldur í verslunum Epal, Kraum, Casa, auk annarra og verður fáanlegur frá 5. desember til 19. desember. **- sm**

**KETKRÓKUR KEMST Í FEITT**

*Þá berst bröltaf sperru,*
*spyrnt er í háfinn.*
*Krókur sígur*
*niður úr kófinu,*
*glampandi öngull*
*í myrkurhyl.*
*Sterklegar greipar*
*Ijúkast um færið.*



**EKKI ERFITT AÐ FINNA JÓLAANDANN** Gerður Kristný orti kvæði sem fylgir jólaóróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** framagosi, **6.** eftir hádegi, **8.** skjögur, **9.** garðshorn, **11.** mun, **12.** kraum, **14.** yfirstéttar, **16.** rás, 1**7.** skref, **18.** kvabb, **20.** sjó, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** viðartegund, **3.** fyrir hönd, **4.** vandræði, **5.** svelg, **7.** holdlaus, **10.** hestaskítur, **13.** kóf, **15.** tísku, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** uppi, **6.** eh, **8.** rið, **9.** kot, **11.** ku, **12.** krakk, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** fet, **18.** suð, **20.** sæ, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** tekk, **3.** pr, 4. pikkles, **5.** iðu, **7.** horaður, **10.** tað, **13.** kaf, **15.** stæl, **16.** æsa, **19.** ðð.



**SPÉFUGLAR Frímann Gunnarsson** og **Frank Hvam** eru skemmtilegt par. Gunnar Hansson, skapari Frímanns, lýsir Frank sem miklum snillingi. Gunnar heimsótti Frank fyrir skemmstu, sá uppistandssýninguna hans á Jótlandi og fór á smá pöbbarölt í Hortense.

GUNNAR HANSSON: Á PÖBBARÖLTI MEÐ FRANK HVAM

# FRÍMANN SELDUR TIL DR 2

Sjónvarpsþáttaröð um ólíkindatólið og sjónvarpsmanninn Frímann Gunnarsson hefur verið seld til danska ríkissjónvarpsins og verður væntanlega sýnd á DR 2 þegar fram líða stundir. Þetta staðfesti skapari Frímanns, Gunnar Hansson, í samtali við Fréttablaðið. Gunnar segir aðrar stöðvar á Norðurlöndunum fylgjast grannt með gangi mála, þær séu í það minnsta spenntar fyrir þessu sérstaka verkefni. „Þetta lítur allt saman vel út og við höfum heyrt af því að þeim þyki þetta vera mjög spennandi,“ segir Gunnar.

Það sem gerir þetta enn merkilegra er að þáttaröðin er ekki tilbúin sem gefur kannski ágætis mynd af því hversu spennandi þetta verkefni er. Gunnar og leikstjóri þáttanna, Ragnar Hansson, heimsóttu til að mynda Frank Hvam í Danmörku fyrir tveimur vikum en þetta var í annað sinn sem svona „undirbúningsfundur“ er haldinn. Fyrsti fundurinn var haldinn í maí. Eiginlegar tökur á þeim kafla hefjast nefnilega ekki fyrr en í janúar. „Við vildum ná honum á sviði með áhorfendum í sal og fórum að sjá alveg frábæra uppistandssýningu í Hortense á Jótlandi,“ segir Gunnar en þetta varð til þess að hann hafi hlegið sig máttlausan yfir inngangi að flestum bröndurum Franks. „En svo kom „punch-línan“ og allir hlógu nema ég. Mjög sérstakt,“ segir Gunnar og veit ekki alveg hvernig hann á lýsa þessari tilfinningu. Hann var þó ákaflega ánægður með þennan fund. „Við vorum svona aðeins að þreifa á hvor öðrum. Því þótt þetta sé alveg fyrirfram ákveðið þá er þetta líka spuni og við vorum svona aðeins að fikra okkur áfram,“ útskýrir Gunnar sem á varla nógu sterk orð til að lýsa því hversu mikill húmoristi Frank sé. „Hann er bara algjör snillingur.“

Og Gunnar segist hafa áttað sig á því hversu stór stjarna Frank er í Danmörku þegar þeir fóru á smá pöbbarölt eftir sýninguna. „Fólk sneri sig næstum úr hálsliðnum þegar hann gekk inn og þótt þetta hafi verið stutt heimsókn þá var hún alveg skelfilega skemmtileg.“

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leiðir Bubba Morthens og **Hafdísar Huldar** lágu saman á tónleikum Fuglabúrsins á Rósenberg í haust. Þótt ólík séu tókust með þeim góð kynni. Eins og kunnugt er – og sást í Fangavaktinni – heldur Bubbi Morthens árlega tónleika á Litla-Hrauni á aðfangadag. Næst ætlar hann að taka Hafdísi með sér. Fangarnir verða eflaust í góðu stuði fyrir krúttlegt popp Hafdísar Huldar, enda hefur það skorað hátt á vinsældalistunum í allt haust.



Og meira tengt Fangavaktinni, því Kenneth Máni, uppáhaldsfangi íslenskra sjónvarpsáhorfenda, hefur öðlast sjálfstætt líf. Þessu hugarfóstri **Björns Thors** var flogið út til Kaupmannahafnar þar sem hann heimsótti birgðastöð UNICEF. Að sjálfsögðu þekktu hinir fjölmörgu Íslendingar sem áttu leið um Kastrup Kenneth um leið og þetta er ekki í fyrsta skipti sem Björn lætur persónu öðlast eigið líf. Hann var jú einn af fylgdarsveinum Silvíu Nætur í Eurovision-ævintýrinu, sællar minningar.



Aðdáendur **Loga Geirssonar**, handboltamanns með Lemgo, supu hveljur þegar þeir hugðust leita frétta af honum á hinni sívinsælu bloggsíðu hans því þýsk viðvörunarorð birtust efst í horninu þar sem lesendum var tilkynnt um að þessi síða lægi niðri. Logi hefur engu síður lofað aðdáendum sínum að bloggið verði komið fljótlega aftur í loftið þótt ekki liggi fyrir nákvæmlega hvenær það verði.

**- drg/fgg**



vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Humar 2.000 kr/kg
Skatan er komin!
Vestfirsk Hnoðmör
Stór, pilluð Eldeyjar-rækja
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

# Varð að svæfa Sólmund Hólm

„Við vorum mjög góð við hann en það endaði með því að við urðum að láta svæfa greyið,“ segir tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson.

Hann og Jóhanna kærastan hans hafa að undanförnu misst tvo kettlinga sem voru báðir nefndir í höfuðið á Sólmundi Hólm Sólmundarsyni, ævisöguritara Gylfa. Sá síðari, Sólmundur Hólm II. var svæfður vegna þess að hann var sérlega geðillur og klóraði fólk upp úr þurru en sá fyrri, Sólmundur Hólm Jr., varð fyrir bíl í Keflavík þar sem Gylfi á íbúð.

„Jóhönnu langaði í kisu og vantaði nafn á hana. Þá segi ég við hana: „Af hverju gerirðu ekki eins og indíánarnir og lítur út um gluggann og nefnir köttinn í höfuðið á því fyrsta sem þú sérð?““ segir Gylfi. „Þannig að hún leit út um eldhúsgluggann og það fyrsta sem hún sá var sólin. En af því að þetta var strákur gat hún ekki nefnt hann Sól. Þá datt henni í hug, af því að Sóli var að skrifa bókina, að skíra hann Sóla. Þar með varð þetta Sólmundur Hólm Jr.“

Gylfi og Jóhanna létu ekki deigan síga þrátt fyrir dauða kattanna tveggja því sá þriðji, Sólmundur Hólm III. er nú kominn á heimilið og er ljúfur sem lamb.

Ævisöguritarinn Sólmundur Hólm hefur þó enn ekki hitt nafna sinn, ekki frekar en hina tvo. Spilar það inn í að hann er með kattaofnæmi og reynir hvað hann getur að halda sig fjarri kattarkyninu. Gylfi segir það engu máli skipta: „Hann skal sko fá að halda á þessum, hann er svo góður.“ **- fb**



**GYLFI OG SÓLMUNDUR HÓLM** Gylfi Ægisson ásamt ævisöguritara sínum, Sólmundi Hólm Sólmundarsyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Stjörnuregn í Borgarleikhúsinu!

## Tryggðu þér miða á rómaðar sýningar í desember

### Jesús litli

★★★★★

JVJ, DV

**Einstök jólastemning!**

„Ég skora á fólk að fara í leikhúsið og sjá Jesú litla" GB, Mbl
„Ástarþökk fyrir ógleymanlegt kvöld" SA, TMM
„Það má gera ráð fyrir að þessi sýning Borgarleikhússins gangi lengi" MK, eyjan.is

| | | |
|---|---|---|
| Lau 5/12 | kl. 16 | UPPSELT |
| Lau 5/12 | kl. 20 | UPPSELT |
| Mið 9/12 | kl. 20 | UPPSELT |
| Fim 10/12 | kl. 10 | Örfá sæti |
| Fös 11/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Fim 17/12 | kl. 20 | UPPSELT |
| Lau 19/12 | kl. 21 | UPPSELT |
| Sun 20/12 | kl. 20 | Ný aukas. |
| Þri 29/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Mið 30/12 | kl. 19 | Ný aukas. |

### Fjölskyldan

★★★★½

GBL, Mbl

**Stórbrotin leikhúsveisla!**

„Stjörnuleikur sem endar með flugeldasýningu" BS, pressan.is
„ ...sigur leikstjórans Hilmis Snæs sem fær þetta til að virka svona skínandi vel." JVJ, DV
„Unnendur sígildra efnistaka og vandaðrar leiktúlkunar komast svo sannarlega í feitt í þessari sýningu og eiga eflaust eftir að njóta vel" ÞES, Víðsjá RÚV

| | | |
|---|---|---|
| Fim 3/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Lau 5/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Sun 6/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Fim 10/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Fös 11/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Sun 13/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Fös 18/12 | kl. 19 | UPPSELT |
| Lau 19/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Þri 29/12 | kl. 19 | Örfá sæti |
| Mið 30/12 | kl. 19 | UPPSELT |

**Tryggðu þér miða strax!**
568 8000 | www.borgarleikhus.is | Listabraut 3

Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Útgáfuteiti frestað



Halldór Baldursson, skopteiknarinn góðkunni, ætlaði að blása til mikillar útgáfuveislu í gær, 1. desember, til að fagna útgáfu bókar sinnar, Skuldadagar. Halldór hafði boðið öllum „fyrirsætunum" sínum að koma og gleðjast með sér en í þeim hópi eru margir af helstu ráðamönnum þjóðarinnar. Útgáfuveislunni var hins vegar frestað enda voru tilnefningar til bókmenntaverðlaunanna kunngjörðar í Listasafni Íslands í gærkvöldi. Útgáfuteitið verður því fimmtudaginn 4. desember á Boston. Og verður forvitnilegt að sjá hvort valdastéttin láti sjá sig á þeim ágæta bóhem-bar.

### Yrsa selur vel



Nýjasta glæpasaga **Yrsu Sigurðardóttur**, Horfðu á mig, hefur farið betur af stað en nokkur önnur saga hennar og er útgefandi hennar í skýjunum yfir árangrinum. Ekki stendur þó til að prenta annað upplag af bókinni strax, enda hljóðaði fyrsta upplagið upp á tíu þúsund eintök. Ævisaga Hjálmars Jónssonar, Hjartsláttur, hefur einnig notið vinsælda. Fyrsta upplag hennar er uppselt og er það næsta væntanlegt fyrir helgi.

### Meðlimir dómnefndar

Eins og kemur fram hér framar í blaðinu voru tilnefningar til hinna íslensku bókmenntaverðlauna kynntar í gær. Þrír sátu í tilnefningarnefnd fyrir flokk fræðirita og bækur almenns efnis og þrír í flokki fagurbókmennta. Í fyrrnefnda flokknum sat meðal annars Ólafur Stephensen, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, en formaður síðarnefnda flokksins var Felix Bergsson leikari. Árni Matthíasson, blaðamaður á Morgunblaðinu, átti einnig sæti í þeirri dómnefnd.



**- fgg/fb**

## Mest lesið VISIR.IS

1. Baugsmál í uppnám vegna tímaritsgreinar
2. Í fangelsi fyrir að stela tveimur nautalundum og kynlífseggi
3. Vill hækka útsvar í Reykjavík
4. Neyðarkall frá Fjölskylduhjálp Íslands
5. Allir búnir að skila nema Ólafur








**Hágæða heilsudýnur**
**sérhannaðar fyrir Svefn & heilsu**
Nýtt svæðaskipt pokagormakerfi gefur réttan stuðning og hámarks hvíld

| Stærð sm | SAGA Verð | SAGA Jólatilboð | ÞÓR Verð | ÞÓR Jólatilboð |
|---|---|---|---|---|
| 100x200 | 119.900 | **94.900** | 139.900 | **109.900** |
| 120x200 | 139.900 | **109.900** | 159.900 | **124.900** |
| 140x200 | 149.900 | **119.900** | 179.900 | **139.900** |
| 153x203 | 164.900 | **129.900** | 189.900 | **149.900** |
| 160x200 | 169.900 | **134.900** | 199.900 | **154.900** |
| 180x200 | 189.900 | **149.900** | 219.900 | **174.900** |
| 180x210 | 199.900 | **159.900** | 239.900 | **189.900** |

Frí heimsending á stór-Reykjavíkur svæðinu
á vörukaupum yfir 100.000 kr.

**Verð með fallegum og sterkum leðurlituðum íslenskum botnum og fótum**
Gerið gæða- og verðsamanburð

**20%**
**afsláttur**
**af sængurverasettum**



Jólagjöfin í ár



Svefnsófar
Íslensk framleiðsla

Vinsælasta jólagjöfin
**IQ-CARE**
**Heilsukoddar**



**20%**
**afsláttur**




Svefn & heilsa
★★★★★




**6 mán. vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is